

Fyrstu drög að landbúnaðarstefnu fyrir Ísland

Starfsemin gengur glimrandi vel

Draumurinn að byggja nýja verksmiðju sem breytir fiðri í próteinríkt dýrafóður

# Bændablaðið

9. tölublað 2021 • Miðvikudagur 12. maí • Blað nr. 586 • 27. árg. • Upplag 32.000 • Vefur: bbl.is



Anna Lóa Sverrisdóttir og Ronja Sif Björk með lambadrottningar í Reykhúsum við Kristnes í Eyjafjarðarsveit. Þess má til gamans geta að þær Anna og Ronja eru barnabörn Önnu Guðmundsdóttur og Páls Ingvarssonar, bónda í Reykhúsum. Anna Lóa (í rauða jakkanum) var nýfermd þegar myndin var tekin, en hún fermdist í Akureyrarkirkju síðastliðinn laugardag.

Mynd / Margrét Þóra Þórsdóttir

## Umhverfisráðuneytið: Landgræðslu- og landsáætlun

Drög að landgræðsluáætlun og landsáætlun í skógrækt eru nú til kynningar á vefsíðum Landgræðslunnar og Skógræktarinnar. Vinna við áætlunirnar tvær er í samræmi við lög um landgræðslu og lög um skóga og skógrækt.

Meginmarkmið landgræðsluáætlunar lúta að vernd og endurheimt vistkerfa, vernd kolefnisríks jarðvegs, samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda frá landi og bindingu kolefnis í jarðvegi og gróðri samhliða því að efla líffræðilega fjölbreytni. Jafnframt er fjallað um hvernig má auka þanþol og viðnámsþrótt vistkerfa og nýta land á sjálfbæran hátt, í takt við vistgetu þess.

Landsáætlun í skógrækt fjallar um málaflökkinn skógrækt, sem heyrir undir umhverfis- og auðlindaráðuneytið. Skógræktin er sú ríkisstofnun sem fæst við málaflökkinn. Heildstæð stefna á þeim forsendum sem hér gilda hefur ekki áður verið unnin. Lokaafurð er heildarstefna í skógrækt á Íslandi til næstu 10 ára.

Drögin eru kynnt í sex vikur ásamt umhverfismati. Óskað er eftir umsögnum um drögin og er umsagnarfrestur til og með 14. júní.

NH

# Kuldatíð setur mark sitt á sauðburðinn norðan heiða

— Engin skelfing en lítið sprettur í kuldunum, segir Sigurgeir Hreinsson, framkvæmdastjóri Búnaðarsambands Eyjafjarðar

Sauðburður er víðast hvar kominn í gang og gengur eftir atvikum vel, að því er Sigurgeir Hreinsson, framkvæmdastjóri Búnaðarsambands Eyjafjarðar, segir. Mikil kuldatíð hefur sett mark sitt á liðna daga norðan heiða og ekki útlit fyrir miklar breytingar þar á samkvæmt langtímaveðurspám.

„Þetta er óþægilegt og krefst meiri vinnu af bændum þegar tíðin er ekki sérlega heppileg til að setja út lambfé. Það sem þjargar hér um slóðir er að vindur er ekki mikill og lítil bleyta, en það er skítakuldi og engin beit. Það sprettur ekki neitt. Enn þá er þetta þó engin skelfing,“ segir Sigurgeir.

Övenjumikið verið að miðla heyi á milli bæja

Hann segir að kal hafi verið nokkuð

umfangsmikið hér og hvar í Eyjafirði í fyrravor og uppskera af þeim sökum verið fremur slök á þeim bæjum þar sem kal var mest. Vitað væri að einhverjir bændur væru orðnir tæpir en aðrir væru aflögufærir með hey.

„Það hefur verið óvenjumikið um það nú í vor að bændur eru að miðla heyi sín á milli,“ segir Sigurgeir.

Kuldaleg vor eru ekki ný af nálinni, upp á þau er boðið reglulega í tímans rás, „en þau hafa alltaf ákveðna erfiðleika í för með sér og eins veldur tíðarfar af þessu tagi meiri kostnaði fyrir bændur sem þurfa þá að gefa meira kjarnfóður, svo dæmi sé tekið,“ segir hann.

Vonast alltaf eftir snjólausum maí

„Maður vonast alltaf eftir snjólausum maí, en það er ekki á allt kosið,“ segir Bjarney Guðbjörnsdóttir, bóndi á Halldórsstöðum í Eyjafjarðarsveit.



Kindurnar á Halldórsstöðum í Eyjafjarðarsveit urðu að sætta sig við snjókomu og alhvíta jörð um síðustu helgi. Þær kvörtuðu þó ekki enda vel hugsað um að gefa þeim heytuggu þar sem litla beit var að hafa. Mynd / Bjarney Guðbjörnsdóttir

Þar er stórt sauðfjárbú, um 730 fullorðnar kindur og er sauðburður í fullum gangi. Fé er hleypt út jöfnum höndum svo ekki þrengist um of í húsunum.

Ábúendur á Halldórsstöðum hoppuðu ekki beint hæð sína í loft upp þegar þeir voru að drekka


miðdegiskaffið á sunnudaginn var, það var byrjað að snjóa.

„Það er auðvitað alveg bölvanlegt,“ segir Bjarney. Töluverður snjór var yfir öllu fremst í Eyjafirði en á mánudag var hitinn að þokast upp og líklegt að snjó tæki fljótlega upp.

Bjarney segir að snjórinn hafi náð lömbum upp að hnjám og þau minnstu verið vel á kafi þegar veðrið var hvað leiðinlegast, en þau gátu komist í gott skjól.

„Við vonum að þau þoli þetta, en það er alltaf leiðinlegt þegar snjóar í miðjum sauðburði,“ segir hún. /MPP





Við tryggjum hjá Sjóvá

*Magnus Þorláksson* *Rannsókn Björnsson*

## Það er mikilvægt að við séum vel tryggð í sveitum landsins

Við þekkjum þarfir bænda og tókum vel á móti þér í útibúum okkar og þjónustuskrifstofum um land allt.

Nánar á [sjova.is/utibu-og-umbod](https://sjova.is/utibu-og-umbod)



## FRÉTTIR

Fyrstu drög að landbúnaðarstefnu fyrir Ísland:

# Lykilþættir verða landnýting, loftslagsmál, umhverfisvernd, nýsköpun og tækni

– Tillögur settar fram um breyttar áherslur í styrkjakerfi landbúnaðarins

Kristján Þór Júlíusson landbúnaðarráðherra stóð fyrir kynningarfundi í morgun í beinu streymi úr atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu þar sem kynntar voru tillögur verkefnisstjórnar um landbúnaðarstefnu fyrir Ísland.

Tillögurnar voru kynntar sem umræðuskjal undir heitinu Ræktum Ísland. Björn Bjarnason, fyrrverandi ráðherra og þingmaður, og Hlédís H. Sveinsdóttir, ráðgjafi og verkefnastjóri, skipa verkefnisstjórnina og kynntu þau helstu lykilbreytur og helstu efnisflokka skýrslunnar, sem telur 80 síður. Meðal tillagna eru breyttar áherslur í styrkjakerfi landbúnaðarins, að áhersla verði lögð á stuðning við búsetu í sveitum annars vegar og hins vegar aukin áhersla á þátt jarðræktar og annarrar landnýtingar. Rökin fyrir breyttum áherslum eru að stuðningur sem tengdur er að mestu eða öllu leyti ákveðnum búgreinum og afurðum kunni að vinna gegn því að landbúnaður aðlagist breyttum aðstæðum.

Hugmyndin er að nýtt styrkja-fyrirkomulagi samanstandi af eftirtöldum styrkjaflokkum: býlisgreiðslur, jarðræktarstyrkir, landbóta- og umhverfisstyrkir, fjárfestingarstyrkir og framleiðslustyrkir.

Býlisgreiðslur eru hugsaðar til stuðnings hverju býli þar sem er fóst búseta og landbúnaðarstarfsemi skilar að lágmarki tilgreindum tekjum. Landbóta- og umhverfisstyrkir verða til stuðnings umsömdum verkefnum á þessum sviðum. Fjárfestingarstyrkir verða til stuðnings í framkvæmdum sem miði að aukinni hagræðingu og arðsemi í búrekstri. Framleiðslustyrkir eru framleiðsluhvati til að ná settum markmiðum um framleiðslumagn í búgreinum.

## Landnýting, umhverfismál, nýsköpun og tækni

Í kynningunni kom fram að lagt er upp með að þrjár lykilbreytur muni marka landbúnaðarstefnu fyrir Ísland til framtíðar; landnýting, loftslagsmál og umhverfisvernd auk nýsköpunar og tækni.

Meginþættir landbúnaðarstefnu framtíðarinnar eru samkvæmt tillögnum að treysta fæðuöryggi,



Kristján Þór Júlíusson landbúnaðarráðherra stóð fyrir kynningunni á drögum nýrrar landbúnaðarstefnu fyrir Ísland.

Myndir / Goll



Björn Bjarnason fór yfir grundvöll lykilbreyta sem muni marka landbúnaðarstefnu fyrir Ísland til framtíðar; landnýting, loftslagsmál og umhverfisvernd auk nýsköpunar og tækni.



Hlédís Sveinsdóttir fór yfir þá 19 efnisþætti sem eru í skýrslunni Ræktum Ísland. Þegar samráðsferlinu er lokið skilar verkefnastjórnin fullmótaðri landbúnaðarstefnu fyrir Ísland.

tryggja matvælaöryggi og sjálfbæra landnýtingu, auka verðmætasköpun og samkeppnishæfni á grundvelli

vísinda og nýjustu tækni – og stuðla að því að blómlegur landbúnaður þrífist um land allt.

„Í tillögum verkefnisstjórnar er hugað að umgjörð landbúnaðarins í heild og því ekki fjallað sérstaklega um einstakar búgreinar. Núverandi búvörusamningar gilda til ársins 2026 og er tilgangur skjalsins að vísa veginn við gerð slíkra samninga í framtíðinni,“ segir í tilkynningu úr ráðuneytinu.

### Hinar þrjár lykilbreytur

„Við gerð meginatriðanna var tekið mið af þremur lykilbreytum sem munu hafa mikil áhrif á þróun landbúnaðar á komandi árum:

**Landnýting** Sjálfbær nýting beiti- og ræktunarlanda er lykilatriði ef tryggja á framtíð landbúnaðar á Íslandi. Vatn og nytjaland til ræktunar eru meðal mestu verðmæta samtímans hvert sem lítið er í veröldinni. Mikilvægt er að sátt ríki um sjálfbæra landnýtingu.

**Loftslagsmál – umhverfisvernd** Samhliða sífellt minni losun gróðurhúsalofttegunda vegna athafna manna verður að minnka losun frá

landi og binda kolefni í vistkerfum. Á þetta ber að leggja megináherslu í landbúnaðarstefnu. Verkið verður ekki unnið án þátttöku bænda og án þess að hlutur þeirra sé metinn til fjár á einn hátt eða annan.

**Tækni – nýsköpun** Með nýtingu nýrrar tækni má gjörbreyta aðferðum á sviði landbúnaðar eins og annars staðar. Þá hefur tækni til að tryggja rekjanleika matvæla allt frá beitarlendi til borðstofu tekið stórstífum framförum,“ segir enn fremur í tilkynningunni.

### Frekara samtal með fundum og í Samráðsgátt

Með umræðuskjalinu er opnað á frekara samtal og samráð. Í byrjun júní mun Kristján Þór efna til tíu opinna funda (með fyrirvara um sóttvarnareglur) um allt land til að kynna skjalid og eiga samtal um það, ásamt verkefnisstjórn.

Auk þess hefur umræðuskjalid þegar verið birt á Samráðsgátt stjórvalda og verður hægt að veita umsögn þar til 26. maí. Þau sem vilja koma ábendingum á framfæri eru hvött til að gera það þar.

Þegar samráðsferlinu er lokið

mun verkefnisstjórnin skila ráðherra fullmótaðri landbúnaðarstefnu fyrir Ísland.

### Fundardagskráin er eftirfarandi:

- Vesturland 1. júní kl. 20.00. Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri.
- Ísafjörður 2. júní kl. 20.00. Hótel Ísafjörður.
- Blönduós 8. júní kl. 16.00. Félagsheimilið Blönduósi.
- Eyjafjörður 8. júní kl. 20.30. Hlíðarbær.
- Þórshöfn 9. júní kl. 12.00. Þórsver.
- Egilsstaðir 9. júní kl. 20.00. Valaskjálff.
- Höfn í Hornafirði 10. júní kl. 12.00. Nýheimar.
- Selfoss 14. júní kl. 20.00. Þingborg.
- Höfuðborgarsvæðið 15. júní kl. 20.00. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið.
- Opinn fjárfundur. Nánar auglýstur síðar.

Nálgast má Ræktum Ísland í gegnum Samráðsgátt stjórvalda, þar sem tillögurnar liggja til umsagnar. Bæði eru skrár á pdf-formi og svo er líka hljóðbókunútgáfa. /smh



ÚRVAL ÚTSÝN

ÚRVALSFÓLK 60+  
SKEMMTU ÞÉR  
MEÐ LÓLÓ  
Á TENERIFE



GIST Á LA SIESTA 4\*  
MED HÁLFU FÆÐI  
18. NÓV. - 02. DES.  
VERÐ FRÁ  
**224.500. KR.**  
Á MANN M.V. 2 FULLORÐNA

NÁNAR Í SÍMA 585 4000 EÐA Á UU.IS



Vélfang ehf. selur og þjónustar jafnt nýjar sem notaðar vélar og tæki fyrir landbúnað, verktaka, golfvelli og sveitarfélög ásamt varahluta- og viðgerðarþjónustu.

## FENDT



Fer fremstur

## CLAAS



Fjölskyldufyrirtæki í fararbroddi



Leiðandi afl í 190 ár

## Kverneland



Framtíðarsýn í landbúnaði

Framúrskarandi þjónusta við viðskiptavini

## Schäffer



Styrkur - afköst- skilvirkni



Nýsköpun - metnaður - framsækni

# Bændablaðið

– Mál gagn bænda og landsbyggðar –

Ritstjóri: Hörður Kristjánsson (ábm.) hk@bondi.is – Sími: 563 0339 – Rekstur og markaðsmál: Tjörvi Bjarnason tjorvi@bondi.is – Blaðamenn: Erla Hjördís Gunnarsdóttir ehg@bondi.is – Margrét Þóra Þórsdóttir mth@bondi.is – Sigurður Már Harðarson smh@bondi.is – Vilundur Hansen vilundur@bondi.is – Auglýsingastjóri: Guðrún Hulda Pálsdóttir ghp@bondi.is – Sími: 563 0303 – Netfang auglýsinga: augl@bondi.is – Vefur blaðsins: www.bbl.is – Netfang blaðsins: (fréttir og annað efni) er bbl@bondi.is

Frágangur fyrir prentun: Ágústa Kristín Bjarnadóttir – Prentun: Landsprent ehf. – Upplag: sjá forsiðu – Dreifing: Landsprent og Íslandspóstur. ISSN 1025-5621

## SKOÐUN

### Af rúllupylsuaðferðum

Íslensk stjórnvöld eru komin í dálítið undarlega stöðu vegna nær alsjálfráttar samþykktu á reglum sem hlaðið hefur verið einhliða og óumbeðið ofan á EES-samninginn. Eitthvað sem íslenska þjóðin hefur aldrei fengið að kjósa um.

Þjóðin fékk ekki heldur að kjósa um samninginn sem gerður var af þrem aðildarríkjum Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA), Íslandi, Noregi og Liechtenstein við 28 aðildarríki Evrópusambandsins 1993.

Margir lofa EES-samninginn sem tók gildi 1. janúar 1994 í hástert og segja gildi hans fyrir íslenskan efnahag ótvírætt. Vissulega breytti aðlögun Íslands að þessum samningi heilmiklu í okkar viðskiptum, en samt er útilokað að fullryða að án hans væri væri allt hér miklu verra. Einfaldlega vegna þess að Íslendingar og EFTA-þjóðirnar sem heild hefðu aldrei setið með hendur í skauti og sett öll sín viðskipti í núllstöðu.

EFTA-ríkið Sviss hefur t.d. aldrei verið hluti af EES-samningnum, en trúlega stendur engin Evrópuþjóð efnahagslega betur en Svisslendur í dag, nema borgrikin í Liechtenstein og Lúxemborg.

Tölur Alþjóðabankans (World Bank) sýna að verg landsframleiðsla (VLF) á mann 2019, eða fyrir COVID-19, var mest í Liechtenstein, eða 181.402 (US) dollarar á mann. Þar eru íbúar 38.896 og búa í 160 ferkílómetra (km<sup>2</sup>) landi sem er ekki aðildarríki ESB.

Lúxemborg var í öðru sæti með 114.685 dollarar. Þar eru íbúar 633.622 og búa á 2.586,4 km<sup>2</sup>. Síðan kom Sviss með 81.989, þá Írland með 78.779 dollarar, Noregur 75.420 dollarar og Ísland með 67.085 dollarar á mann. Bandaríkin koma svo fast á hæla Íslandi, 65.298 dollarar.

Þegar menn líta til Evrópusambandsins sjá margir beina aðild sem lokatakmarkið í innleiðingu á óumbeðið viðbótar regluverki EES-samningsins. Þá er Þýskaland yfirleitt talið límið sem heldur því saman.

Þjóðverjar eru vissulega til fyrirmyndar á mörgum sviðum. Þessi hornsteinn ESB er samt mikill eftirbátur Íslands þegar kemur að vergri landsframleiðslu á mann sem gjarnan er notað til að meta efnahagsstyrkleika þjóða. Þar var landsframleiðslan samkvæmt tölum Alþjóðabankans „aðeins“ 46.468 dollarar á árinu 2019. Eða nær þriðjungi lægri en á Íslandi og 35.521 dollurum lægri á mann en í Sviss sem stendur utan við bæði ESB og EES.

ESB-landið Danmörk er með talsvert minni verga landsframleiðslu á mann en Ísland, eða 60.213 dollarar. Svíþjóð er með 51.648 dollarar og Finnland með 48.771 dollarar.

Bretland, sem er nýgengið úr ESB, var 42.329 dollarar VLF á mann 2019. Fyrir utan fjölmennasta ESB-ríkið Þýskaland, þá er Frakkland næstfjölmennasta ríkið og ein af meginstöðum bandalagsins með 40.495 dollarar á mann. Þriðja stærsta aðildarríkið, Ítalía, var með 33.226 dollarar og fjórða stærsta ESB-ríkið, Spánn, var með 29.565 dollarar VLF á mann á árinu 2019.

Þegar litið er á þessar tölur mætti öllum vera ljóst að Ísland er efnahagslega betur stadd en öll ESB-löndin að undanskildu borgrikinu Lúxemborg og Írlandi. Því ætti mönnum líka að vera það ljóst að Ísland mun aldrei fá einhverja ölmusu úr sjóðum ESB. Það er hrein blekking að halda slíku fram. Nettó aðildargjöld hljóta því að verða mjög há fyrir Ísland.

Spurningin er bara hvort EES-samningurinn muni með rúllupylsuaðlögunaradferðinni, á endanum gera íbúa Liechtenstein, Noregs og Íslands sjálfkrafa að hæstu skattgreiðendum í heimi í sjóði ESB. Eitthvað sem aldrei hefur verið borið undir íbúa þessara þjóða. /HKr.

## Umræðuskjal um íslenska landbúnaðarstefnu

Gunnar Þorgeirsson

formaður Bændasamtaka Íslands  
gunnar@bondi.is



Landbúnaðarráðherra boðaði til streymisfundar í síðustu viku um umræðuskjal um landbúnaðarstefnu fyrir Ísland. Ég hvet bændur til að kynna sér þau áhersluatriði sem þar koma fram. Í skjalinu er að finna fjölmörg atriði sem gefa bændum tækifæri til að efla framleiðslu á afurðum tengdum landbúnaði. Einnig hefur ráðherra tilkynnt um fundaröð um landið til að kynna drögin og vil ég einnig hvetja bændur til að fjölmenna á þá fundi því á slíkum fundum skapast tækifæri til að koma sjónarmiðum og athugasemdum á framfæri.

Umræðuskjalið er komið inn á samráðsgátt Stjórnarráðsins og hvetjum við bændur til þess að skila inn athugasemdum en jafnframt munu samtökin taka saman athugasemdir um þau atriði sem þau verða áskynja um og sem betur megi fara. Það er löngu tímabært að sett verði fram stefna um landbúnað til lengri tíma. Ég vil fagna framkomnu umræðuskjali en auðvitað er margt þarna inni sem á eftir að útfæra, en nýtt tækifærin sem eru til staðar, því eins og fram kemur þá er íslenskur landbúnaður lykilstoð í okkar samfélagi.

### Starfsmenn

Ég vil hvetja atvinnurekendur í landbúnaði til þess að huga að starfsmönnum sínum á þessum fordæmalausum tímum. Það eru margir starfsmenn af erlendu bergi brotnir sem starfa í landbúnaði og því er mikilvægt að vinnuveitendur tryggji að starfsmenn skrái sig á heilsugæslustöð svo heilbrigðisvörðugleikur komi skilaboðum til þeirra um mætingu í bólusetningu. Það er okkur öllum mikilvægt að ná til allra í bólusetningarferlinu og atvinnurekendur sinni skyldu sinni um að upplýsa sína starfsmenn um fyrirkomulagið hér á Íslandi. Allar upplýsingar



um bólusetningar og málefni því tengt er að finna á covid.is og þar má einnig finna leiðbeiningarnar á fjölmörgum tungumálum.

### Búnaðarþing

Fyrirhugað er aukabúnaðarþing þann 10. júní næstkomandi þar sem stefnt verður að samþykkt á nýjum samþykktum Bændasamtakanna á grundvelli samþykktar Búnaðarþings frá 23. mars síðastliðnum. Búnaðarþingið verður haldið á fjárfundarformi og einungis eitt mál á dagskrá, sem er staðfesting á nýjum samþykktum ásamt samþykktum um uppstillingarnefnd og kosningu tveggja fulltrúa til viðbótar inn í stjórn Bændasamtakanna. Einnig verða fyrstu drög að stefnumörkun fyrir Bændasamtökin kynnt.

Fjölmörg aðildarfélög hafa þegar haldið sína aðalfundi og samþykkt nýtt fyrirkomulag. Það er von mín að frá og með 1. júlí næstkomandi munum við starfa eftir nýjum samþykktum og fyrirkomulagi.

Mikill undirbúningur hefur farið fram hér á skrifstofu samtakanna um að innleiða nýtt skipurit og verður það áskorun að takast á við það og ná fram þeim slagkrafti sem felst í nýju fyrirkomulagi bændum til heilla.

### Merking matvæla

Hafinn er undirbúningur að búvörumerki fyrir íslenskar landbúnaðarafurðir. Það er unnið á grundvelli sambærilegra merkja sem er við lýði í Skandinavíu. Nauðsynlegt er að undirbúningur að innleiðingunni verði í góðu samtali við framleiðendur og afurðastöðvar í greininni svo og verslunina og neytendur. Nauðsynlegt er að merkið standi undir merki um íslenskar afurðir og verði öllum til gagns bóta til að upplýsa um afurðir sem framleiddar eru hér og unnar hvort sem er í verslunum, veitingastöðum og mótuneytum. Þetta er eitt af mikilvægustu atriðum er lýtur að markaðssetningu á afurðum sem framleiddar eru með hreinu vatni í heilnæmu umhverfi og án skylalýfja.



ÍSLAND ER LAND PITT



Hofsós er þorp á Höfðaströnd við austanverðan Skagafjörð, báðum megin við ósa Hofsár. Þar er Vesturfarasetrið, safn og rannsóknarsetur tengt vesturferðum Íslendinga 1870-1914. Það er í gömlu timburhúsi þar sem Kaupfélag Austur-Skagfirðinga var áður til húsa, og í nýbyggingu sem reist var í sama stíl. Þar er ágætt skipalægi frá náttúrunnar hendi, einkum í norðaustanátt, og betra en annars staðar við Skagafjörð. Talið er að verslun hafi hafist á staðnum á 16. öld, og er Hofsós því einn elsti verslunarstaður landsins. Þangað sóttu Skagfirðingar nær alla sína verslun þar til byggð hófst á Sauðárkróki upp úr 1870. Föst búseta hófst á Hofsósi á 19. öld og flestir urðu íbúar þorpsins um 300 um miðja 20. öld. Aðalatvinnuvegurinn var lengst af fiskeiðar og vinnsla sjávaraflla og þjónusta við sveitirnar í kring en á síðustu árum hefur ferðamannaþjónusta skipað æ stærri sess. Á Hofsósi er að finna eitt elsta bjálkahús landsins, Pakkhúsið, vörugymslu frá tíma einokunarverslunarinnar. Það var reist árið 1772. Í Pakkhúsinu er nú Drangeyjarsafn, helgað Drangey og nýtingu hennar fyrr og nú.

Mynd / Hörður Kristjánsson



Nemendurnir sem útskrifuðust frá Lyðskólanum á Flateyri laugardaginn 1. maí síðastliðinn.

Mynd / Aðsend

# Útskrift og skólastjóranskipti við Lyðskólann á Flateyri

Útskrift Lyðskólans á Flateyri fór fram laugardaginn 1. maí í þriðja sinn frá stofnun skólans. Vegna samkomutakmarkana var athöfninni streymt á Facebook-síðu skólans.

Alls útskrifuðust 32 nemendur frá skólanum að þessu sinni, 17 af námsbrautinni Hafíð, fjöllin og þú og 15 af námsbrautinni Hugur, heimurinn og þú.

Lilja Dögg Alfreðsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra ávarpaði nemendur um

fjarfundabúnað og óskaði þeim til hamingju með daginn. Hún sagði Lyðskólann efla nemendur sína sem einstaklinga en einnig bæði samfélagið í kring og landið allt.

Við athöfnina tilkynnti núverandi skólastjóri, Ingibjörg Guðmundsdóttir, að hún hyggðist láta af störfum sem skólastjóri í sumar. Runólfur Ágústsson, formaður stjórnar, þakkaði Ingibjörgu góð og mikilvæg störf á erfiðum tímum snjóflóða og heimsfaraldurs.

Nýr skólastjóri verður Katrín María

Gísladóttir. Katrín María er Flateyringur. Hún er með BA í sálfræði frá Háskólanum á Akureyri og meistaraþráðu í forystu og stjórnun frá Háskólanum á Bifröst. Katrín María er nú aðstoðarskólastjóri Lyðskólans á Flateyri en var áður verkefnastjóri tungumálakennslu flóttabarna hjá Ísafjarðarbæ og kennari við Grunnskólann á Flateyri. Hún hefur einnig frá árinu 2019 átt sæti í stjórn Lyðskólans og þekkir því starf skólans afar vel. Þetta kemur m.a. fram í tilkynningu frá skólanum. /MHH

Líflegt hjá krökkunum í Frístundaklúbbsi Grímsnes- og Grafningshrepps:

## Heimsóttu kirkju, bílaverkstæði og tóku á móti sprengjudeildarmönnum Landhelgisgæslu

Frístundaklúbbur Grímsnes- og Grafningshrepps, sem eru nemendur á miðstigi Kerhólsskóla fór nýlega í tvær áhugaverðar heimsóknir á Stóru-Borg.

Fyrst heimsóttu krakkarnir kirkjuna á staðnum þar sem Hörður Óli Guðmundsson, formaður sóknarnefndar, tók á móti hópnum og sagði frá sögu og starfsemi kirkjunnar. Eftir það var bílaverkstæði feðganna Þrastar Sigurjónssonar og Sigurjóns Þrastarsonar heimsótt, en þeir eru með alhlíða bílaviðgerðir fyrir sveitunga sína og aðra, sem þurfa á slíkri þjónustu að halda. Báðar heimsóknirnar tókust stórvel.

Þá má geta þess að klúbburinn fékk líka skemmtilega heimsókn 5. maí en þá komu tveir starfsmenn sprengjudeildar Landhelgisgæslunnar og kynntu starfsemi deildarinnar og sýndu hluta af þeim búnaði sem deildin vinnur með. Heimsóknin var stórskemmtileg og spurðu krakkarnir margra spurninga. /MHH



Krakkarnir í Frístundaklúbbnum með Herði Óla á stéttinni við kirkjuna á Stóru-Borg.

Myndir / Magnús Hlynur Hreiðarsson



Feðgarnir Þrastar og Sigurjón, sem eru með bílaverkstæði á Stóru-Borg.



Þeir Andri Rafn Helgason (t.v.) og Sigurður Ásgrímsson, yfirmaður sprengjudeildarinnar, komu í heimsóknina á Borg, sem fór fram á útivistarsvæðinu við Kerhólsskóla.

## MÆLT AF MUNNI FRAM

273

Það vakti athygli kunnugra í Eyjafirði frétt í Bændablaðinu af hjónunum í Villingadal, þeim Guðrúnu Jónsdóttur og Arna Sigurlaugssyni þar sem þau veita viðtöku viðurkenningu Búnaðarsambands Eyjafjarðar fyrir afburða árangur í sauðfjárrækt. Viðurkenningarskjalið er mynd af stórhyrndum hrúti, en þau hjón hafa lagt sérstaka rækt við kollótt fé, og heldur þótt ami að hyrndu fé. Sveinn bóndi Sigmundsson á Vatnsenda, sem fitlar með ágætum við vísnaverð, vék vísu að þættinum af tilefni verðlauna þeirra hjóna í Villingadal:

Myndin vekur sorg og sít,  
þau sanna fjárrækt kunna.  
„Hvað gerum við með hyrndan hrút?“  
-hugsa Arni og Gunna.

Árangur í sauðfjárrækt tengist svo umtalsvert vorkomunni. Þá sjást ljóslifandi afurðir sæðinga og kynbóta. Þórarinn Már Baldursson orti af listfengi næstu vísur um vorkomuna:

Loks er snjóa leysa fer,  
linnir Góu taki,  
ekki flóafriður er  
fyrir lóukvaki.

Litlir fætur fara á ról,  
fölgrent strá er étið.  
Bróltir út á bæjarhól  
blessað súpuketið.

Bragi Björnsson bóndi á Surtsstöðum orti á köldu vori:

Skyndilega skipti um svið,  
skráðist nýrri saga:  
Lífið virtist vonlaus bið  
vors og hlýrri daga.

Verða að lifa ýmiss án,  
allvel þó svo vegni,  
þeir sem eiga allt sitt lán  
undir sól og regni.

Vorið gengur von í hag,  
varman lengir daginn.  
Á þýða strengi ljúflingslag  
leikur engi og haginn.

Á vorinu 1967 kvað Bjarni frá Gröf:

Skattana mína ég skulda,  
skepnurnar drap ég úr hor.  
Blærinn er blár af kulda,  
við blessum þig, íslenska vor.

Haraldur Zophoníasson á þessa einstöku lýsingu á vorkomunni:

Aftur litar vorið veginn,  
vefur hita brá og kinn,  
vetrarlitum verður feginn  
veðurbitinn hugur minn.

En víkjum nú frá vori og vísnum tengdum því. Enn í dag þykir mörgum furðuleg sú gjörð þegar hinu staðarlega nafni á bænum Tumsu í Aðaldal var breytt í Norðurhlíð. Það þótti mörgum undarleg tilskipan, enda orti þar um Konráð Erlendsson:

Nú er komin nýrri tíð,  
nú er engin Tumsa,  
nú er komið að Norðurhlíð,  
nú er ég alveg klumsa.

Frjðjón Ólafsson orti um Edda vesalinginn sem enga eirð fann fyrir kvenseminni:

Ástin brennir unga menn,  
oft slær henni niður,  
einn mun kenna á því senn,  
okkar rennismiður.

Eddi, þessi angurgapi  
oft á „Skjóna“ mikinn fer,  
reglulega röskur knapi  
ríður „onaf“ fyrir sér.

Umsjón:  
Árni Geirhjórtur Jónsson  
kotabyggð1@gmail.com



## AF VETTVANGI BÆNDASAMTAKANNA



Vigdís Häsler, framkvæmdastjóri BÍ, og Gunnar Þorgeirsson, formaður samtakanna, ásamt Karli Steinari Valssyni og Silju Ingólfssdóttur hjá almannavarnardeild ríkislögreglustjóra sem komu í heimsókn í Bændahöllina.

# Vörn á vinnustað

Bólusetningar geta komið í veg fyrir að vinnustaðir lamist vegna COVID-19 smita. Hægt er að draga verulega úr áhættunni sem fylgir COVID-19 ef stórhliuti starfsfólks er bólusetttur.

Bólusetningar ganga vel og opnir bólusetningadagar eru vikulega fyrir ákveðna aldurshópa hjá heilsugæslunni. Mikilvægt er að allir fái þær upplýsingar ásamt hvatningu til að mæta. Ferlið sjálft tekur aðeins um 30 mínútur og þá er biðlað til atvinnurekenda að sýna sveigjanleika svo að starfsfólk geti mætt í bólusetningu.

### Boð með sms

Boð í bólusetningu kemur með sms-i í símann ef fólk er skráð á heilsugæslu. Ef fólk er ekki skráð með símanúmer hjá heilsugæslu þá þarf það að fylgjast með tilkynningum um opna bólusetningadaga fyrir sinn aldurshóp. Þá dugar að mæta með skilríki og kennitölu til að fá bólusetningu. Allir sem búa og starfa á Íslandi eiga rétt á bólusetningu, sér að kostnaðarlausu.

### Vottorð veitir ákveðna undanþágu

Bólusettingar einstaklinga með vottorð um fulla bólusetningu eru undanþegnar tvöfaldri skimun með 5-6 daga sóttkví á milli við komuna til Íslands. Því er töluverður ávinningur fyrir bæði starfsfólk og vinnustaði að sem flestir séu bólusetttir. Vinnutap og smíðaða vegna ferðalaga erlendis er í lágmarki svo lengi sem fólk er bólusettt gegn COVID-19.

Bólusetting fólk sem hefur verið útsett fyrir smiti getur fengið mótefnaþjálfningu og ef mótefni er til staðar þá þarf það ekki að fara í sóttkví (nema dvalið sé á heimili með öðrum sem eru í sóttkví eða einangrun). Mikilvægt er þó að

vera vakandi fyrir einkennum og forðast að vera í kringum viðkvæma hópa. Persónulegar sóttvarnir draga verulega úr fjarveru vegna sóttkvíar og veikinda af völdum COVID-19.

Vinnustaðir um land allt hafa lent í töluverðum erfiðleikum þetta rúma ár sem faraldurinn hefur geislað, sér í lagi þegar upp kemur smit innan vinnustaðar og starfsmenn lenda í sóttkví eða þaðan af verri: veikjast af COVID-19 í lengri tíma með tilheyrandi einangrun. Vinnusamir einstaklingar með einkenni hafa mætt til vinnu í stað þess að halda sig til hlés og fara í sýnatöku. Þegar smit hafa síðan uppgötvast hafa margir smitast til viðbótar með töluverðum áhrifum á starfsemi.

Það er því hagur allra, starfsfólks, vinnustaða og samfélagsins í heild, að sem flestir þiggi bólusetningu og fái hvatningu og svigrúm til að mæta á tilsettum tímum í bólusetningu.

Efni á fjölmörgum tungumálum til útrentunar er að finna á covid.is undir Kynningarefni.

### Aðstoð við erlenda starfsmenn mikilvæg

„Það er ánægjulegt að fá út þessar leiðbeiningar og það er mikilvægt að atvinnurekendur aðstoði sína starfsmenn sem koma erlendis frá, til skemmr og lengri tíma, að skrá sig á heilsugæslu í sínu sveitarfélagi. Það er einnig mikilvægt að við sem erum með starfsfólk af erlendu bergi í landbúnaði hvetjum þá til að fara í bólusetningu og kynna þeim fyrir því fræðsluefni sem til er á mörgum tungumálum inni á covid.is-síðunni. Það er ávinningur fyrir alla að þessir hlutir séu í lagi og lykkillinn hér liggur hjá vinnuveitandanum,“ segir Gunnar Þorgeirsson, formaður Bændasamtaka Íslands.

## FRÉTTIR



Tilraunaræktun ORF Líftækni í Kanada.

Myndir / ORF Líftækni

ORF Líftækni veitt leyfi til útiræktunar á erfðabreyttu byggi í Gunnarsholti:

# Framleiða á frumuvaka og önnur prótein fyrir frumuræktað kjöt

Umhverfisstofnun hefur samþykkt umsókn ORF Líftækni hf. um leyfi fyrir útiræktun á erfðabreyttum byggplöntum í landi Landgræðslunnar í Gunnarsholti, Rangárfingi ytra. Ætlunin er samkvæmt umsókninni að gera fleiri slíkar tilraunir á stærri skala, ef þessi skilar góðum niðurstöðum. Markmiðið er að framleiða frumuvaka og önnur prótein með sameindaræktun sem eru mikilvæg fyrir frumuræktað kjöt.

Ætlar ORF Líftækni að bera saman ræktun yrkja á Íslandi við sambærilega ræktun fyrirtækisins í Kanada. Ræktunin er í samstarfi við Landgræðsluna og gerður er afnotasamningur milli rekstraraðila og Landgræðslunnar sem og samningur við Landbúnaðarháskóla Íslands (LbhÍ) um afnot af tækjum ásamt nauðsynlegri þjónustu. Starfsmenn LbhÍ munu sjá um sáningu, uppskeru og hreinsun tækja.

### 5 hektara land árið 2025

Umhverfisstofnun hefur þrisvar áður veitt ORF Líftækni leyfi til útiræktunar á erfðabreyttu byggi, að fengnum jákvæðum umsögnum lögbundinna umsagnaraðila. Leyfin voru veitt á árunum 2003–2009. Árangur ræktunarinnar var misjafn vegna veðráttu. Árið 2009 var veitt leyfi á svæði sem er allt að 10 hektarar að stærð.

Á þessu ári er áætlað að ræktunarsvæðið verði 2 hektarar en aukið jafnt og þétt til 2025, en þá er gert ráð fyrir að stærð þess verði komið í 5 hektara.

Sex umsagnir bárust um útdrátt umsóknarinnar frá níu aðilum. Að auki bárust umsagnir frá Náttúrufræðistofnun Íslands og ráðgjafarnefnd um erfðabreyttar lífverur, að ósk Umhverfisstofnunar, sem liggja til grundvallar afstöðu Umhverfisstofnunar um að ekki séu líkur á neikvæðum umhverfisáhrifum ræktunarinnar – auk fyrri reynslu af útiræktun í Gunnarsholti.

### Ræktunin samræmist gildandi lögum og reglugerðum

Í fjórum umsögnum er bent á að slík ræktun gæti haft skadleg áhrif á ímynd Íslands sem matvælaframleiðslulands, sem nú er án útiræktunar á erfðabreyttum plöntum. Í greinargerð Umhverfisstofnunar fyrir leyfinu er brugðist við þessum atriðum með þeim hætti að það sé löggjafans að taka afstöðu til þeirra, sem séu almenns eðlis hvað varðar notkun á erfðatækni. Það hafi þegar



Gróðurhús ORF Líftækni rétt hjá Grindavík á Reykjanesi.

verið gert með gildandi lögum. Heimilt sé samkvæmt lögum að veita leyfi sem þetta að öllum skilyrðum uppfylltum. „Stofnunin minnir á að leyfi hafa verið veitt fyrir ræktun erfðabreytts byggs á sama svæði áður og íslensk stjórnvöld hafa ekki tekið þá afstöðu að banna skuli ræktun á erfðabreyttum plöntum utandyra. Ræktunin, með þeim skilyrðum sem kveðið er á um í leyfinu, samræmist gildandi lögum og reglugerðum.

Ekki hafa að mati stofnunarinnar komið fram í umsögnum eða á kynningarfundi sértæk siðferðisleg sjónarmið sem varða framkomna umsókn og leyfisveitingu útiræktunar á erfðabreyttum byggjarkjóm ORF Líftækni hf. í tilraunareit í Gunnarsholti,“ segir í greinargerðinni.

### Aðgerðir fullnægjandi

Umhverfisstofnun telur að hverfandi líkur séu fyrir hendi á útbreiðslu hins erfðabreytta byggs út fyrir

tilraunareit og á mögulegri víxlfrjóvgun erfðabreytta byggsins við annað bygg eða plöntur í nágrenni ræktunarinnar.

Stofnunin telur einnig hverfandi líkur á að vaxtaþættir (próteinin) geti valdið neikvæðum áhrifum á lífríki á ræktunarstað eða nágrenni hans.

Aðgerðir til að tryggja afmörkun ræktunarreitsins eru fullnægjandi að mati Umhverfisstofnunar, með þeim skilyrðum sem stofnunin setur í leyfið.

Leyfið er gefið út í samræmi við ákvæði laga um erfðabreyttar lífverur, reglugerðar um sleppingu og dreifingu eða markaðssetningu erfðabreyttra lífvera. Leyfið hefur þegar tekið gildi og gildir til 1. nóvember 2027, en síðasta tímabil ræktunar og uppskeru erfðabreytts byggs er árið 2025. Eftirlit með svæðinu verður tvö næstu ár þar á eftir þegar svæðið skal hvílt.

/smh

# ÖNNUMST ALLAR ALMENNAR VINNUVÉLAVIDGERÐIR



Vönduð og góð þjónusta

**VHE**

VHE • Melabraut 27 • Hafnarfjörður • Hraun 5 Reyðarfirði  
Sími 575 9700 • Fax 575 9701 • www.vhe.is • sala@vhe.is



## Land óskast

# Vilt þú selja lóð eða jarðarskika?

Óskum eftir að kaupa land á bilinu 1-10 hektarar sem er að hámarki í um 100 km fjarlægð frá höfuðstaðnum. Við erum opin og sveigjanleg og erum að skoða nokkra kosti.

### Meðal þess sem kemur til greina er:

- Hluti úr jörð, landspilda, gömul íbúðar- eða útihús með afmörkuðu landi í kring.
- Kaup á lóð fyrir íbúðarhús og leiga á útihúsum eða samvinna við starfandi bændur.
- Land í nálægð við höfuðborgina, t.d. í Mosfellsdal, á Hafravatnssvæðinu, við Nesjavallaleið eða Hólmsheiði.

Við hyggjumst byggja heilsárshús og hesthús með tíð og tíma en fyrst um sinn stunda skógrækt. Landið þarf ekki að vera skipulagt en kostur að vegasamband sé fyrir hendi og vatn og rafmagn ekki órafjarri.

Hringið í síma 862-3412 eða sendið línu í netfangið [tjorvi@mosar.is](mailto:tjorvi@mosar.is)

### Tjörvi & Heiðrún



# VANTAR ÞIG HEYRNARTÆKI?

Nýju **MORE** heyrnartækin eru þjálfuð til að þekkja hljóð. Innbyggt djúptauganet skilar einstaklega nákvæmri hljóðvinnslu og skýrum hljómgæðum.

Í maí bjóðum við upp á heyrnarmælingar og ráðgjöf á:

**Akureyri, Egilsstöðum, Húsavík, Neskaupsstað, Sauðárkrók og í Vestmannaeyjum.**



Tímabókanir í síma **568 6880**



Glæsibæ | Reykjavík | Landsbyggðáþjónusta | [Heyrnartaekni.is](http://Heyrnartaekni.is) | 568 6880



# Ræktunarspildur til leigu á ríkisjörðinni Brúar í Þingeyjarsveit



Ríkiseignir auglýsa eftir umsóknum um leigu á þremur ræktunarspildum á ríkisjörðinni Brúar, landnúmer 153843, í Þingeyjarsveit.

**Ræktunarspilda 1**, er um **18,7 hektarar** að stærð, en ræktanlegt land talið vera um 14,0 ha.

**Ræktunarspilda 2**, er um **8,3 hektarar** að stærð, en ræktanlegt land talið vera um 8,0 ha.

**Ræktunarspilda 3**, er um **11,5 hektarar** að stærð, en ræktanlegt land talið vera um 11,0 ha.

Áhersla er lögð á að spildurnar verði nýttar til hagsbóta fyrir byggð á svæðinu, s.s. að hún styrki búsetu, landbúnaðarframleiðslu og atvinnustarfsemi sem fyrir er, eða stuðli að nýsköpun.

**Umsóknarfrestur er til og með 27. maí. n.k.** og nálgast má umsóknareyðublað og frekari upplýsingar um spildurnar og fyrirkomulag úthlutunar á heimasíðu Ríkiseigna: [www.rikiseignir.is](http://www.rikiseignir.is).

Fyrirspurnir skulu berast til Ríkiseigna á netfangið: [rikiseignir@rikiseignir.is](mailto:rikiseignir@rikiseignir.is) eða í síma **520-5600**.

Borgartúni 5a | Sími 520 5600 | [rikiseignir@rikiseignir.is](mailto:rikiseignir@rikiseignir.is) | [www.rikiseignir.is](http://www.rikiseignir.is)



Borgarholtsskóli

# NÁM MEÐ STARFI Dreifnám fyrir fullorðna

## Borgarholtsskóli býður upp á nám fyrir:

- Félagliða
- Félags- og tómstundaliða
- Leikskólaliða
- Stuðningsfulltrúa í skólum
- Viðbótarnám Leikskólaliða

Umsóknarfrestur er til 10. júní 2021

Sótt er um á: [www.bhs.is/namid/brautir/dreifnam/umsokn](http://www.bhs.is/namid/brautir/dreifnam/umsokn)

Nánari upplýsingar á: [www.bhs.is/namid/brautir/dreifnam/](http://www.bhs.is/namid/brautir/dreifnam/)

Ef þig vantar frekari upplýsingar sendu þá póst á: [dreifnam@bhs.is](mailto:dreifnam@bhs.is)

Námið fer fram í gegnum netið og í staðlotum – kjörið fyrir þá sem eru í starfi og vilja ná sér í starfsréttindi. Sláðu til og skráðu þig, þú sérð ekki eftir því.

Fylgstu með okkur

Borgarholtsskóli

Borgarholtsskóli

[borgo.is](http://borgo.is)

## FRÉTTIR



Fallega kvigan í fjósinu í Syðri-Gróf 2 með mómmu sinni. Kvigan heitir Ungfrú og mamman Mjallhvít. Mynd / Elísabet Thorsteinsson

## Rauðgrönótt kvíga fæddist á Syðri-Gróf 2 í Flóahreppi

Nýlega kom í bæinn mjög falleg hvít kvíga á bænum Syðri-Gróf 2 í Flóahreppi þar sem Elísabet Thorsteinsson og Axel Páll Einarsson eru bændur. Þau eiga börnin Lilju Maríu (9 ára) og Pál Axel (6 ára) og eiga svo von á öðrum strák í maí.

Á bænum eru 28 árskýr, 110 ær og 17 hross. Kvígan, sem hefur fengið nafnið Ungfrú, er undan Mjallhvít 0684 og Kláus 14031.

„Við höldum mikið upp á þennan lit og hafa alltaf verið grönóttar kúr í fjósinu. Ungfrú er rauðgrönótt en áberandi mikið hvít eins og móðir sín. Okkur þykir gaman að geta viðhaldið þessum fallega lit í kúastofninum. Árið 2015 fór naut á nautastöðina frá okkur sem var svartgrönótt sem vakti mikla lukku litaglaðra bænda. Hann hét Grani. Það sem einkennir þessar kúr er að þær eru mjög skapgóðar.“ segir Elísabet. /MHH

## Mýrdalshreppur:

### Hundaföngunargjaldi komið á

Sveitarstjórn Mýrdalshrepps hefur samþykkt að bæta inn í gjaldskrá um hundahald sérstöku hundaföngunargjaldi.

Þetta er gert til að spyrna við lausagöngu hunda í sveitarfélaginu. Fram kemur að „Kostnaður vegna handsömunar hunda sem teknir eru

lausir skal greiddur af hlutaðeigandi leyfishafa eða umráðamanni hunds sé um leyfislausu hunda að ræða. Sá kostnaður greiðist með handsömunargjaldi sem er eftirfarandi: Í fyrsta sinn, 12.000 krónur, í annað sinn, 17.000 krónur og í þriðja sinn og oftast, 25.000 krónur. /MHH

## Aðalfundur Beint frá býli:

# Nýr formaður hvetur bændur að kynna sér hvað félagið geti gert fyrir þá

Beint frá býli (BFB) – Félag heimavinnsluáðila – hélt aðalfund sinn fyrir starfsárið 2020 þann 11. apríl, með fjarfundarfyrrkomulagi. Ný stjórn tók við félaginu eftir framhaldsaðalfund fyrir árið 2019 sem haldinn var í janúar síðastliðnum. Hanna S. Kjartansdóttir á Leirulæk er formaður, en hún selur nautakjöt beint frá býli undir merkjum Mýranauts.

Með Hönnu í stjórn eru þau Arnheiður Hjörleifsdóttir, Bjarteyjarsandi, varaformaður, Guðmundur Jón Guðmundsson, Holtsseli, er gjaldkeri, Jóhanna Sjöfn Guðmundsdóttir, Grímsstöðum, er ritari og Jóhanna B. Þorvaldsdóttir, Háafelli, er meðstjórnandi.

BFB var stofnað árið 2008 og hefur verið aðildarfélag að Bændasamtökum Íslands frá 2018 þegar það sótti um aðild á Búnaðarþingi. Félagar í Beint frá býli eru að sögn Hönnu á bilinu 60 til 70 í dag.

### Félagskerfi bænda ekki til umfjöllunar

Stefnt er að sameiningu búgreinafélaganna og Bændasamtaka Íslands um mitt sumar. Í skipuriti fyrir nýtt félagskerfi Bændasamtaka Íslands er gert ráð fyrir að þau aðildarfélag sem gangi þvert á búgreinar, BFB, Samtök ungra bænda og VOR – framleiðendur í lífrænum búskap, verði með skilgreind hlutverk sem aðildarfélag og kjósi sér hvert sinn Búnaðarþingsfulltrúa. Að sögn Hönnu var ekki fjallað um fyrirhugaða breytingu á félagskerfi bænda á aðalfundinum. Hún segir að ný stjórn vilji kynna sér málin betur áður en þau verði lögð fyrir félagsmenn.

### Kynning Á REKO

Að sögn Hönnu voru tvö fróðleg erindi flutt á fundinum. „Annars vegar var um að ræða kynningu frá Arnheiði Hjörleifsdóttur á starfsemi Reko. Reko er ört stækkandi söluvettvangur beint frá býli bænda, og góð viðbót þar sem framleiðendur koma sínum vörum millilíðalaust til neytenda. Reko viðburðir hafa verið haldnir í flestum landslutum og hafa félagsmenn Beint frá býli verið reglulegir þátttakendur á þeim



Hanna S. Kjartansdóttir, formaður Beint frá býli. Mynd / Aðsend

og lýsa allir ánægju sinni með það söluumhverfi sem Reko hefur skapað hér á landi.

Hins vegar talaði Mattías Sævar Lýðsson á Húsavík á Ströndum fyrir hönd aðgerðahóps bænda um heimaslátrun og sagði frá niðurstöðum sem fengust úr verkefni um heimaslátrun í haust. Frumvarp sem heimilar heimaslátrun er í vinnslu og hefur landbúnaðarráðherra lýst yfir stuðningi sínum við verkefnið. Ef heimaslátrun verður leyfð er ljóst að það verður mikil bylting fyrir þá bændur sem hafa aðstöðu til þess heima við, og sjá fram á að geta fært neytendum sínum enn betri vöru en hingað til.“

### Vefurinn gerður aðgengilegri og skilvirkari

Hanna segir að nýlega hafi vefur félagsins verið uppfærður. Nú séu komnir nýir leitarmöguleikar með gagnvirkum landakorti sem gerir neytendum auðveldara að rata til bænda. „Þá hafa möguleikarnir til að finna ákveðnar vörur verið stórbættir, nú er til dæmis hægt að leita að hryggjum, lærisneidum, mjólkurvörum eða rabarbara, ekki þarf að senda fyrirspurn á alla sem selja vörflokkinn eins og var, heldur velur notandinn bara þá vöru sem hann vill versla og þeir sem selja hana fá fyrirspurnina. En til að þetta virki eins og það á að gera þurfa



Hamburgari beint frá Mýranauti.

bændurnir að vera duglegir að tengja þær vörur sem þeir bjóða upp á við bæinn sinn.

Félagið fékk Beint ehf. til að taka upp efni og gera kynningarmyndband um fjölbreytta starfsemi BFB, sem þegar er komið í dreifingu við góðar undirtektir. Félagið á efni í fleiri myndbönd sem er verið að leggja lokahönd á og fara þau vonandi í dreifingu í sumar.“

### Markmiðið að tryggja neytendum gæðavörur

Hanna segist vilja nota tækifærið og minna á gildi Beint frá býli eins og þau birtast í annari grein samþykktar: „Tilgangur félagsins er að hvetja til heimavinnslu og sölu, einnig vinna að hagsmunum þeirra bænda sem stunda eða hyggjast stunda hvers konar framleiðslu og sölu á heimaunnum afurðum. Meginmarkmið félagsins er að tryggja neytendum gæðavörur þar sem öryggi og rektanleiki vöru er í fyrirrúmi. Félagið skal einnig hvetja til varðveislu hefðbundinna framleiðsluáferða og kynningar á svæðisbundnum hráefnum og hefðum í matargerð öllum neytendum til heilla og hagsbóta.“

Hún hvetur neytendur til að kynna sér það vöruúrval sem Beint frá býli bændur hafa upp á að bjóða og hvað frumframleiðendur geta gert fyrir neytendur til að fullnægja þeim kröfum sem þeir hafa til vörunnar. „Með auknum innflutningi á ferskum afurðum hefur aldrei verið mikilvægara að bændur og neytendur standi saman svo hægt sé að standa vörð um þá hreinu afurð sem framleidd er hér á landi.

Enn er pláss fyrir fleiri félagum og hvetur Beint frá býli áhugasama um að kynna sér hvað félagið geti gert fyrir þig,“ segir Hanna S. Kjartansdóttir á Leirulæk. /smh

## Íslenskir kúabændur standa sig vel:

# Alls hlutu 59 bændur verðlaun fyrir framleiðslu á úrvalsmjólk

Alls hlutu 59 bændur um land allt verðlaun fyrir úrvalsmjólk. Verðlaun fá þeir innleggjendur sem lögðu inn mjólk í 1. flokki A í öllum mánuðum ársins.

Reglur um verðlaun fyrir mjólk í 1. flokki A eru þær að hámark frumutölu í mánuðinum sé 200 þúsund frumur/ml eða lægra mælt og reiknað sem faldmeðaltal. Einnig að hámark líftölu í mánuði sé 20.000 ein/ml mælt og reiknað sem beint meðaltal mánaðarins. Loks að hámark frírra fitusýra sé 0,9 mmol/l, reiknað sem faldmeðaltal mánaðarins.

Viðurkenningar voru veittar af hálfu Auðhumla sem er samvinnufélag í eigu um 600 mjólkurframleiðenda um land allt



Pétur Friðriksson, bóndi á Gautsstöðum í Eyjafirði, er einn þeirra kúabænda sem hafa fengið verðlaun fyrir úrvalsmjólk. Mynd / HKr.

og hefur það hlutverk að taka við mjólk frá félagsmönnum sínum og umbreyta í mjólkurafurðir á Íslandi

og erlendis. Auðhumla er móðurfélag Mjólkursamsölnunar ehf. með 80% eignarhlut. /MPP

## STRÚKTÚR

Nú á allt að seljast. Eigum þessar lengdir á lager.

Litað bárujárn

**Þykkt: 0,60 mm**

Breidd: 1045 mm

Klæðir: 988 mm

3.600 kr m<sup>2</sup> m/vsk.

**40% afsláttur meðan birgðir endast**

**2.160 kr m<sup>2</sup> m/vsk**

**ROOF PROFILE**

J1 18.76.988

THICKNESS	WEIGHT	
0,50	4,85	18
0,60	5,92	
0,75	7,27	
0,88	8,53	

**RAL 8012 Dumbrátt**

Lengd: 6.700 mm

Lengd: 6.940 mm

**RAL 9005 Svart**

Lengd: 4.800 mm

Plata = 6,7 \* 0,988 = 6,62 m<sup>2</sup>

Nánari upplýsingar hjá sölumönnum.

STRÚKTÚR ehf | Bæjarflöt 9 | 112 Reykjavík | struktur@struktur.is | Sími: 588 6640

# Lely Center Ísland



John Deere



New Holland



Fendt



Kubota

## VARAHLUTIR Í DRÁTTARVÉLAR



Deutz Fahr



Claas



Steyr



Case IH



Fiat



Massey Ferguson



Zetor



Valtra

Reykjavík Krókháls 5f – Sími 414 0000 // Akureyri Óðinsnes 2 – Sími 464 8600 – lci.is

## Komum hlutunum á hreyfingu

Við bjóðum hagstæðar leiðir til að fjármagna ný og notuð atvinnutæki og bíla sem henta rekstrinum þínum.



## FRÉTTIR

Byggðarráð Sveitarfélagsins Skagafjarðar og Akrahreppur:

# Formlegt boð um viðræður um kosti og galla sameiningar

– Ekki full samstaða innan Akrahrepps um hvort sameiningarviðræður séu tímabærar

Byggðarráð Sveitarfélagsins Skagafjarðar bauð nýverið hreppsnefnd Akrahrepps til formlegra viðræðna um sameiningu sveitarfélaganna tveggja í Skagafirði. Í greinargerð með tillögu Sveitarfélagsins Skagafjarðar varðandi boðið til Akrahrepps segir að mikilvægt sé að vinna faglegt mat á kostum, göllum og tækifærum sem felast í sameiningu sveitarfélaganna tveggja og sýn um þá uppbyggingu sem þarf að ráðast í til að styrkja samkeppnishæfni og búsetuskilyrði samfélagsins í Skagafirði.

Lagt var til að hvort sveitarfélag fyrir sig tilnefndi fimm fulltrúa í viðræðurnar og að sótt yrði um fjárframlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna þeirrar vinnu. Eins er lagt til að niðurstaða liggi fyrir í lok ágúst og að íbúar fái þannig tækifæri til að koma afstöðu sinni á framfæri við alþingiskosningar í lok september.

## Verið að skoða næstu skref

Innan hreppsnefndar Akrahrepps var ekki full samstaða um að tímabært væri að hefja formlegar samningaviðræður. Þó telur nefndin það grundvöll fyrir allri ákvarðanatöku að farið verði í að meta hugsanlegan ávinning og veikleika mögulegrar sameiningar á forsendum sveitarfélagsins og með hag samfélagsins alls að leiðarljósi.

„Slík vinna yrði unnin í víðtæku samráði við íbúa og niðurstaðan lögð fyrir þá til ákvörðunar um framhaldið“, segir í bókun frá fundi hreppsnefndar Akrahrepps þar sem þessi mál voru til umræðu.

„Ekki náðist samstaða um málið innan hreppsnefndar en eins og önnur sveitarfélög þá er Akrahreppur sífellt að leita leiða til þess að auka velferð og þjónustu



Ekki er full samstaða í Akrahreppi um hvort tímabært sé að hefja formlegar viðræður um hugsanlega sameiningu við Sveitarfélagið Skagafjörð. Varaoddvítinn segir að pólitískir hagsmunir snúist ekki eftir því hvernig vindar blási í Blönduhlíð. Þessar kýr undu sér bærilega í logni í Blönduhlíðinni í fyrrasumar. Mynd / MPP

við íbúa á sama tíma og það skiptir máli að sveitarfélagið sé vel rekið fjárhagslega. Það er of snemmt að segja meira á þessu stigi málsins annað en að verið er að skoða næstu skref“, segir Hrefna Jóhannsdóttir, oddviti Akrahrepps.

## Sjáum þessa þróun víða í kringum okkur

Sigfús Ingi Sigfússon, sveitarstjóri í Sveitarfélaginu Skagafirði, segir að sú hugsun hafi búið að baki að sameinuð væru sveitarfélögin enn öflugri og gætu veitt íbúum sínum enn betri þjónustu en nú er en jafnframt verið öflugur málsvári héraðsins alls í hinum fjölmörgu hagsmunamálum sem það snerta.

„Þessa þróun í átt til stærri og öflugri sveitarfélaga sjáum við víða í kringum okkur, m.a. eru nágrenn-

ar okkar í Austur-Húnavatnssýslu í formlegum sameiningarviðræðum, einnig Skútustaðahreppur og Þingeyjarsveit, auk fjögurra sveitarfélaga á Suðurlandi sem stefna á atkvæðagreiðslu í september nk. Um sameiningu þeirra. Önnur sveitarfélög eru einnig í startholunum og má nefna að Svalbarðshreppur og Langanesbyggð ætla að ákveða í sumar hvort þau hefji formlegar sameiningarviðræður, auk þess sem Dalabyggð hefur greint frá því að sveitarstjórn þar ætli að bjóða kollegum sínum í Húnaþingi vestra og Stykkishólmsbæ og Helgafellssveit til fundar til að ræða mögulegar sameiningar.“ segir Sigfús Ingi.

„Við sjáum af viðbrögðum nágrenna okkar í Akrahreppi að það er vilji þar til að vinna faglegt mat á kostum, göllum og tækifærum sem felast í sameiningu sveitarfélaganna

tveggja. Við fögnum því auðvitað og teljum það farsælt skref. Í kjölfar þess og samtals við íbúana er hægt að taka ákvörðun um hvort gengið verður til formlegra viðræðna um sameiningu Skagafjarðar í eitt heildstætt og öflugt sveitarfélag.“

## Hvernig vindar blása í Blönduhlíð

Varaoddvítinn í Akrahreppi, Einar Gunnarsson, bókaði á fundi hreppsnefndar Akrahrepps að leiði sú vinna sem hreppsnefnd hafi ákveðið, þ.e. að hefja vinnu á kostum og göllum sameiningar flytjist öll ákvarðanatöku um stærstu hagsmunamál íbúa Akrahrepps til pólitísks kjörinna fulltrúa í öðru sveitarfélagi, „en eins og kunnugt er snúast pólitískir hagsmunir ekki eftir því hvernig vindar blása í Blönduhlíð“, segir



í sérþókn Einars frá fundinum. Nefnir hann að á borði hreppsnefndar sé uppbygging skólanna í Varmahlíð, þar sem Akrahreppur eigi 25% eignarhlut og þá sé vinna við endurskoðun aðalskipulags nýhafin. „Samstarf sveitarfélaga, kaup og sala á þjónustu þeirra á milli án þess að staðsetning þeirra skipti máli verður sífellt auðveldari. Rafræn stjórnsýsla og störf án staðsetningar eiga eftir að auðvelda rekstur smærri sveitarfélaga. Akrahreppur hefur sjálfur fjárhagslegt bolmag, mannaud og þekkingu til að reka gott samfélag áfram.“ /MPP

Umbúðamiðlun tryggir sjómönnum aðgang að fiskikerjum um allt land:

## Leita uppi fiskiker sem eru nýtt undir annað en ætlast er til

Nokkuð er um að fiskiker séu nýtt á annan hátt en til er ætlast. Umbúðamiðlun á fjöldann allan af fiskikerjum og leigja þau út um land allt. Töluverður fjöldi kerja er hér og hvar um landið í annarri notkun en undir fisk, ís eða öðrum tengdum matvælum. Fyrirtækið leitar nú uppi þau ker sem leynast til sjávar og sveita og eru ekki í rétttri notkun.

Brynjar Guðmundsson, eftirlitsmaður hjá Umbúðamiðlun, segir að fyrirtækið sérhæfi sig í að leiga út fiskiker og kassa fyrir matvæli, þá eingöngu fisk og matvæli honum tengdum. Stærstu viðskiptavinir félagsins eru íslenskar úterðir og fiskvinnslur. Fiskiker frá Umbúðamiðlun megi sjá á hverri bryggju um land allt, en félagið tryggir sjómönnum hvarvetna um landið aðgang að kerjum.

## Kerin á eingöngu að nota undir fisk og tengdum afurðum

„Það er mikill fjöldi kerja frá okkur í misnotkun, eins og við köllum það, úti um land allt. Þau fara af einhverjum ástæðum af þeim stað þar

sem þau eiga að vera og lenda annars staðar og í öðru hlutverki. Okkar ker eru fyrst og fremst notuð til að flytja matvæli, einkum sjávarafurðir, frá einum stað til annars, t.d. frá bát í vinnslu og gegnum fiskmarkaði. Það telst misnotkun þegar farið er að nýta þau á annan hátt, svo sem eins og að brynna skepnum úti á túni,“ segir Brynjar.

## Mikið í húfi

Hann segir nokkur brögð að því að ker skili sér ekki til baka. Í því liggja miklir fjármunir fyrir fyrirtækið. En ekki sé óvarlegt að áætla að þúsundir kerja séu hér og hvar um landið, ónotuð eða í annarri notkun en þeim er ætlað. Tjón fyrirtækisins sé því verulegt, það

Brynjar Guðmundsson, eftirlitsmaður hjá Umbúðamiðlun, segir að mikill fjöldi fiskikerja sem fyrirtækið á sé í annarri notkun en undir fisk eða tengdar afurðir, hér og hvar um landið. Leitað er að þessum kerjum og ábendingar vel þegnar.



hlaupi á tugum eða jafnvel hundruðum milljóna. Það sé því mikið í húfi. „Misnotkun eða notkun í heimildarleysi telst nytjastuldu sem er refsiverður,“ segir Brynjar. „Við viljum byrja á því að biðla til fólks sem hefur ker undir höndum að láta vita af því eða einfaldlega skila þeim.“

## Átakseftirlit í sumar

Ef ker er sannarlega ónýtt þarf að skrá það út úr kerfinu hjá Umbúðamiðlun og gera víðeigandi ráðstafanir í samvinnu við starfsmenn fyrirtækisins. Ónýt ker eru enn eign félagsins þar til félagið hefur gert víðeigandi ráðstafanir og heimilað notkun þess aftur.

Brynjar segir að fólk geti sent mynd af kerinu og númeri þess og hann geti þá í kjölfarið ráðlagt hvað skuli gera.

Brynjar og starfsmenn Umbúðamiðlunar hafa verið og verða á ferðinni í allt sumar í ákveðnu átakseftirliti sem verður síðan fylgt eftir til frambúðar. /MPP

# BYLTING Í PALLBÍLUM ISUZU D-MAX

ISUZU  
D-MAX

Nýr og fullkominn Isuzu D-Max sameinar byltingarkennda hönnun, ótrúlegan vinnukraft með 3,5 tonna dráttargetu og framúrskarandi öryggi. Skoðaðu þennan frábæra kraftajötun á bl.is eða í sýningarsalnum okkar við Sævarhöfða.

**3.500 kg** dráttargeta  
**Fimm stjörnu** öryggi  
**Fimm ára** ábyrgð



BL ehf  
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík  
825 8000 / www.bl.is



## BETRA START

### MEÐ EXIDE RAFGEYMUM

Áreiðanlegir og sterkbyggðir rafgeymar fyrir flestar gerðir dráttarvéla. Veldu þaulreynda vöru frá gæðaframleiðanda.



Ráðgjafar Olís og Rekstrarlands veita allar nánari upplýsingar í síma **515 1100** eða **pontun@olis.is**.



# B BOREAL

SUPER TRUCK EXPLORERS



## ÓBYGGÐIRNAR KALLA

TVEGGJA TIL SEX MANNA HÚSTRUKKAR TIL LEIGU

Fullkominn ferðafélagi fyrir:  
Veiðiferðina, Öræfin, Norðurljósin, Hálandið, Fjölskylduna, Vinina.  
Til leigu, með eða án bílstjóra.




ingi@boreal.is

S: 864 64 89

www.boreal.is

FRÉTTIR



## Landbúnaður á Íslandi eykur framleiðni og minnkar losun til muna

Umhverfisstofnun skilaði skýrslu sinni til Loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna (UNFCCC) á dögunum. Heildarlosun sem telst á beinni ábyrgð Íslands dregst saman um 2,1% ef landnotkun er skilin frá og 1% ef landnotkun er tekin með. Losun á beinni ábyrgð Íslands er sú losun sem íslensk stjórnvöld munu þurfa að gera upp gagnvart skuldbindingatímabili Parísarsamkomulagsins.

Losun frá landbúnaði dregst saman um 2,1% milli ára 2018 og 2019. Þar með hefur losun minnkað um 5,8% síðan 1990 – ólíkt flestum öðrum geirum þar sem að losun hefur aukist síðan 1990. Á sama tímabili hefur framleiðsla landbúnaðarafurða aukist um 71 þúsund tonn. Landbúnaðurinn eykur framleiðni sína stöðugt með aukinni þekkingu bænda og innleiðingu tækninýjunga og með þeim hætti verður minna að meiru.

### Innleiða mælingar á kolefnisfótspori

„Við vorum að ljúka og gefa út samfélagsskýrslu þar sem umhverfis- og sjálfbærnistefna okkar kemur fram en við viljum vera leiðandi í þessum þáttum. Því náum við með því að framleiðslan hjá okkur sé alltaf fyrsta flokks og að öryggi og heilsa neytenda sé höfð að leiðarljósi. Við höfum reiknað út kolefnisfótspor starfsemiinnar með reiknilíkani Sambands gærðyrkjubænda þar sem tekið er inn kolefnisspor salats frá fræi þar til salatið er tilbúið til dreifingar. Þar kemur í ljós að kolefnisspor Lambhaga er 1,11 CO2/kg sem við erum ansi sátt við,“ segir Hafberg Þórisson, eigandi Lambhaga, og bætir við:

„Eins og fram kemur í stefnu

- Losun frá landbúnaði dregst saman um 2,1% milli ára 2018 og 2019.
- Losun hefur minnkað um 5,8% síðan 1990 í landbúnaði.
- Á sama tímabili hefur framleiðsla landbúnaðarafurða aukist um 71 þúsund tonn.
- Lambhagi leiðandi í mælingum og markmiðum á kolefnisfótspori framleiðslunnar.

Lambhaga þá er okkar framtíðarsýn að leggja okkar af mörkum til að gera Ísland sjálfbært í matvælaframleiðslu. Til að styðja við okkar framtíðarsýn vinnur Lambhagi með sérfræðingum frá Ábyrgum lausnum ehf. í að innleiða markmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Við leggjum áherslu á að viðskiptavinir okkar geti tekið upplýsta ákvörðun um kaup og við viljum miðla traustum og gagnsæjum upplýsingum til haghafa, m.a. á vefsíðu okkar. Við viljum hafa hreina virðiskeðju og leggjum áherslu á heiðarlegt og siðferðislegt samstarf. Við viljum eiga viðskipti við birgja sem vinna markvisst með okkur að því að innleiða heimsmarkmiðin. Við viljum takmarka losun gróðurhúsalofttegunda frá rekstri fyrirtækisins, setja stefnu í umhverfismálum þar sem við höfum nú þegar innleitt mælingar og markmið sem draga úr kolefnisfótspori fyrirtækisins. Við viljum hlúa að nýsköpun í starfsemiinni, byggja upp trausta innviði, fylgja breytingum sem eiga sér stað og styrkja þannig samkeppnishæfni Íslands í matvælaframleiðslu til að mæta breytti samfélagsgerð og breyttum þörfum til framtíðar.“



Búsaga hefur oft tekið þátt í Handverkshátíð og sýnt gamlar dráttarvélar. Handverkshátíð verður ekki haldin með hefðbundnu sniði í sumar, annað árið í röð, en í samvinnu við Matarstíg Helga magra verður bryddað upp á ýmsu í sumar, m.a. reglulega bændamarkaði. Mynd / Eyjafjarðarsveit

## Handverkshátíð og Matarstígur Helga magra:

# Óhefðbundin Handverkshátíð en reglulegir bændamarkaðir haldnir í sumar

– Matvælaframleiðendur, félagasamtök og fleiri eiga kost á að setja upp dagskrá

**Handverkshátíð mun fara fram á komandi sumri en verður með óhefðbundnu sniði vegna þeirrar óvissu sem áhrif heimfaraldurs kórónuveirunnar kann að hafa.**

Handverkshátíðin og Matarstígur Helga magra hafa tekið höndum saman fyrir sumarið 2021 og munu efna til reglulegra bændamarkaða þar sem áhersla verður lögð á mat og handverk úr Eyjafjarðarsveit. Félagasamtökum, handverksfólki, matvælaframleiðendum og öðru þjónustuaðilum í sveitarfélaginu verður boðið að setja upp dagskrá hjá sér og auglýsa í tengslum við dagskrá Handverkshátíðar og Matarstígs Helga magra í sumar. Í tilkynningu kemur fram að með því vilji stjórn og aðrir aðstandendur Handverkshátíðar halda nafni

hátíðarinnar á lofti og stuðla að skemmtilegum viðburðum víðs vegar um Eyjafjarðarsveit í góðu samstarfi við Matarstíginn. Handverkshátíð í Eyjafjarðarsveit hefur verið haldin á hverju ári, 28 ár í röð, þar til í fyrra þegar áhrif kórónuveirunnar settu strik í reikninginn. Þeir sem að Handverkshátíð standa telja eðli hátíðarinnar með þeim hætti að ekki sé ábyrgt að halda hana með óhefðbundnu sniði í ár. Þar koma margir saman, sýnendur eru jafnan um 100 talsins og á bilinu 10 til 15 þúsund gestir hafa sótt hátíðina ár hvert.

*Brot af því besta verður í boði*

Handverkshátíð er ein helsta

fjáröflun ýmissa félaga í Eyjafjarðarsveit og hafa félagmenn lagt á sig umtalsverða sjálfbodavinnu í þágu samfélagsins um árin til að gera hátíðina sem glæsilegasta. Fram kemur í tilkynningu að ákvörðun um að breyta út af nú sé því ekki léttvæg, „og einungis tekin af vel ígrunduðu máli en ljóst er að ákvörðunin kemur sér ekki vel fyrir fjárhag félaganna, en ábyrgðarhlutverkið er þó talið vega meira á þessum sérkennilegu tímum,“ segir í tilkynningu frá Finni Yngva Kristinssyni sveitarstjóra. Engu að síður verður gestum og gangandi boðið að sjá brot af því besta úr Eyjafjarðarsveit í sumar og þess vænst að sem flestir fái að njóta.

/MPÞ

**Bændablaðið**  
Smáauglýsingar 56-30-300  
Næsta blað kemur út 27. maí

**ER ERFITT AÐ REKA NIÐUR GIRÐINGASTAURA?**  
Niðurrekstrarhamarinn frá Hycon er snilldar græjal. Auðveldur í notkun og léttr vinnuna til muna.

Wendel ehf | Tangarhöfða 1 | S: 551-5464 | wendel.is

## Tjaldsvæðið á Blönduósi:

# Nýtt félag tekur við rekstrinum

Samningur hefur verið undirritaður milli Blönduósbæjar og fyrirtækisins L&E ehf. um rekstur tjaldsvæðisins í Brautarhvammi á Blönduósi. Félagið L&B er í eigu Liyu Yirga Behaga og Guðjóns Ebba Guðjónssonar en þau eiga veitingastaðinn Teni á Blönduósi.

Þau Liyu og Guðjón munu einnig starfrækja Upplýsingamiðstöð í gamla Kaupfélaghúsinu samhliða rekstri tjaldsvæðisins, að því er fram kemur á vefsíðu Blönduóss.

### Vinsæll áfangastaður

Heimamenn búa sig undir að fjöldi landsmanna verði á faraldsfæti á komandi sumri og eru nýir rekstraradilar þegar farnir að undirbúa móttöku ferðalanga. Umsjón tjaldsvæðisins hefur mörg undanfarin ár verið í umsjón Gladheima. Tjaldsvæðið á Blönduósi hefur löngum verið vinsæll áfangastaður, en það er staðsett í fallegu



Liyu Yirga Behaga frá L&E, sem tekur við rekstri tjaldsvæðisins í Brautarhvammi á Blönduósi, og Valdimar O. Hermannsson sveitarstjóri undirrita samninginn. Mynd / Blönduósbær

umhverfi á bökkum Blöndu og því stutt að fara á útivistarsvæðið í Hrutey. Sundlaug, skemmtilegt

leiksvæði, verslun og veitingastaðir eru einnig skammt undan. /MPÞ



## Gedduhöfði á Grímstunguheiði: Reisa nýjan 500 fermetra gangnamannaskála

Nýr gangnamannaskáli verður reistur við Gedduhöfða á Grímstunguheiði. Hann verður allt að 500 fermetrar að stærð og með gistiþlássi fyrir 60 manns. Við hann verður 300 fermetra stórt hesthús og aðrar byggingar um 200 fermetrar að stærð.

Skálanum er ætlað að þjóna gangnamönnum en gæti einnig nýst öðrum, svo sem ferðamönnum. Sagt er frá áformum um byggingu skálans á vefsíðu Húnavatnshrepps.

Fram kemur í greinargerð vegna verkefnisins að ný skálinn muni leysa tvo eldri af hólmi, Öldumóðuskála og Álkuskála. Þeir hafa verið í notkun í áratugi og eru mjög illa farnir. Þeir verða lagðir niður í kjölfarið.

### Tengist vegakerfi og reiðleiðum vel

Markmið aðalskipulagsbreytingarinnar er að bæta aðstöðu og nýtingu svæðisins en nýr gangnamannaskáli þjónar gangnamönnum en gæti nýst breiðari hópi svo sem ferðamönnum, eins og fram kemur í greinargerðinni. Þar kemur enn fremur fram að skálinn tengist

vel við núverandi vegakerfi og reiðleiðum og staðsetningin sé góð sé tekið tillit til annarra skálasvæða. Húnavatnshreppur og Sveitarfélagið Skagafjörður eiga tvo gangnamannaskála skammt frá, Galtarárskála og Ströngukvíslarskála sem mikið eru notaðir vegna hestaferða.

### Um 500 manns gista í skálanum á ári

Ekki er mikil umferð ferðamanna um Grímstunguheiði um þessar mundir og segir í greinargerðinni að ný skálabygging sé fyrst og fremst hugsuð til þess að koma í stað gömlu skálanna tveggja. Áætlaður heildarfjöldi þeirra sem gista í skálanum yfir árið er undir 500 manns.

Breyta þarf aðalskipulagi Húnavatnshrepps vegna þessa verkefnis og hefur sú breyting þegar verið auglýst. Hægt er að gera athugasemdir við skipulagið fram til 4. júní næstkomandi. Tillögur liggja frammi á skrifstofu Húnavatnshrepps á Húnavöllum og á skrifstofu skipulagsfulltrúa á Blönduósi.

/MPP

## Íslenska nýsköpunarfyrirtækið Algalíf framleiðir astaxanthín úr örþörungum: Fær Alþjóðlegu líftækniverðlaunin 2021

Íslenska nýsköpunarfyrirtækið Algalíf hlýtur Alþjóðlegu líftækniverðlaunin 2021 sem besti framleiðandi á afurðum úr náttúrulegu astaxanthíni.

Verðlaunin eru veitt árlega í nokkrum mismunandi flokkum af fagfimaritinu Global Health and Pharma. Algalíf er fyrsta íslenska fyrirtækið til að vinna þau. Þetta er í sjötta sinn sem Alþjóðlegu líftækniverðlaunin eru veitt.

Algalíf framleiðir astaxanthín úr örþörungum sem ræktaðir eru í starfsstöð fyrirtækisins í Reykjanesbæ.

Algalíf er langstærsta örþörungafyrirtæki á Íslandi og í fararbroddi í Evrópu. Það hefur getið sér gott orð á alþjóðavettvangi fyrir sjálfbærni, gæði og afhendingaröryggi.

„Starfsemin hefur gengið mjög vel að undanförmu og það er afskaplega ánægjulegt að fá viðurkenningu í formi þessara virtu verðlauna,“ segir Orri Björnsson, forstjóri Algalífs, í tilkynningu frá fyrirtækinu af þessu tilefni.

Í lok síðasta árs var tilkynnt um fyrirhugaða fjögurra milljarða króna stækkun fyrirtækisins. Sérhæft

og vel menntað starfsfólk heldur framleiðslukostnaði Algalífs í skefjum með nýsköpun og nýtingu hátæknilausna á öllum stigum. „Þessi verðlaun eru fyrst og fremst rós í hnappagatið fyrir starfsfólk Algalífs,“ segir Orri Björnsson forstjóri.

Nýlega kynnti Algalíf metnaðarfulla umhverfisstefnu, en öll framleiðslan fer fram í stýrðu hátækni-umhverfi innanhúss. „Það hjálpar okkur mikið í markaðssetningu erlendis að vera í fararbroddi í umhverfismálum á alþjóðavísu,“ segir Orri Björnsson forstjóri.

/MPP

## ROTÞRÆR

Til liðs við náttúruna

# Náttúran kallar

á bestu lausnirnar í umhverfismálum

Þriggja hólfra rotþrær fyrir sumarhús og heimili.  
CE-vottaðar samkvæmt staðli:  
IST EN 12566-1:2000/A1:2003.  
Fylgja einnig sérislenskum kröfum um uppbyggingu rotþræa.  
Fást í byggingavörverslunum um land allt.

CE vottaðar

Sæplast ráðleggur að ætíð sé leitað til fagaðila um niðursetningu á rotþróum

SÆPLAST | Gunnarsbraut 12 | 620 Dalvík | Sími: 460 5000 | www.saeplast.com

## ÍSREFUR EHF.

TÖKUM AÐ OKKUR ALLA ALMENNA  
JARÐVINNU, FLAGJÖFNUN, FLUTNINGA,  
VÉLAFLUTNINGA OG KRANAVINNU



STEFÁN PENGILSSON 863-5170  
stebbigunnar@gmail.com

**IR** Ingersoll Rand

## LOFTPRESSUR Í HÆSTA GÆÐAFLOKKI

Við bjóðum upp á allar stærðir og gerðir af Ingersoll Rand loftpressum.

Mjög hjóðlátar og einfaldrar í viðhaldi.

Bjóðum upp á þjónustusamninga og leggjum mikla áherslu á að veita góða viðgerðar- og varahlutaþjónustu.

Gerðu kröfur - hafðu samband við Gunnar í síma 590 5135 og kynntu þér þína möguleika.




KLETTUR / SALA OG ÞJÓNUSTA / KLETTAGARÐAR 8-10  
104 REYKJAVÍK / 590 5100 / klettur.is

**KLETTUR**





Lely Center Ísland



6,500 - 9,500  
11,000 - 13,500 lítra

HAUGSUGU-  
DÆLUR

HAUGSUGUHLUTIR  
VARAHLUTIR



Reykjavík: Krókháls 5F – Sími 414 0000 – www.LCI.is  
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

Bændablaðið  
Kemur næst út

27.  
maí

FLUGUVEIÐISETT

airflo

Fluguveiðisettt fyrir byrjendur

**Innihald:**  
Carbon stöng 4 parta  
Diskabremsuhjól með  
Airflo flotlínu og undirlínu  
Hólkur fyrir stöng,taumur  
veiðigleraugu og  
flugbox og 3 flugur

Fyrir línu  
5/6 og 6/7



Kr. 19.900

ORVIS  
Orvis - Clearwater

**Innihald:**

Fluguveiðisettt  
Stöng í 4 pörtum  
Large arbor  
diskabremsuhjól  
Skotlína undirlína  
og taumur  
Hólkur fyrir stöng.



Lína 5-6

Kr. 59.900

Lína 7-8

Kr. 68.900

Vesturröst

Sérverslun veiðimanna - Laugaveg 178 - sími: 551 6770 - www.vesturröst.is

GRÓÐURHÚS



TRYGGÐU

ÞÉR GRÓÐURHÚS  
Í SUMAR!

BJÁLKAHÚS



VÖNDUÐ

BJÁLKAHÚS

MIKIÐ ÚRVAL

BK HÖNNUN

MANNVIRKJAHÖNNUN - BYGGINGAVÖRUR

TÖLVUPÓSTUR

sala@bkhonnun.is

SÍMI

571-3535

VEFFANG

www.bkhonnun.is

SITUR ÞÚ Á?  
EIGNUM ANNARRA ■

Fiskiker merkt Umbúðamiðlun  
eru eign félagsins og einungis  
ætluð undir ferskan fisk og ís.

Öll önnur notkun varðar sektum!



UMBÚÐAMIÐLUN

555 6677 | umb.is | Korngördum 5, Reykjavík



## Iðnaðarhúsnæði byggt á Blönduósi

Stefnt er að því að nýtt iðnaðarhús verði risið á Blönduósi fyrir næstu áramót. Fyrsta skóflustunga var tekin nýverið og framkvæmdir eru þegar hafnar.



Húsið er ríflega 1.700 fermetrar að stærð og stendur við Miðholt 1 á Blönduósi. Það er lfmtréshús, klætt samlokueiningum á steypum sökkli. Það skiptist upp í 11 misstórar einingar og verður ýmiss konar starfsemi í húsinu þegar það hefur verið tekið í notkun. Frá þessu er sagt á vefsíðu Blönduósbæjar.

Friðriksson og Kristján Kristófersson sem sameinuðust um að taka fyrstu skóflustunguna og var myndin tekin af því tilefni. /MPP

Það voru þeir Ásgeir Blöndal, Guðmundur Inghórssson, Björn

Bændablaðið  
Kemur næst út

27.  
maí

EYJALIND Varahlutir i VOLVO Vinnutæki

Vertu vinur okkar á Facebook  
Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

## Lely Center Ísland

GRAFAGRINDUR  
GOTT ÚRVAL



Reykjavík: Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.LCI.is  
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

# SPENNANDI RAFGIRÐINGAR- EFNI!

20%  
afsláttur



BYKO

GERUM PETTA SAMAN

RMÍ  
OFNASMÍÐJAN



METALSYSTEM®

Gott verð og góð þjónusta

Nú fæst METALSYSTEM®  
hillukerfið í Rými



Rými Ofnasmiðjan | Gylfaflöt 4 | 112 Reykjavík | s. 511 1100 | www.rymi.is | rymi@rymi.is



Donaldson®  
Filtration Solutions



REKI

REKI EHF ER STOLTUR UMBOÐSAÐILI DONALDSON  
Á ÍSLANDI. EIGUM MIKIÐ ÚRVAL AF SÍUM Á LAGER.

Reki ehf Höfðabakka 9 110 Reykjavík

Sími: 562 2950 Fax: 562 3760

E-mail: bjorn@reki.is www.reki.is



Master P30 loftsáðvél  
með HR160 pinnatætara

5.190.000 kr. án vsk.

Tilbúin til afhendingar!



3m vinnslubreidd | 1000L | 24 rása

Við bjóðum einnig upp á úrval áburðardreifara sem eru tilbúin til afgreiðslu - Hafið samband við sölumann í síma 480 5600!

LANDSTÓLPI

Gunnbjarnarholti, 804 Selfossi Kaupvangi 10, 700 Egilsstöðum www.landstolpi.is  
480 5600 480 5610 landstolpi@landstolpi.is







LÍF &amp; STARF

## Ókeypis lóðir á Flúðum

„Allar lóðir eru ókeypis hjá okkur, það borgar enginn krónu fyrir þær, enda er eftirspurn eftir lóðum mjög mikil hjá okkur, fólk vill ólmft flytja á Flúðir,“ segir



Flúðir.

Mynd / HKr.

**Halldóra Hjörleifsdóttir, oddviti Hrunamannahrepps.**

Sveitarfélagið auglýsti nýlega nokkrar einbýlishúsalóðir og iðnaðarlóðir lausar til umsóknar og það var ekki að spyrja að viðbrögðunum, fjölmargir höfðu samband við skrifstofu sveitarfélagsins til að kanna málið frekar.

Þess má geta að staða sveitarfélagsins er góð. Á fundi sveitarstjórnar 4. maí voru teknir til seinni umræðu ársreikingar Hrunamannahrepps

fyrir árið 2020. Þar kom fram að rekstrarniðurstaða A-hluta var jákvæð um 23 milljónir króna. Rekstrarniðurstaða A og B hluta var jákvæð um 69,2 milljónir. Þá var nettófjárfesting upp á 93,5 milljónir og veltufé frá rekstri nam 121 milljón króna. Heildareignir sveitarfélagsins voru 1.674 milljónir, en heildarskuldur 865 milljónir króna. Eigið fé nam 809 milljónum króna. Skuldahlutfall er 69% og hefur lækkað úr 71,4% frá fyrra ári. /MHH/HK.

# SIL-ALL

## 4x4+

MEIRA FÓÐUR, LYSTUGRA FÓÐUR

Nánari upplýsingar gefur:

Grétar Hrafn Harðarson  
S: 892-1480

Nf: gretarhrafn@simnet.is

## GRÆNU VELFERÐARGÓLFIN



Comfort  
Slat Mat

www.comfortslatmat.com

Nánari upplýsingar gefur:

Grétar Hrafn Harðarson

Sími 892-1480

Nf: gretarhrafn@simnet.is

K7000 Ring 27cm  
Sögunardýpt 27cm



DM400 kjarnaborvél  
Hámark: 350mm



Husqvarna

FS400 LV  
Sögunardýpt 16,5cm



LF75 LAT  
Jarðvegsþjappa  
Þjöppuþyngd 97 kg  
Plata 50x57cm



Steinsagarblöð  
og kjarnaborar



Husqvarna K770  
Sögunardýpt 12,5cm



# MHG

VERSLUN

## Allt fyrir atvinnumanninn

Steinsagir - Kjarnaborvélar - Gólfsagir

MHG Verslun ehf / Vikurharfi 8 / 203 Kópavogi / S: 544-4656 / mhg.is

# Háskólinn á Hólum

Þú finnur Hólaskóla  
bæði á Facebook  
og Twitter!



www.holar.is

## Hagnýtt háskólanám

- Ferðamálafræði
- Stjórnun ferðabjónustu og móttaka gesta
- Viðburðastjórnun
- Fiskeldisfræði
- Reiðmennska og reiðkennsla

Tækifærin eru í okkar greinum



## Hólaskóli - Háskólinn á Hólum

Hólum í Hjaltadal 551 Sauðárkrókur  
Sími 455 6300 holaskoli@holar.is www.holar.is

Háskólasamfélag með langa sögu  
Hólar í Hjaltadal er í senn mikill  
sögustaður og útivistarparadís.  
Háskólinn á Hólum er lítill en  
öflugur háskóli sem sinnir kennslu  
og rannsóknum á sviði ört  
vaxandi atvinnugreina.



UTAN ÚR HEIMI

Endurskoðendadómstóll Evrópu rasskellir landbúnaðarkerfi ESB fyrir eitrefnanotkun:

# Áhættumat, og eftirlitskerfi ónothæft og lög og reglur eru ekki að virka

— Bændur í Evrópusambandinu nota enn um 350 þúsund tonn af virkum efnum sem blandað er í eyðingarefni á ári

Endurskoðendadómstóll Evrópu (European Court of Auditors - ECA) komst að þeirri niðurstöðu í skýrslu á síðasta ári að lítill sem enginn árangur hafi náðst innan Evrópusambandsins í að draga úr notkun og minnka hættu af notkun margs konar eitrefna í landbúnaði. Sala og notkun á virkum efnum er enn gríðarleg.

Sala á gróðureyðingarefnum, sveppaeitri, skordýraeitri og ýmsum hjálparefnum sem notuð eru í evrópskum landbúnaði hefur verið nokkuð stöðug í fjölda ára. Það hefur haft í för með sér niðurbrot á jarðvegi vegna þess að skordýr og örverur drepa. Einnig berast eitru- og ýmis hjálparefni í grunnvatn og skaða líka lífríki í ám og vötnum eins og fiska og fugla. Eitrefni dreifast víða vegna uppufunar og falla síðan aftur til jarðar í menguðu regnvatni. Þetta gerist þrátt fyrir setningu margs konar laga og reglugerða til að stemma stigu við óhöflegri notkun eitrefna.

### 350 þúsund tonn af virkum efnum á ári

Samkvæmt tölum ECA nemur sala á virkum efnum sem notuð eru í það sem kallað er „Plant protection products, eða PPP“, um 350.000 tonnum árlega. Þeim efnum er síðan blandað út í vatn eða önnur efni til dreifingar á akra og tún sem getur gert umfangið gríðarlegt. Þessi efni, sem oft eru kölluð varnarefni, mætti miklu fremur kalla skaðvaldaeyðingarefni,



Eitrefnum úðað á akur.

Mynd / Wikipedia

enda innihalda þau mörg hættuleg eitrefni. Er þeim ætlað að verja og tryggja uppskeru fyrir illgresi, skaðlegum sveppagróðri, sjúkdómum og skordýrum.

### Geta endað sem leifar í matvælum

Notkun þessara efna getur haft í för með sér alvarlegar afleiðingar fyrir mannfólkið sem neytir afurðanna, eða eins og ECA segir: „PPP efnin geta haft áhrif á gæði vatns og jarðvegs, líffræðilegan fjölbreytileika og vistkerfi og þau geta endað sem leifar í matvælum.“

ECA segir að frá árinu 1991 hefur ESB byggt upp rammalöggjöf til að heimila PPP, stuðla að sjálfbærri notkun þeirra efna og draga úr áhættu

sem notkun PPP hefur í för með sér fyrir heilsu manna og umhverfið. Framkvæmdastjórnin samþykkir virk efni sem hægt er að nota í PPP sem hafa leyfi í aðildarráttunum og athugar hvort aðildarráttunum innleiði víðeigandi löggjöf ESB. Hún á að stuðla að samþættingu og hvetja til notkunar fyrirbyggjandi, náttúrulegra eða annarra efnafræðilegra aðferða við eyðingu meindýra og annarra skaðvalda, áður en gripið er til PPP efna.

### Veikleikar í kerfinu

„Meginmarkmið okkar var að meta hvort aðgerðir ESB hafi dregið úr áhættu sem tengist notkun PPP. Framkvæmdastjórnin og aðildarráttin hafa gripið til aðgerða til að stuðla

ad sjálfbærri notkun PPP. Hins vegar komumst við að því að takmarkaðar framfarir eru við að mæla og draga úr áhættu af notkun PPP. Starf okkar sýndi að aðgerðir ESB til sjálfbærrar notkunar PPP fóru hægt af stað og við greindum veikleika í núverandi ramma ESB.“

### Engin skráningarskylda á notkun efnanna og reglum illa fylgt

Þá segir einnig að ECA hafi kannað hvort löggjöf ESB bæri í sér skilvirka hvata til að draga úr ósjálfbærri notkun á PPP efnum.

„Reglur ESB krefjast þess að bændur beiti samþættri skaðvaldaeyðingu, sem þýðir að þeir ættu aðeins að leita í PPP efni ef forvarnir og aðrar aðferðir bregðast eða eru ekki árangursríkar.“

Þrátt fyrir að það sé skylda fyrir bændur að beita samþættri skaðvaldaeyðingu er þeim ekki skylt að halda skrár um hvernig þeir beittu því og framfylgd á reglum er því veik.“

Þá segir að engin krafa sé um að fara þurfi að reglum um notkun hjálparefna til að njóta styrkja samkvæmt CAP landbúnaðarstefnu ESB. Þá hafi áhættuminni kostir sem geta komið í stað notkunar á PPP efnum ekki verið gerðir aðgengilegir fyrir bændur.

### Tölur ekki samanburðarhæfar

„Við skoðuðum hvort framkvæmdastjórnin og aðildarráttin

mældu áhættu og umhverfisáhrif af notkun PPP og komumst að því að gögn sem safnað var og gerð aðgengileg voru ekki nægileg til að stuðla að virku eftirliti. Fyrirliggjandi tölfræði ESB um PPP sölu er safnað saman á á háu stigi í kerfinu til að vera gagnleg og tölur um notkun á PPP í landbúnaði voru ekki samanburðarhæfar.“

### Ónothæft áhættumat

„Í nóvember 2019 birti framkvæmdastjórnin áætlun sína um tvo nýja samræmda áhættuvísu. Hvorugur vísirinn sýnir að hve miklu leyti tilskipunin hefur náð árangri við að ná markmiði ESB um sjálfbæra notkun á PPP efnum.“

ECA leggur til að ESB gangi úr skugga um að aðildarráttin breyti almennum meginreglum um samþætta skaðvaldaeyðingu í hagnýtar forsendur og að þær verði staðreyndar á búunum. Þá verði reglurnar tengdar greiðslum samkvæmt sameiginlegri landbúnaðarstefnu eftir 2020.

Bæta þurfi tölfræði um PPP efni þegar löggin verða endurskoðuð til að gera þau aðgengilegri, gagnlegri og samanburðarhæfari. Einnig er lagt til að mat verði lagt á framfarir í átt að stefnumarkmiðum, bæta samræmda áhættuvísu eða þróa nýja með hliðsjón af raunverulegri notkun á skaðvaldaeyðingarefnum (PPP). /HK/

Franskir bændur mótmæla fyrirhuguðum breytingum á landbúnaðarkerfi CAP:

# Segja „Green New Deal“ loftslagshugmyndir fela í sér ósanngjarna skattlagningu á bændur

Franska bændasambandið FDSEA skipulögðu mikil mótmæli á stór-Parísarsvæðinu föstudaginn 30. apríl undir kjörordunum; „Frakkland, viltu enn hafa bændur?“

Drógu þúsundir bænda og franska bændasamtaka dráttarvélar sínar, einkum í Clermont Ferrand og Lyon, til að mótmæla stefnu ESB sem þeir segja að setji þá í útrýmingarhættu. Hafa franskir bændur mótmælt undanfarnar vikur, þrátt fyrir COVID-19 lokanir og takmarkanir.

Pungamiðja mótmæla frönsku bændanna beinist að frönsku nýjstu hugmyndum ESB sem ætlað er að endurbæta CAP, sameiginlega landbúnaðarstefnu ESB. Með breytingunum á að endurskipuleggja

framleiðslukerfið sem De Gaulle stofnaði til árið 1962 til að auka framleiðslu og fæðuöryggi.

### Efasemdir um „Green New Deal“ áform

Endurbæturnar á CAP eru gerðar undir slagorðunum „Green New Deal“. Fela fyrirhugaðar umbætur í sér nýja löggjöf sem miðar að því að skattleggja notkun köfnunarefnisáburðar. Frumvarpið leggur mikla áherslu á loftslagsmál sem nú eru mjög í tísku. Bændur lýsa köfnunarefnisgjaldinu, sem þar er ætlunin að taka upp, sem „refsiverðu og ósanngjörnu“. Það muni setja neikvæðan stimpil á alla notkun efnaáburðar án þess að bjóða upp á aðra kosti að mati FDSEA, sem er stærsta stéttar-



Franskir bændur trufluðu umferð á vegum til Parísar.

félag Frakklands. Sambandið segir að nýja löggjöfin hafi hunsað þær breytingar sem þegar hafa átt sér stað á starfsháttum bænda og þær muni draga úr tekjum bænda án þess að veita raunverulega viðsýrnu í loftslagsmálum.

Hugsanlegt áburðargjald ásamt Egalim lögnum gerir ráð fyrir að franskir framleiðendur semji sjálfir um verð við stóra dreifingaráhila. Þar er miðað við að mati FDSEA, að framleiðsluverð landbúnaðarvara verði langt undir framleiðslukostnaði, sem gæti verið hörmulegt fyrir bændur og fjölskyldur þeirra. Egalim löggin voru upphaflega tekin upp í Frakklandi í október 2018 og áttu að koma á jafnvægi í viðskipti bænda og matvælamarkaðarinnar.

Á sama tíma krefst CAP umbóta í núverandi landbúnaði. Þar er gert ráð fyrir að bændur leggi mikið á sig til að koma af stað vistvænum umskiptum sem flestir bændur telja ómögulegt að framkvæma og láta nú gremju sína á þessum hugmyndum í ljós.

### Franskir bændur upplifa gífurlega vanlíðan

Í skýrslu öldungadeildarinnar, sem birt var 17. mars, var bent á „gífurlega vanlíðan“ meðal franskra bænda, einkum vegna „lágra tekna í landbúnaði og tilfinninga um vanvirðingu stéttarinnar með stöðugu áreiði á greinina. Fyrir bændurna snúast mótmæl-

in einnig um að senda skilaboð til samborgaranna og að vekja athygli á brýnni nauðsyn þess að bjarga frönskum landbúnaði og koma í veg fyrir að matvælaöryggi verði fórn. Einnig að varðveita eigin stjórn á matvælaframleiðslu Frakka og að tryggja að þjóðarframleiðslan verði varðveitt. Bændurnir kölluðu á að CAP landbúnaðarkerfið tæki mið af búskap en ekki hagsmunum fyrirtækja. Kerfið sýni metnað til að fjöldi bænda geti haldið áfram rekstri á öllum svæðum og í öllum framleiðslugeirum landbúnaðarinnar.

Í Þýskalandi voru bændur einnig á götum úti um miðjan mars til að mótmæla ómögulegum aðstæðum sínum. /HK/

## Gúmmíbelti

- Fyrir smágröfur



Vertu vinur okkar á Facebook

Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - [www.eyjalind.is](http://www.eyjalind.is)



**Lely Center Ísland**



**STÝRISENDAR í flestar gerðir dráttarvéla**

Reykjavík: Krókháls 5F – Sími 414 0000 – www.LCI.is  
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

**ÍSTEKA**

SELDU HRYSSUR TIL LÍFS

**Hrossabændur óska eftir hryssum**

Mega vera þriggja til fimmtán vetra

Greiðum 45.000 kr. án vsk. fyrir hryssuna

**ATH! HÆKKAÐ VERÐ!**

Sækjum frítt á Suður-, Vestur- og Norðurland.

Upplýsingar: [hryssa@isteka.com](mailto:hryssa@isteka.com) eða í síma 581-4138.

Geymið auglýsinguna!

Hryssur eru greiddar eftir reikningi og eftir umskráningu í WorldFeng.

**Bílskúrs- og iðnaðarhurðir**



- Stuttur afhendingartími
- Hágæða íslensk framleiðsla
- Val um fjölda lita í RAL-litakerfinu
- Vindstyrktar hurðir

**Smíðað eftir máli**

- Iðnaðarhurðir
- Iðnaðarhurðir með gönguhurð
- Bílskúrshurðir
- Hurðir í trékarma
- Tvískiptar hurðir

**Fyrsta flokks þjónusta og ráðgjöf**

**VH HURÐIR**

Tunguháls 10, 110 Reykjavík, sími 567 3440, [vagnar@vagnar.is](mailto:vagnar@vagnar.is), [vagnar.is](http://vagnar.is)

**Bændablaðið Smáauglýsingar 56-30-300**



**Vinnufatnaður** **Hífilausnir** **Kranar og taliur** **Snjókeðjur** **Pökkunarlausnir** **Fallvarnarbúnaður**

BÖLLUÓG **pewag** **STAHL** **TRYGG** **CYKLOP** **KRATOS SAFETY**

Höfum á lager mikið úrval af alskyns vinnufatnaði, hífi- og festingabúnaði, krönum og talium, snjókeðjum, pökkunarlausnum og fallvarnarbúnaði. Í vörulistanum á [www.isfell.is](http://www.isfell.is) er að finna ítarlegar upplýsingar um allar vörur.

**Hafðu samband og kynntu þér vöruúrvalið og þjónustuna!**

**ÍSFELL**

Ísfell ehf, Óseyrarbraut 28  
220 Hafnarfjörður, Sími 5200 500  
[www.isfell.is](http://www.isfell.is), [isfell@isfell.is](mailto:isfell@isfell.is)



**HEY! Við seljum góð tæki á góðu verði í sumarverkin, gerið verðsamanburð**



**EITT MESTA ÚRVAL LANDSINS AF RUDDASLÁTTUVÉLUM**

**UPPSELD Ný sending væntanleg!**

**SOLIS 26 með ótal möguleikum**

**Kurlarar bensín og dráttarvélnúnir**

**Sláttuvélar 1,2-2,9 m vinnslubreidd**

**Heytætlur 2,4 - 5,2 m vinnslubreidd**

**Rakstrarvélar 2,4 - 4,4 m vinnslubreidd**

**Áburðardreifingar margar stærðir Verð frá 128.000+vsk**

**PERKINS 113hp verð: 6.400.000+vsk**

**Vallarbraut.is S-4540050**



Benedikt Benediktsson, framleiðslustjóri kjötvinnslu SS á Hvolsvelli, með Olgu Mörk Valsdóttur framleiðslustjóra, sem hefur unnið í 21 ár hjá SS, og Oddi Árnasyni fagmálastjóra, sem hefur starfað í að verða 35 ár hjá félaginu. Myndir / Magnús Hlynur Hreiðarsson

Kjötvinnsla Sláturfélags Suðurlands á Hvolsvelli fagnaði 30 ára afmæli 1. maí:

# Starfsemin gengur glimrandi vel

– Starfsmenn eru um 160 og 500 vörunúmer í gangi

„Ég hóf störf hjá félaginu 10. janúar 1994 og fór þá að læra kjötið. Ég er nú fæddur og uppalinn á Selfossi og vann hjá þeim góða manni Ingólfi Bárðarsyni í kjötvinnslu KÁ í tvö sumur og þá kviknaði einhver áhugi á faginu en það var ekki pláss fyrir nema á þeim tíma hjá honum þannig að það varð úr að ég fór austur á Hvolsvöll að læra. Ég hef búið á Hvolsvelli nær allan tímann síðan þá. Ég tel að það hafi verið mjög mikil lukka fyrir mig persónulega að hafa flutt austur og hafa kynnst öllu því góða fólki sem ég þekki í dag. Ég er líklega orðinn meiri Rangæingur en Árnesingur eftir þessi ár á Hvolsvelli. Því hefur stundum verið hent fram að Hvolsvöllur sé nafli alheimsins og ég held að það sé bara nokkuð til í því,“ segir Benedikt Benediktsson, framleiðslustjóri kjötvinnslu SS á

Hvolsvelli, þegar hann er spurður hvenær hann hóf störf hjá félaginu og hvað kom til.

1. maí síðastliðinn voru 30 ár frá því að kjötvinnslan hóf starfsemi á Hvolsvelli en ekki var hægt að halda upp á tímamótin með opnu húsi eða slíku vegna Covid 19. Blaðamaður settist niður með Benedikt til að forvitnast um starfsemina á Hvolsvelli.

## Áttu fullkomið sláturhús á Hvolsvelli

Þegar talið berst að því af hverju sláturfélagið ákvað að setja sig niður á Hvolsvelli en ekki á Hellu eða Þykkvabænum er Benedikt með svarið á reiðum höndum. Já, SS átti á þessum tíma fullkomið sláturhús á Hvolsvelli og menn sáu möguleika á að breyta því í kjötvinnslu sem var og gert. Þarna höfðu þeir menn

áræði, sem komu að málinu og voru framsýnir þrátt fyrir mjög ótrúlega þrönga stöðu sem SS var í á þeim tíma. Þessi ákvörðun var gríðarlega happadryg, bæði fyrir SS og ekki síður fyrir sveitarfélagið. Það er margt fólk sem fær atvinnu hjá okkur og auk þess mörg afleidd störf í ýmiss konar þjónustu við okkur og aðra. Það vinna um 160 manns hjá okkur og fjöldi íbúa í sveitarfélaginu eru um 2.000 talsins, þannig að það er ansi hátt hlutfall sem vinnur hjá SS,“ segir Benedikt.

## Stöðug þróun í gangi

Kjötvinnslan á Hvolsvelli er alltaf að stækka og stækka með tilheyrandi þróun í tæknibúnaði og öðru slíku.

„Já, já, það er stöðug þróun í vinnslu, vélvæðing hefur verið töluvert undanfarin ár. Vinnslan hefur verið stækkuð í tvígang frá 1991, síðast 2008 þegar vöruafgreiðslan var flutt á Hvolsvöll frá Reykjavík og þá komu 10-15 störf með. Við erum að framleiða rúmlega 500 vörunúmer í dag og stöðug vöruþróun er í gangi. Vöruþróunarferlið okkar er þannig að við erum með vöruþróunarhóp sem hittist einu sinni í mánuði. Í hópunum eru aðilar úr framleiðslunni, sölu- og markaðsdeild. Margt er prufað en það fer ekki nærri allt í sölu,“ segir Benedikt.

## SS pylsurnar langvinsælstar

Benedikt er næst spurður hvað sé vinsælasta og vinsælustu vörur kjötvinnslunnar á Hvolsvelli.

„SS pylsurnar eru vissulega okkar vinsælasta vara en 1944 réttirnir eru einnig gríðarlega vinsælir og viðskiptavinir eru mjög ánægðir með þá breiðu vörulínu sem við framleiðum en við erum einmitt að setja nýjan rétt á markað þessa



Hér er verið að pakka SS vínarpylsunum, sumar fara í 10 pylsu pakkningar á meðan aðrar fara fimm saman í pakkningu.

dagana en það er Panang kjúklingur. Grillkjötið okkar er líka mjög vinsælt og seljum við töluvert mikið af því. Einnig eru grillpysurnar okkar mjög vinsælar eins og Ostapylsur, Pólskar pylsur og Pylsur fagmannsins, sem eru Chilli ostapylsur. Það er algjör nauðsyn að grilla pylsur í „forrétt“ þegar staðið er við grillið og borða þær berar,“ segir Benedikt og glottir.

## Starfsmenn frá Íslandi, Póllandi og Búlgaríu

Í dag eru starfsmenn kjötvinnslunnar um 160 í 150 stöðugildum. Starfsmenn vinnslunnar koma frá Íslandi, Póllandi og Búlgaríu.

„Við erum með margt fólk af erlendu bergi brotið. Við erum ótrúlega heppin á Íslandi að fá þetta fólk

til okkar. Það er gaman að vinna í svona margmenningarsamfélagi eins og við erum í. Þó svo að tungumál geti stundum verið hamlandi þá eru margir sem tala reiprennandi íslensku og alltaf einhverjir sem eru í íslenskunámi. Þau segja nú mörg að íslenskan sé erfið að læra sem ég skil mjög vel. Ég fór sjálfur á pólskunámskeið fyrir nokkrum misserum síðan og hún er ansi erfið en þetta er auðvitað alltaf spurning um æfingu því hún er nauðsynleg,“ segir Benedikt aðspurður um þjóðerni starfsfólksins.

## Styrkir til nærsamfélagsins

- Sláturfélagið hefur verið mjög duglegt að styrkja alls konar starfsemi í nærsamfélagi sínu og munar um minna þar.



Starfsfólk kjötvinnslunnar er ánæggt með vinnuna þar enda segir Benedikt að staðurinn, sé mjög skemmtilegur og léttur vinnustaður þar sem húmor og gleði er aldrei langt undan.



Lilja Einarsdóttir, sveitarstjóri Rangárbings eystra, er mjög ánægð, eins og allir íbúar sveitarfélagsins, að SS hafi valið að opna kjötvinnslu sína á Hvolsvelli fyrir 30 árum.

Mynd / MHH

## SS er langstærsti vinnustaðurinn á Hvolsvelli

„Þegar SS flutti hingað með kjötvinnsluna árið 1991 var það gríðarleg lyftistöng fyrir atvinnulífið hér í Rangárvallasýslu. Á þessum tíma var skortur á atvinnu og það að fá hingað hundrað störf á einni nóttu var ómetanlegt. Það var svo fljótlega ráðist í viðbyggingu þar sem starfsemin óx og dafnaði vel hér, svo sambúðin er góð.“

Fyrirtækið hefur vaxið og dafnað hér í Rangárbingi eystra, enda ákaflega gott að vera hér. Fyrst um sinn voru eingöngu Íslendingar sem unnu í kjötvinnslunni, en með aukinni fjölbreytni og framboði af atvinnu hafa komið hingað erlendir starfsmenn sem hafa svo sannarlega sett sinn svip á mannlífið. Flestir koma frá Póllandi og mjög mörgum líkar vel hér og flytjast hingað alfarið og koma sér vel fyrir með fjölskyldu sína.“ segir Lilja Einarsdóttir, sveitarstjóri Rangárbings eystra, þegar hún var spurð út í 30 ára afmæli kjötvinnslunnar og hvernig starfsemin hefur þróast.

### Stærsti vinnustaðurinn

SS er stærsti vinnustaðurinn í sveitarfélaginu og munar um minna að hafa svona flott fyrirtæki á Hvolsvelli.

„Já, SS hefur í gegnum árin styrkt æskulýðs- og ungmennastarf ríkulega bæði með beinum peningum og framleiðsluvörum. Ég tel að það sé frábært fyrir SS að vera á Hvolsvelli og happadrjúg ákvörðun að vinnslan hafi flutt á sínum tíma og sömuleiðis gott fyrir Rangárbing eystra að SS sé hér, það græða allir.“ segir Benedikt.

### Þróast áfram til enn betri vegar næstu 30 árin

- Benedikt er að lokum spurður

hvernig hann sjái næstu 30 árin fyrir sér hjá kjötvinnslunni?

„Já, þú segir nokkuð. Starfsemin mun vafalaust þróast áfram til enn betri vegar næstu árin og vörubrúun er í stöðugum gangi. Við erum heppin að búa að því góða starfsfólki sem vinnur hjá fyrirtækinu og það mun hjálpa okkur áfram til framtíðar.“

Ég vil bara fá að nota tækifærið og koma kærum þökkum til þeirra neytenda, sem velja okkar góðu vörur á diskinn sinn.“

/MHH



Í anddyri vinnslunnar á Hvolsvelli er allt yfirfullt af viðurkenningarskjölum og bikurum, sem starfsmenn vinnslunnar hafa unnið til á síðustu árum í gegnum alls konar kjötkeppnir.

**Bænda-  
blaðið**  
Smáauglýsingar  
56-30-300

Lely Center Ísland

ZETOR  
VARAHLUTIR



Reykjavík: Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.lci.is  
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

Skoðun dagsins:

[ Það er betra að vera skjóttur en skjóttur ]



Nældu þér í óumdeildari skoðun, komdu með hestakerruna á næstu skoðunarstöð og hafðu hana klára fyrir vorið og sumarið.

Sími 570 9090 • www.frumherji.is



Frumherji



**YAMAHA**

ÁREIDANLEIKI  
KRAFTUR GÆÐI



3  
ÁRA  
ÁBYRGÐ

## Fjölhæfir vinnuhestar

Yamaha rafstöðvarnar eru léttar, hljóðlátar, handhægar og auðveldar í notkun. Loftkældar fjörgengis rafstöðvar.

Kletthálsi 3 • 110 Reykjavík • Sími: 540 4900 • yamaha.is

## SKÓGRÆKT &amp; LANDGRÆÐSLA

Aukning í skógrækt á Vesturlandi í fyrsta sinn í 15 ár:

## Um 800 þúsund plöntur gróðursettar í sumar

Margrét Þóra Þórsdóttir  
mth@bondi.is

„Það var svo sannarlega kominn tími á að birta færi til í skógræktinni, það virðist vera bjart fram undan á þeim vettvangi,“ segir Sæmundur Kr. Þorvaldsson, skógræktarráðgjafi á Vesturlandi. Mikið var gróðursett í fyrrasumar og lítur út fyrir að bætt verði um betur í ár, veruleg aukning er í kortunum fyrir komandi sumar. Stefnir allt í mestu gróðursetningu í landshlutanum í 15 ár.

## Ná sama fjölda og var 2004

Sæmundur segir ánægjulegt að nú sjái loks fyrir endann á samfelldu samdráttarskeiði í gróðursetningu sem staðið hefði allt of lengi. Nú í sumar sé útlit fyrir að gróðursettar verði um 800 þúsund plöntur á Vesturlandi. Það er nokkurn veginn á pari við það sem gróðursett var á árunum 2004 og 2005 þegar mest var.

„Síðan fór að halla undan fæti, það var allt gert á þeim árum til að sporna gegn viðvarandi þenslu sem þá var í gangi og greinilega hefur



Guðmundur bóndi Sigurðsson, skógarbóndi á Oddsstöðum 2 (t.v.), að skoða með Valdimar Reynissyni skógræktarráðgjafa hvort 15 ára furulundurinn að baki þarf einhverrar meðhöndlunar að sinni. Mynd / SP



Hér má sjá uppvaxandi skóga hjá þremur skógarbændum í Lundarreykjadal; næst eru Oddsstaðir 2, þá Oddsstaðir 1 og í fjarska má greina umfangsmikla skógrækt í Tungufelli. Mynd / Hlynur Gauti Sigurðsson



Eitt hentar hér og annað þar. Hér er greni að vaxa hægt í annars heppilegu lerkilandi, nema hvað að í lágsveitum Vesturlands verður rússalerkið tæpast nokkurn tíma að gæðatré en grenið kemst þangað þótt hægar fari. Svona lærum við á þessa ræktun með tíð og tíma. Mynd / SP



Það þarf ekki Skorradal til að allt geti vaxið, það þarf bara skjól. Bóndinn á Tungulæk á Mýrum, Einar Óskarsson, og ráðgjafinn Ellert Arnar Marísson skeggæða til hvers þetta logn nýttist best. Mynd / SP

## Lely Center Ísland STÍUGRINDUR



1,23m og 1,84m

Reykjavík: Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.LCI.is  
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

REKI



BJÓÐUM MIKIÐ ÚRVAL SÆTA Í HVERS KYNS VINNUTÆKI FRÁ UNITEDSEATS.



Reki ehf

Sími: 562 2950

Höfðabakka 9

110 Reykjavík

Netfang: tryggvi@reki.is

Vefsíða: www.reki.is



Sæmundur Kr. Þorvaldsson.

niðurskurður í skógrækt verið vel til þess fallinn að ná því markmiði. Það var í það minnsta dregið mjög úr fjárveitingum sem þýddi að gróðursetning dróst saman og eins var líka gripið til uppsagna starfsfólks hjá hinu opinbera, fólki sem vann m.a. að skipulagsverkefnum. Starfsfólki fækkaði umtalsvert, um 30% fækkaun varð á mannskap hjá okkur svo dæmi sé tekið,“ segir Sæmundur.

## Samningar um 11.300 ha lands undir skógrækt

Um þessar mundir eru samningar við 131 landeigenda á Vesturlandi um skógrækt og á alls 11.300 hektara lands. Það gerir að meðaltali um 86 ha á hverja jörð. Þegar er að sögn Sæmundar búið að planta í um 4.500 ha af þeim ríflega 11 þúsund sem samningar eru í gildi um.

„Og nú verður bara haldið áfram



15 ára sitkagreni og stafafura í Sveinatungu í Norðurárdal. Mynd / SP



Framtíðarskóglendi á Búrfelli í Reykholtssdal. Mynd / SP

sem aldrei fyrr. Við erum loks núna eftir 15 ár að ná þeim dampi sem var í gróðursetningu fyrir hálfum öldum áratug,“ segir hann. Á gamla Vesturlandssvæðinu er fyrirhugað að gróðursetja um 650 þúsund plöntur í ár og um 150 þúsund á Vestfjörðum, eða samanlagt um 800 þúsund plöntur líkt og var í eina tíð.

## Komið að grisjun og fellingu

Sæmundur segir að bændaskógrækt hafi verið stunduð á Vesturlandi í rúma tvo áratugi og því sé komið að grisjun skóganna jafnvel og fellingu. Brynt sé að bændur sem stundi skógrækt geri sér mat úr afurðum sem skógarnir gefa af sér, en þeir

þurfi líka að huga að því að koma sér upp þeim tækjum og tólum sem til þarf við þá vinnu sem fram undan er í skógunum.

„Það er mikill kostnaður við að koma sér upp þeim tækjum sem nauðsynleg eru og því ekki úr vegi að bændur sameinist um kaupin og deili sín á milli, en eins eru verktafar á þessu sviði til taks ef menn kjósa að hafa þann háttinn á,“ segir hann.

Sæmundur segir að útlit sé fyrir að mikið falli til af viði á Vesturlandi á næstu áratugum, en samkvæmt útreikningum sem fyrir liggja sé áætlað að um 190 (þúsund) rúmmetrar falli til í fjórðungnum á næstu 30 árum.

## LÍF &amp; STARF



Áfram greinist fuglaflensa í villtum fuglum á vetrarstöðvum íslenskra farfugla, sem streyma enn til Íslands. Því þarf aukið viðbúnaðarstig áfram að vera í gildi vegna fuglaflensu.

## Viðbúnaðarstig vegna fuglaflensu enn í gildi: Greinist enn í villtum fuglum á vetrarstöðvum íslenskra farfugla – Öll sýni MAST hér á landi hafa samt verið neikvæð

Matvælastofnun hefur gefið út tilkynningu um að aukið viðbúnaðarstig vegna fuglaflensu sé enn í gildi. Ástæðan er að hún greinist áfram í villtum fuglum á vetrarstöðvum íslenskra farfugla, sem streymi enn til Íslands.

Þann 15. mars birti atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið auglýsingu um tímabundnar sóttvarnarráðstafanir, á grundvelli tillögu Matvælastofnunar, til að fyrirbyggja að fuglaflensa berist í alifugla og aðra fugla sem eru í haldi á Íslandi. Hún gengur út á að allir slíkir fuglar þurfi tímabundið að vera hafðir í yfirbyggðum gerðum þar sem villtir fuglar komast ekki inn eða í fuglaheldum húsum. Sóttvarnir skuli viðhafðar til að hindra smit frá villtum fuglum í alifugla.

### Öll sýni neikvæð hingað til

Hingað til hafa öll sýni reynst vera neikvæð sem Matvælastofnun hefur tekið úr dauðum fuglum eftir ábendingar frá almenningi. „Finnist fuglaflensa í villtum fugli mun Matvælastofnun tafarlaust upplýsa eigendur alifugla og almenning um það. Sérstakt eftirlit verður haft með heilbrigði alifugla og annarra fugla í haldi, í a.m.k. fjórar vikur á svæði innan við 10 kílómetra frá fundarstað fuglsins og annars staðar eftir þörfum. Matvælastofnun mun einnig meta þörf á takmörkunum á flutningi fugla á þeim tíma. Þess vegna ítrekar stofnunin að allir sem halda alifugla skrái sitt fuglahald í gegnum þjónustugátt Matvælastofnunar svo stofnunin geti haft samband ef þörf er á.

Áfram er mikilvægt fyrir Matvælastofnun að fá tilkynningu frá almenningi um dauða villta fugla nema augljóst sé að þeir hafi drepist af slysförum. Með vöktun á fuglaflensu í villtum fuglum getur Matvælastofnun metið smithættu fyrir alifugla og aðra fugla í haldi. Smithætta er einnig metin út frá stöðu greininga í villtum íslenskum farfuglum á vetrarstöðvum þeirra. Horft er sérstaklega til norðurhluta Þýskalands, vesturhluta Danmerkur, Vaðlahafs og Bretlandseyja. Í nýjasta áhættumati þýskrar rannsóknarstofu fyrir heilbrigði dýra (FLI) frá 26. apríl kemur fram að greiningar í villtum fuglum og alifuglum hafa á síðustu dögum verið á undanhaldi, og þar af leiðandi er smithætta fyrir alifugla metin í meðallagi. Á Bretlandseyjum eru áfram í gildi hertar smitvarnir fyrir alifugla og aðra fugla í haldi á öllu landinu sem voru tilkynntar þann 11. nóvember 2020. Í Danmörku þurfti nýlega að aflífa stóran hóp eldisanda og -gæsa. Einnig þar í landi eru hertar smitvarnir áfram í gildi sem voru settar þann 6. nóvember 2020.“ segir í tilkynningu Matvælastofnunar.

Afleiðingar fuglaflensusmits geta verið alvarlegar; stór hluti fuglahópa getur drepist, fyrirskipa þarf aflífun á öllum fuglum á búi sem fuglaflensa greinist á og leggja þarf ýmiss konar takmarkanir á starfsemi á stóru svæði umhverfis viðkomandi bú.

### Enn möguleiki á smiti

Það er mat starfshóps um fuglaflensu að enn sé möguleiki á smiti frá villtum fuglum í alifugla og aðra fugla í haldi. Gert er ráð fyrir að hægt verði að aflétta kröfum um tímabundnar varnaraðgerðir ef ekki greinast skæðar fuglaflensuveirur þegar meginfjöldi farfugla er kominn til landsins. „Þegar sambærileg hætta var til staðar vegna fuglaflensu H5N8 í Evrópu árið 2017 var varnaraðgerðum aflétt þann 19. maí það ár. Hvort um sama tímamark verði að ræða í ár kemur í ljós á næstu vikum. Þangað til er það samfélagsleg ábyrgð allra fuglaeigenda að fara eftir fyrirmælum um hertar sóttvarnaaðgerðir, því efnahagslegt tjón getur verið gífurlegt ef upp kemur fuglaflensa á alifuglabúi. Auk þess er ávallt hætta á að fuglaflensuveirur geti stökkbreyst með þeim afleiðingum að smithætta fyrir fólk aukist, ef þeim er ekki haldið í skefjum, þó svo engar vísbendingar hafi komið upp um aukna smithættu með þeim skæðu fuglaflensuveirum sem hafa fundist í Evrópu í vetur,“ segir enn fremur í tilkynningu Matvælastofnunar.

/smh

# Hrossabændur - hestamenn!

Vantar hross til slátrunar á næstu vikum.

Sláturpantanir í síma 480 4100.



Sláturfélag Suðurlands  
Selfossi



## Öflugar rafstöðvar

Hjá Dynjanda færðu öflugar rafstöðvar, í mismunandi stærðum og gerðum sem henta fyrir margskonar aðstæður. Við veitum þér faglega aðstoð. Hafðu samband.

**DYNJANDI**  
allt fyrir öryggið

Skeifunni 3h | Sími: 588 5080 | dynjandi.is

## GODO Við styðjum við íslenska ferðapjónustu



- Hótelstjórnunarkerfi
- Sjálfvirkar greiðslur
- Bókhaldestengingar
- Rekstrarþjónustur
- Skýrslugerð & mælingar

- Ferðaskrifstofur
- Markaðstorg
- Beintenging við framboð
- Ný samstörf & aukin sala
- Sjálfvirkni í söluferli

- Hugbúnaðargerð
- Viðskiptagreind
- Veflausnir
- Gjafabréf
- Gagnahús

- Sérhæfð síðan 2012
- Góð þjónusta
- Ánægðir viðskiptavinir
- Framtíðarsýn
- Framúrskarandi tækni

TRAVIA

PROPERTY

PRIMO

SUITE

PRONTO

RemotelOCK

regla

clk hugbúnaður

Microsoft Dynamics NAV

UNICONTA

VALITOR

SaltPay

Rapyd

info@godo.is - +354 5554636 - Höfðabakki 9 - Reykjavík

# Hvetja almenning til að rækta garðinn sinn

– Hvert framlag skiptir máli

Félag garðplöntuframleiðenda, sem samanstendur af 14 framleiðendum um allt land, fer senn af stað með átaksverkefnið Þinn garður – Þín kolefnisbinding til að auka áhuga, þekkingu og þátttöku almennings á ræktun gróðurs með tilliti til kolefnisbindingar. Með því vill félagið vekja fólk til vitundar um að allur gróður og græn svæði binda kolefni og allir geta lagt sitt af mörkum.

Það er von félagsins að með fræðslu og kynningu aukist áhugi fólks á að rækta meira á sínu heimasvæði og stuðla þannig að eigin kolefnisbindingu.

„Við erum að fara af stað með þetta spennandi verkefni þar sem ætlunin er að fá almenning í lið með okkur til að virkja græna fingur landsins, fræða fólk um kosti þess að hlúa vel að eigin garði, svölum og sumarbústaðalöndum með því að planta meira af trjám og blómum ásamt því að rækta eigin matvæli. Það geta allir lagt sín lóð á vogarskálarnar til að hafa jákvæð áhrif á umhverfið og samfélagið í heild.“ segir Erla Hjördís Gunnarsdóttir, verkefnisstjóri verkefnisins, sem bendir jafnframt á að stærsta og



fjölbreyttasta ræktunarverkefni á Íslandi sé ræktun gróðurs í þéttbyli og sumarbústaðalöndum.

**Fræðsla og ráðgjöf við val á plöntum**

Inni á heimasíðu garðplöntuframleiðenda, [gardplontur.is](http://gardplontur.is), getur almenningur fundið lista yfir garðplöntuframleiðendur og leitað að upplýsingum um plöntur, ræktunarskilyrði og fleira. Auk þess prýðir fjöldi myndra gagnagrunninn, notendum til glöggvunar.

„Inni á síðunni má finna hvaða plöntur og tré er heppilegast að rækta




Erla Hjördís Gunnarsdóttir, verkefnastjóri verkefnisins Þinn garður – Þín kolefnisbinding, ásamt gjaldkera Félags garðplöntuframleiðenda, Guðmundi Vernharðssyni, eiganda Gróðrarstöðvarinnar Markar í Fossvogsdal í Reykjavík.

miðað við þær aðstæður sem hver og einn býr við. Fræðsla og ráðgjöf um val á plöntum og ræktun mun standa til boða bæði með þjónustu sem veitt er við kaup á plöntum í garðplöntustöðvum sem og á netinu.“ útskýrir Erla Hjördís og segir jafnframt:

„Til að vekja athygli á áttakinn

munum við vera sýnileg í sumar á ýmsum miðlum og taka allir garðplöntuframleiðendur landsins þátt í áttakinu með því að fræða gesti sína um hinar fjölmörgu tegundir sem í boði eru hérlendis og hvað henti fyrir hvern og einn með tilliti til aðstæðna. Ræktun í heimilisgarði



Inni á heimasíðu Félags garðplöntuframleiðenda má finna plöntuleit þar sem itarefni er að finna með myndum um hátt í 1.200 plöntur sem til eru hérlendis.

hreinsar mengun og skaðleg efni úr umhverfinu og þar sem allar plöntur ljóstillifa og binda kolefni þá skiptir framlag hvers og eins máli þegar kemur að kolefnisbindingu.“

## Færíbandareimar

Eigum á lager færíbandareimar í flestar gerðir rúlluvéla



**GÚMMISTEYPA P. LÁRUSSON EHF.**

Byltaföt 3 · 112 Reykjavík · Sími 567 4467 · Fax 567 4786 · [gummisteypa@gummisteypa.is](mailto:gummisteypa@gummisteypa.is) · [www.gummisteypa.is](http://www.gummisteypa.is)

## RÍKISKAUP

Borgartúni 7c, 105 Reykjavík | Sími 530 1400 | [www.rikiskaup.is](http://www.rikiskaup.is)

Allar nánari upplýsingar veita starfsmenn Ríkiskaupa í síma 530 1400 eða í gegnum netfangið [fasteignir@rikiskaup.is](mailto:fasteignir@rikiskaup.is)



### AUGLÝSA EFTIRFARANDI EIGN TIL SÖLU:



#### VERKMENTASKÓLINN Á AKUREYRI ÓSKAR EFTIR TILBOÐUM Í SUMARHÚS TIL FLUTNINGS

Tilboð óskast í sumarhús til flutnings, staðsett á lóð Verkmenntaskólans á Akureyri og byggt af nemendum í húsasmíði, rafvirkjun og pípulögnum.

Um er að ræða timburhús, 53 m<sup>2</sup> að grunnfleti með svefnaðstöðu og geymslu á lofti. Að utan er húsið klætt olíugrunnaðri band-sagaðri vatnssklæðningu og bárujárni, örlítil vinna er eftir í frágangi klæðningar. Þak er bárujárnsklætt. Í húsinu eru timburgluggar og úthurðir. Lagt er fyrir rafmagn og neysluvatni í húsinu, búið er að leggja fyrir gólfhita, þá er eftir að setja gólfniðurföll í sturtu og í þvottahús.

Húsið verður til sýnis eftirfarandi daga; miðvikudaginn 12. maí kl 16:30-18:30 og þriðjudaginn 18. maí kl. 15-18.

Húsið er tilbúið til flutnings og þarf kaupandi að fjarlægja það eigi síðar en 15. ágúst 2021.

Tilboðum skal skila rafrænt á heimasíðu Ríkiskaupa fyrir kl. 12:00 mánudaginn 24. maí n.k. merkt **Sumarhús VMA 21445**.

Nánari upplýsingar á heimasíðu Ríkiskaupa: [www.rikiskaup.is](http://www.rikiskaup.is).

**Verð: Tilboð óskast.**



Hressir grunnskólakrakkar í Hafnarfirði.

## Bestu birkimyndböndin

– Efnt til keppni meðal grunn- og framhaldsskólanema

Áttak til að auka útbreiðslu birkiskóga, með söfnun og sán-ingu á birkifræi, hófst á síðasta ári. Fjöldi fólks tók þátt í því og umtalsverðu magni af birkifræi var safnað. Til að glæða enn frekar áhuga landsmanna var ákveðið að efna til myndbandakeppni meðal grunn- og framhaldsskólanema.

Keppnin hófst í lok apríl og lýkur 30. september. Ástæðan fyrir svona löngum keppnistíma er sú að án efa vilja einhverjir mynda birkið frá því að það lifnar að vori og þar til það stendur í haustlitum með fullþroskað fræ.

Keptt verður í tveimur flokkum, grunnskólaflokk og framhaldsskólaflokk. Í boði eru vegleg verðlaun sem fyrirtækin Heimilistæki og Tölvulistinn gáfu til keppinnar. Sjá nánar á heimasíðunni <http://www.birkiskogur.is>.

Hver þátttakandi getur sent inn fimm myndir inn í sinn flokk. Engar hömlur eru settar hvað varðar tæki sem eru notuð við gerð myndbanda. Sama gildir um efnismæðferð. Hins vegar eru gerðar kröfur um að myndin/myndirnar frá hverjum og einum fjalli um birki á Íslandi, lengd innsendra myndbanda fari ekki yfir

60 sekúndur og að skráningarformið sé fyllt út. Einn höfundur skal skrifadur fyrir hverju myndbandi.

Aldurstakmörk á samfélagsmiðlum eru 13 ár á Íslandi. Ef þátttakandi er yngri en 13 ára verður hann að hafa leyfi foreldra/forráðamanna til að taka þátt.

Á síðunni [www.birkiskogur.is](http://www.birkiskogur.is) er skráningarform sem þátttakandi þarf að útfylla. Þar þarf m.a. að koma fram nafn höfundar, heiti Instagram reiknings, sími, netfang og slóð inn á myndbandið. Hægt verður að skoða innsend myndbönd á síðunni [www.birkiskogur.is](http://www.birkiskogur.is).

## Vegna aukinnar eftirspurnar óskum við eftir bújörðum á söluskrá

Vinsamlega hafið samband við Björgvin Guðjónsson, búfræðing og löggiltan fasteignasala í síma 510-3500 og 615-1020 eða á netfangið [bjorgvin@eignatorg.is](mailto:bjorgvin@eignatorg.is)

**Eignatorg**  
Skiopholt 50b, 105 Reykjavík

## GAS LYKKJUBYSSA

Hentar einkar vel fyrir girðinga-vinnu og aðrar framkvæmdir



Frekari upplýsingar má sjá á [S-J.IS](http://S-J.IS)

**SKÚLASON & JÓNSSON**  
SKÚTUVÖGI 6 - 104 REYKJAVÍK - SÍMI 568 6544

## Lely Center Ísland



Baggaspjót

Reykjavík: Krókháls 5F - Sími 414 0000 - [www.lci.is](http://www.lci.is)  
Akureyri: Óðinsnes 2 - Sími 464 8600

**Bændablaðið**  
**Kemur næst út**  
**27. maí**

Afmælisveisla með 10% af ÖLLU í sólarhring!

12. MAÍ

139.690 kr.  
RM 70/20 C - Söpur

478.790 kr.  
HD 10/25-4 SX Plus - Háþryggtidala



**RAFVER**  
65 ÁRA

Skeifan 3 • 108 Reykjavík • Sími 581 2333 • [rafver.is](http://rafver.is) • [rafver@rafver.is](mailto:rafver@rafver.is)



**NÝ MASSEY FERGUSON DRÁTTARVÉL**  
EINFALDLEIKI. ÁREIÐANLEIKI. 100% SKÝTENGING.



red dot winner 2021  
TRACTOR OF THE YEAR 2021 WINNER

MASSEY FERGUSON 8S | 205-265 HP

MASSEY FERGUSON  
**EXPERIENCE**

**MASSEY FERGUSON**

**BÚVÉLAR**

Austurvegur 69 - 800 Selfoss  
Sími 480 0080  
[buvelar.is](http://buvelar.is)

MASSEY FERGUSON® is a global brand of AGCO Corporation.



**T-MAX**<sup>®</sup>  
MAXIMUM OFF ROAD RECOVERY™

Dráttarspil og aukahlutir fyrir jeppa og fjórhjól í mörgum stærðum

- ▲ Loftdælur
- ▲ Drullutjappar
- ▲ og fleira

Verslun  
Reykjavík  
Tangarhöfða 8 - 15  
Sími: 590 2000  
[varahlutir@benni.is](mailto:varahlutir@benni.is)

Sérfræðingar í bílum

[benni.is](http://benni.is)

**Bilabúð**  
**Benna**

Orkugerðin ehf. í Flóahreppi umbreytir sláturúrgangi í dýrmætan áburð til uppgræðslu:

# Draumurinn að byggja nýja verksmiðju sem breytir fiðri í próteinríkt dýrafóður

— segir Ólafur Wernersson framkvæmdastjóri sem telur mikil tækifæri leynast í rekstrinum

Hörður Kristjánsson  
hk@bondi.is



Kjötmjölsverksmiðjan Orkugerðin ehf. í Flóahreppi (gamla Hraungerðishreppi), er afsprengi verksmiðjunnar Kjötmjöls ehf. sem tók til starfa undir lok september 2000. Verksmiðjan er nú á góðum skrið undir stjórn Ólafs Wernerssonar framkvæmdastjóra sem sér m.a. mikil tækifæri í vinnslu próteins í lífrænan áburð úr hráefni eins og fiðri af sláturfluglum.

Starfsmenn Orkugerðarinnar eru að jafnaði þrjú til fjórir. Ólafur staðfesti í samtali við Bændablaðið að starfsemin væri farin að ganga vel.

Húsnæði fyrirtækisins, sem er stálgrindarhús, er um 800 fermetrar að stærð en auk þess tilheyrir um 40 fermetra ketilhús fyrirtækinu.

Afkastageta verksmiðjunnar er um 2 tonn á klukkustund, eða allt að 7.500 tonn á ári. Hún tekur við dýra- og sláturúrgangi og getur einnig tekið við öðrum lífrænum efnum. Þar er þó ekki tekið við hrægjum af dýrum sem drepist hafi vegna sjúkdóma, eins og vegna riðuveiki.

## Fiðrinu umbreytt í prótein í áburði

Fyrir utan vinnslu Orkugerðarinnar á sláturdýrum og afskurði frá kjötvinnslum, þá hefur fiðri frá Reykjarði verið breytt í mjöl með góðum árangri. Einnig varphænum sem ekki fara til manneldis. Þá er nýverið búið að gera samning við Nesbúið um að varphænum frá þeim séu teknar í vinnsluna þegar verið er að skipta um hænur í búinu.

„Þannig voru t.d. um 20 tonn af hænnum frá Nesbúinu teknar til vinnslu í vikunni fyrir páska og gekk það glimrandi vel,“ segir Ólafur.

Ólafur leggur þó áherslu á að sótt dauð dýr eða hænur sem drepist hafi vegna sýkinga séu alls ekki teknar í mjölvinnsluna.

Hann segir að um 120 tonn af hænnum falli til hjá Nesbúinu á ári sem þurfi að farga. Eitthvert álfka magn fellur til hjá Reykjarði. Þessar hænur hefðu að öllu jöfnu verið urðaðar en eru nú nýttar í framleiðslu á mjöli til áburðar.

## Draumurinn að reisa aðra fullkomnari verksmiðju

„Framtíðardraumurinn er að setja hér upp aðra verksmiðju. Núverandi verksmiðja er af því sem kallað er „katagoría tvö“ (annars stigs verksmiðja). Það þýðir að við megum ekki framleiða fódurefni.

Til að heimilt sé að framleiða fódurmjöl þarf að vinna það í sérstöku ferli varðandi úrgang í áhættuflokkum 2 og 3. Skýrsla sem Matís gerði sýnir að þannig sé hægt að vinna það sem þeir kalla fjadramjöl. Það verður samt enn betra ef blandað er í það blóði við vinnsluna og fæst þá mjög gott prótein sem hægt er að nýta sem dýrafóður.

Hvort af þessu verður fer eftir því hvernig málin þróast hér á suðvesturhorni landsins varðandi förgun á fugli og öðrum dýrum.“

Stöðugt er verið að þrengja reglur varðandi urðun á sláturúrgangi. Ólafur segir að ný fullkomnari verksmiðja við hlið þeirrar sem fyrir er myndi styrkja mjög starfsemi Orkugerðarinnar. Það



Ólafur Wernersson, framkvæmdastjóri Orkugerðarinnar í Flóahreppi, við sjóðarann í verksmiðjunni.  
Mynd / Orkugerðin



Orkugerðin er staðsett skammt ofan við þjóðveginn austan við Selfoss.

myndi líka auka möguleika á vinnslu á sláturúrgangi hér á landi þannig að ekki þyrfti að frysta hann og flytja úr landi til vinnslu. Það minnkar einnig kolefnisspor matvælaframleiðslunnar.

## Dýrafita nýtt til að kynja verksmiðjuna

Afurðirnar sem verða til í verksmiðjunni eru fita sem nýtt er sem orkugafi til gufuframleiðslu í verksmiðjunni í stað svartolíu. Einnig er umframfita seld til Hollands í lífdísilframleiðslu. Aðrar afurðir eru mjöl eða kögglar í 700 kg stórsekkjum eða í 25 kg plastpokum.

## Vinna úr 400 til 600 tonnum á mánuði

„Við erum að taka við í kringum 400

tonnum af sláturúrgangi á mánuði yfir vetrarmánuðina. Það eykst um 200 tonn í sláturtíðinni,“ segir Ólafur Wernersson.

„Nýlega gerðum við tilraun að beiðni Guðmundar Svavarssonar í Reykjarði með að taka fiðrið sem til fellur við slátrun. Það höfðu verið vandræði við að losna við það og það því urðað. Með því að blanda því saman við kjúklingainnyflin þá gengur ágætlega að vinna það í verksmiðjunni hjá okkur. Þarna er um að ræða um 400 tonn af hráefni sem annars færi til urðunar.“

## Hráefnið soðið til að drepa bakteríur

„Fiðrið ásamt innyflunum er soðið í þrjú klukkustundir og þar af í hart nær klukkutíma undir þrýstingi til að drepa allar bakteríur. Síðan er



Miklar endurbætur hafa verið gerðar á verksmiðjunni á undanförmum árum og ekki vantar mikið á að hún geti verið 100% sjálfbær í orkunotkun.  
Mynd / Orkugerðin

eimað úr þessu allt vatn og keyrt í gegnum pressu sem aðskilur fitu frá fastefninu. Fitan fer síðan í tank og þaðan í gegnum liggjandi skilvindu sem hreinsar dýrafítuna ansi vel sem er þá í fljóttandi formi meðan hún er í yfir 30 gráðu hita.“

## Fluttu út um 1.000 tonn af dýrafitu á einu og hálfu ári

Þessi fita er síðan notuð til að reka verksmiðjuna og kynda upp okkar eigin ketil. Fita sem verður umfram það sem við þurfum að nota í okkar rekstur er seld til Hollands þar sem hún er notuð í lífefnaeldsneyti. Á einu og hálfu ári erum við t.d. búnir að flytja út tæp 1.000 tonn af dýrafitu til lífeldsneytisgerðar,“ segir Ólafur.

Hann segir alveg ljóst að margþættur hagur sé af þessari nýtingu á dýrafitu til að kynda verksmiðjuna og til að framleiða lífeldsneyti.

## Starfsemi Orkugerðarinnar nýttist Reykjarði vel

Guðmundur Svavarsson, framkvæmdastjóri Reykjarðs, sem er jafnframt stjórnarmaður í Orkugerðinni ehf., segist stoltur af því hvernig hafi tekist til með fullnýtingu á nær öllu hráefni sem til felur í kjúklingavinnslunni, eða rúmlega 99%.

„Það sem ekki nýttist til manneldis af okkar hráefni fer annars vegar til Fódurstöðvar Suðurlands þar sem unnið er úr því refafóður. Restin fer í Orkugerðina sem býr til úr því kjötmjöl sem er síðan nýtt til landgræðslu og skógræktar. Fitan úr hráefninu er síðan notuð að hluta til að kynja verksmiðjuna og til lífdísilframleiðslu.

Fram til þessa hefur allt fiðrið af sláturfugli verið urðað, en nú er farið að nýta það líka sem prótein í áburðarmjöl. Þannig erum við að ná rúmlega 99% nýtingu á öllu því hráefni sem til fellur í kjúklingavinnslunni hjá okkur.“

Guðmundur segir að þarna sé Reykjaragður um leið að minnka kolefnisspor Íslendinga með framleiðslu á mjöli sem nýtt er til jarðvegsbindingar og ræktunar skóga með tilheyrandi kolefnisbindingu.

„Við erum mjög stolt af þessu,“ segir Guðmundur.

## Hættu brennslu á svartolíu

Upphaflega var kjötmjölsverksmiðjan kynt með svartolíu,

en eftir að kúariðufárið kom upp í Bretlandi og sala á afurðum frá verksmiðjunni stöðvaðist var skipt yfir í brennslu á dýrafitu. Fyrir tveimur árum var svo tekinn í notkun mun fullkomnari brennari til að brenna dýrafitu, þannig að nú er enginn sjáanlegur reykur frá verksmiðjunni lengur. Þá var skipt um sjóðarana í verksmiðjunni sumarið 2020 auk þess sem legur og annað í snigli voru endurnýjaðar. Nú er verksmiðjan nánast eins og ný.

## Stöðugt unnið að aukinni sjálfbærni verksmiðjunnar

„Áður fyrr kostaði það okkur um 20 krónur að eyða hverju kíló af dýrafitu sem við gátum ekki brennt. Nú erum við hins vegar að fá greiddar á milli 30 til 50 krónur fyrir hvert kg af fitu. Þannig hefur þetta orðið til þess að draga úr kostnaði við förgun sláturúrgangs og um leið að auka sjálfbærni verksmiðjunnar.

Það eina sem við eigum eftir að gera til að verksmiðjan sé 100% sjálfbær, er að setja upp guftutúrbinur til að nýta varmaorkuna frá verksmiðjunni. Gufan sem verður til við suðuna er í dag kæld með andrúmslofti, en það mætti t.d. nýta hana til að skerpa á hitaveituvatni.

Nú með vorinu er ætlunin að koma upp kæliturni með hitaspíral þannig að við getum allavega flutt útblástursvarmann yfir í neysluvatni verksmiðjunnar.“

Ólafur segir að til að hægt sé að nýta þessa varmaorku inn á hitaveitukerfið sem liggur inn í verksmiðjuna og fær orku frá jarðhitaveitu, þyrfti hringrásarkerfi á hitaveituna og mögulega varmaskipti.

## Kjötmjölíð nýtt í áburð til landgræðslu

„Kjötmjölíð má ekki nota í annað en áburð þar sem þarmainnihald sláturdýra er nýtt með í vinnsluferlinu. Það er því Landgræðslan, Skógræktin, Landsvirkjun og Hekluskoðgar sem taka mest af okkar afurðum.

Mér skilst þó að bændur í lífrænni ræktun sem og aðrir bændur megi orðið nota mjölíð frá okkur. Þó eru þær hömlur á því að ef nota á áburðinn á tún eða beitarslóð, þá verði að vera búið að bera á það fyrir 1. nóvember árið á undan, síðan má byrja að beita á viðkomandi beitarslóð 1. apríl.“

Ólafur segir að þessar tímasetningar hafi verið gagnrýndar, m.a. vegna þess að sláturtíð á Íslandi





Trausti Jóhannsson, skógarvörður hjá Skógræktinni.

Lýkur oft ekki fyrr en í nóvember. Þá sé heldur ekki venjan að hleypa fé á afrétti í apríl. Samkvæmt skilgreiningum á notkun á svona mjöli í Evrópu ætti að vera óhætt að dreifa mjölinu lengur á haustin.

Golfvallarstjórnendur hafa svolítið verið að kaupa frá okkur mjöl og sagan segir að hægt sé að spila hálfum mánuði lengur á þeim golfvöllum á haustin og byrja hálfum mánuði fyrr á vorin en á öðrum völlum. Ég sel það þó ekki dýrara en ég keypti það," segir Ólafur.

Ólafur segir að sjá megi góðan árangur af nýtingu kjötmjölsins til landgræðslu, m.a. á svæði Landgræðslunnar fyrir ofan Gunnarsholt.

### Algjört undraefni

Trausti Jóhannsson, skógarvörður hjá Skógræktinni, hefur góða reynslu af notkun kjötmjöls frá Orkugerðinni.

Þetta mjöl er algjört undraefni," segir Trausti. „Það hefur gert kraftaverk á þeim stöðum sem við höfum verið að nota þetta. Við höfum til dæmis verið að græða upp áreyrar við Þjórsá í Skarfaskeri í Landsveit. Þar er mjög rýr jarðvegur og við höfum dreift einni umferð af mjöli og gróðursett í það aspir og þá mest aspargræðlinga. Síðan höfum við fylgt því eftir ári seinna og heildreift yfir landið einu sinni með tilbúnum áburði. Þetta hefur gefið mjög góða raun. Reyndar gjörbreytir ein umferð af kjötmjölinu landinu og það grær strax upp. Í þessum rýra jarðvegi er mikið af fræforða eins og súrur og margs konar smáplöntur. Þetta tekur strax við sér við að fá kjötmjölið og framvinda fer af stað. Þá kemur þetta líka í veg fyrir frostlyftingu. Við höfum líka notað þetta mikið í Hekluskógum. Það er lítill vandi að koma þessu fyrir og ágætt að dreifa þessu með skeljasandsdreifurum.“

### Kemur mjög vel út í uppgræðsluverkefnum

Gústav M. Ásbjörnsson, sviðsstjóri hjá Landgræðslunni, tekur í sama streng og Trausti hjá Skógræktinni.

„Efnið er að koma mjög vel út í uppgræðsluverkefnum. Það er frekar hátt innihald næringarefna eins og köfnunarefnis og fosfórs í mjölinu og gæðin hjá Orkugerðinni eru orðin mjög mikil. Við erum samt ekki að bera mikið magn á hektara, eða frá einu og upp í eitt og hálf tonn. Maður tekur því ekkert eftir því á yfirborðinu eftir eina rigningu þar sem mjölinu hefur verið dreift. Þá eru næringarefnið að leysast út hægt og rólega og við eigum tilraun sem sýnir það vel yfir þriggja ára tímabil. Kjötmjölið hefur því lengri áhrifátíma en tilbúinn áburður. Þetta er því ágætis valkostur og nýtist vel þar sem hægt er að koma þessu við.“

Gústav segir að þeir noti skeljasandsdreifara við dreifinguna á kjötmjölinu. Þeir hafi þó breytt honum svo auðveldara sé að stýra magninu. Þeir hafi komist að því að með því að dreifa kjötmjölinu með hefðbundnum skítadreifurum vilji dreifingin vera ójöfn. Þannig geti farið óþarflega mikið á suma staði og hætta á að full mikið fari af



Orkugerðin Heiðargerði 5 framleiðir mjöl sem fagmönnum þykir afbragðsgott til uppgræðslu lands. Er mjölið afgreitt í stórsekkjum til flutnings. Myndir / HKr.



Gústav M. Ásbjörnsson, sviðsstjóri hjá Landgræðslunni.

næringarefnum á hvern hektara sem geti falið í sér óþarfa soun.

„Notkunin hjá okkur á kjötmjöli er alltaf að aukast," segir Gústav.

### „Þetta er einstakt efni“

Magnús H. Jóhannsson, sviðsstjóri hjá Landgræðslunni, er sérfræðingur í þessum málum og mikill áhugamaður um nýtingu lífrænna áburðarefna.

„Þetta er einstakt efni. Það er þurr og þökkalega meðfærilegt að dreifa því. Kjötmjölið hefur hátt niturhlutfall og er einstakt til uppgræðslu eins og svo margt annað lífrænt efni. Við höfum notað það ansi mikið uppi í Hekluskógum, eða allt að 200 tonn á ári. Magnið á hektara er svona frá 1,2 tonnum og upp í 1,6 tonn á hektara. Þetta er mjög góður áburður og tilvalið að nota hann til uppgræðslu. Með honum erum við kannski að setja um 100 til 120 kg af nitri á hektara. Ef þetta væri tilbúinn áburður væri það eflaust ansi hátt niturhlutfall við uppgræðslu. Þar miðum við helst ekki við meira en 50 kg á hektara og nýtist ekki. Þar sem um kjötmjöl er að ræða, sem er lífrænt efni, þá leysast næringarefnið hægar út í umhverfið og eru því til staðar í lengri tíma. Menn tala því um að áhrifin geti varað í minnst þrjú ár. Þetta höfum við séð víða," segir Magnús H. Jóhannsson.

### Kúariða í Bretlandi setti rekstur kjötmjölsverksmiðjunnar á hliðina

Eigendur Kjötmjölsverksmiðjunnar í upphafi voru Sorpstöð Suðurlands, Sláturfélag Suðurlands, Búnaðarfélag Hraungerðishrepps, Eignarhaldsfélag Suðurlands, Gámaþjónustan hf., Þríhyrnungur hf., Reykjagarður hf., Atvinnuþróunarsjóður Suðurlands og Grísabær. Þá áformaði Sorpa einnig eignaraðild að verksmiðjunni.



Magnús H. Jóhannsson, sviðsstjóri hjá Landgræðslunni.

Í upphafi var hún reist til að búa til kjötmjöl í sláturúrangi í stað þess að urða hann sem nú er reyndar bannað. Til að byrja með kom hráefnið eingöngu úr fugla- og gripasláturhúsum og kjötvinnslum á Suðurlandi. Kjötmjölið var að stórum hluta selt sem dýrafóður til Evrópu og þá aðallega í loðdýrafóður. Þegar upp kom

kúariða í Bretlandi síðla árs 2000, sem olli Creutzfeldt-Jacob sjúkdómi, var farið að banna að fæða gripni með kjötmjöli. Það var einnig gert hér á landi þó þessi sjúkdómur hafi aldrei komið upp hér í nautgripum svo vitað sé.

Reyndar má segja að Íslendingar hafi þarna gengið lengra en margir töldu æskilegt. Þar var m.a. vísað til frumkvæðis Páls Agnars Pálssonar yfirdýralæknis, sem lét banna innflutning á kjöt- og beinamjöli 1968. Hann komst síðan að samkomulagi við forstöðumenn kjötmjölsverksmiðja á Íslandi 1978 um bann við notkun kjöt- og beinamjöls í fóður jörturdýra. Eftir það var íslenska kjötmjölið nær eingöngu notað í eldi annarra dýra eins og svína og loðdýra.

### Íslenska kjötmjölið líka bannað til fóðrunar loðdýra og svína

Þó engar vísbendingar væru um að kúariðusmitaðir gripir væru nýttir við vinnslu á íslenska kjötmjölinu var eigi að síður líka lagt bann við notkun á kjötmjöli í loðdýrafóður og svínafoður á Íslandi í kjölfar kúariðu-

fársins í Bretlandi. Þar með hrundi markaður fyrir afurðir Kjötmjöls ehf. og var verksmiðjan komin í mikil vandræði í árslok 2004 sem endaði með gjaldþroti. KB banki yfirtók eignir verksmiðjunnar og var öllu starfsfólki sagt upp í lok janúar 2005. Starfsemi var svo hætt 15. apríl 2005 og ákveðið að selja verksmiðjuna til niðurrifs.

### Verksmiðjan endurreist – Urðun á sláturúrangi þótti ekki verjandi

Ekki var saga kjötmjölsverksmiðjunnar í Flóanum þar með öll. Haustið 2005 var starfsemi kjötmjölsverksmiðjunnar hafin á nýjan leik en þá hafði öllum sláturúrangi verið urðað um skeið sem þótti ekki boðlegt. Á Suðurlandi einu féllu þá árlega til um fjögur til fimm þúsund tonn af lífrænum úrgangi frá sláturhúsum og kjötvinnslum. Verksmiðjan tók síðan að nýju til starfa undir nafni Förgunar og gekk starfsemin þökkalega.

### Áframhaldandi urðun reyndist verksmiðjunni erfið

Þar sem reglugerð um bann við urðun sláturhúsaúrgangs sem fyrirhugað var setja í ársbyrjun 2009 lét standa á sér fóru sláturleyfishafar að urða úrgangi í stórum stíl sem enn á ný kipti fótunum undan afkomumöguleikum kjötmjölsverksmiðjunnar. Var staðan því aftur orðin erfið þegar kom fram á árin 2014 og 2015.

Ólafur Wernersson tók við sem framkvæmdastjóri á árinu 2017. Þrátt fyrir undangengna erfiðleika tókst að koma fótunum undir verksmiðjuna á nýjan leik. Ljóst var samt að fara þurfti í kostnaðarsama endurnýjun á búnaði.

Núverandi eigendur Orkugerðarinnar, eins og fyrirtækið heitir í dag, eru að stærstum hluta þeir sömu og stofnuðu Kjötmjölsverksmiðjuna í janúar 1969, eða Sorpstöð Suðurlands, Sláturfélag Suðurlands, Sláturhúsið Hellu, Reykjagarður og Ísfugl.

Orkugerðin fékk starfsleyfi frá Umhverfisstofnun 16. desember 2019 til að framleiða próteinmjöl og fitu úr allt að 7.000 tonnum af hráefni á ári. Gildir það til 13. desember 2035. Var það byggt á fyrri leyfi Förgunar ehf. vegna sömu verksmiðju sem gilti frá 2007 til 2019.

# Lífræn hreinsistöð



• Fyrirferðalítill fullkomin sambyggð skolphreinsistöð

• Uppfyllir ytrustu kröfur um gæði hreinsunar

• Engin rotþró eða siturlögn 25 ára ábyrgð

• Tæming seyru á þriggja til fimm ára fresti

• Engir hreyfanlegir hlutir

• Stærðir frá 6 - 55 persónueiningar




WPL  
Diamond



IDNVER

Tunguhálsi 10 - 110 Reykjavík  
Sími 517 2220 - petur@idnver.is



# Dýralæknánám í Slóvakíu nýtur vaxandi vinsælda meðal Íslendinga

– Mikill áhugi, segir ræðismaður landsins, en BSc gráður frá Hvanneyri og Hólum stytta námið um tvö ár

Vaxandi áhugi er fyrir að stunda nám við dýralæknaháskólann í Košice í Slóvakíu. Skólinn heitir University and Veterinary Medicine and Pharmacy og þar eru nú 24 Íslendingar við nám.

Runólfur Oddsson, ræðismaður Slóvakíu á Íslandi, segir að síðastliðið vor hafi þrír íslenskir nemendur útskrifast frá háskólanum. Þá hófu 8 namar nám við skólann haustið 2020. Þar af 5 sem eru í 6 ára námi og 3 sem fara í 4 ára nám eftir Bsc próf á Íslandi.

„Þetta er 6 ára nám, en skólinn tekur gilt BSc gráður frá Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri og frá Háskólanum á Hólum og er það metið sem ígildi tveggja ára náms við skólann,“ segir Runólfur.

Í University and Veterinary Medicine and Pharmacy er starfræktur dýraspítali og þar er einnig aðstaða fyrir ræktun dýra og rannsóknir á sjúkdómum. Í skólanum er bæði hægt að læra lækningar á gæludýrum sem og stærri dýrum eins og hestum.

Margs konar og öflugt félagsstarf er stundað við skólann og klúbbur af ýmsu tagi, eins og veiðiklúbbur, klúbbur áhugamanna um býflugnarækt, smádyrarækt og fuglarækt. Þá er starfræktur fjallamennsklúbbur og ýmislegt fleira. Áhugasamir geta kynnt sér skólann nánar á heimasíðu hans; [www.uvlf.sk/en](http://www.uvlf.sk/en).

## Inntökupróf í sumar

Inntökupróf við skólann verða haldin á netinu (online) þann 3. júní næstkomandi og er umsóknarfrestur til 21. maí.

Annað inntökupróf verður svo haldið 1. júlí og er umsóknarfrestur í það til 17. júní.

Þriðja inntökuprófið verður svo



Öflug félagsstarf er í University and Veterinary Medicine and Pharmacy og klúbbur starfandi af ýmsu tagi.



Slóvakía í Austur-Evrópu varð sjálfstætt ríki þegar gömlu Tékkóslóvakíu var skipt upp í Tékkland og Slóvakíu árið 1993.



Košice er næststærsta borg Slóvakíu með um 260.000 íbúa og er höfuðstaður samnefnds sjálfstjórnarhéraðs í austurhluta landsins nærri Slovak Ore fjallgarðinum. Á árinu 2013 var Košice útnefnd menningarhöfuðborg Evrópu ásamt Marseille í Frakklandi.

haldið 19. ágúst en umsóknarfrestur vegna þess er til 6. ágúst.

Runólfur segir að nokkrir slóvanskir nemendur skólans sem lokið hafa námi hafi komið til Íslands til að auka sín réttindi. Þeir hafi unnið í sláturhúsum á Íslandi í eitt ár til að fá réttindi til matvælskoðunar. Hafi þeir m.a. hælt faglegum vinnubrögðum í sláturhúsinu á Selfossi og sér í lagi hvað varðar meðferð dýra og virðingu fyrir dýrunum sem verið var að slátra.

Hafi fólk hug á að komast í inntökupróf, þá veitir Runólfur Oddsson, ræðismaður Slóvakíu, góðfúslega nánari upplýsingar.



Frá kennslu í dýralækningum í University and Veterinary Medicine and Pharmacy. Mynd / UVMP

Netfangið hjá honum er [kaldasel@islandia.is](mailto:kaldasel@islandia.is) og hægt er að ná í hann í síma 820-1071.

## Stáliðnaðar- og menningarborgin Košice

Košice er næststærsta borg Slóvakíu með um 260.000 íbúa, en höfuðborgin Bratislava er stærst með um 430.000 íbúa.

Košice er höfuðstaður samnefnds sjálfstjórnarhéraðs í austurhluta landsins nærri Slovak Ore fjallgarðinum (Slovenské rudohorie) sem er mesti fjallgarður Slóvakíu. Þar eru þrír háskólar, fjöldi safna, sýningarsala og nokkur leikhús. Á árinu 2013 var Košice útnefnd menningarhöfuðborg Evrópu ásamt Marseille í Frakklandi.

Košice er mikilvæg iðnaðarborg fyrir Slóvakíu og stálbræðslan U.S. Steel Košice stærsti vinnustaðurinn



Frá Košice.

fyrir samfélagið. Er það í samvinnu við Carpathian Foundation. Sex verkefni eru þar nú í gangi samkvæmt heimasíðu fyrirtækisins í þágu barna-, öryggis-, og umhverfismála í austurhluta Slóvakíu.

Ekki langt frá Košice er borgin Prešov sem er þriðja stærsta borg Slóvakíu. Þá er Uzhhorod í Úkraínu aðeins í 97 km fjarlægð fyrir austan Košice, en borgin tilheyrði áður Tékkóslóvakíu. Uzhhorod var löngu áður þekkt undir nafninu Ungvár, en þaðan er nokkurn veginn jafnlangt til Eyrstrasalts (Baltic), Adríahafs og Svartahafs, eða um 650 til 690 kílómetrar. Um 25 km er svo frá Košice til ungversku landamæranna.

## Íslendingar sækja líka í læknanám í Martin

Borgin Martin er staðsett um 236 km fyrir vestan Košice, en meira en 200 Íslendingar stunda læknanám við Jessenius Faculty of Medicine ([www.jfmed.uniba.sk/en](http://www.jfmed.uniba.sk/en)). Þar hafa um 80 íslenskir læknar lokið námi.

Lestir fara beint á milli borganna mörgum sinnum á dag. Ferðin tekur um 2 klukkustundir og 50 mínútur. Internet er í lestunum og matarvagnar. Frábært útsýni er á leiðinni til Tatra fjalla.

Inntökupróf verður í Jessenius Faculty of Medicine þann 5. júní og er umsóknarfrestur í það próf til 12. maí. Annað inntökupróf verður svo haldið 10. júní og í það er umsóknarfrestur til 17. júní.

## Læknanám í Olomouc í Tékklandi

Runólfur segir að Íslendingar hafi einnig sótt talsvert í tannlæknanám í Tékklandi sem er hinn hlutinn af gömlu Tékkóslóvakíu. Þar er Palaský University í borginni Olomouc á Haná svæðinu í Moravíu í austurhluta Tékklands. Olomouc er sjötta stærsta borg Tékklands og elsti hluti borgarinnar, „Old Town“ er á heimsminjaskrá UNESCO.

Um 20.000 manns stunda nám í Palaský háskólanum sem er starfræktur í mörgum deildum. Hafa nokkrir Íslendingar farið þar í nám í lækisfræði og í tannlæknaeild skólans. /HKr.

## UTAN ÚR HEIMI

# Bloomberg: Bankar í Evrópu munu halda áfram að nötra af hneykslismálum og mistökum

Bankageirinn í Evrópu heldur áfram að nötra af hneykslismálum og mistökum sagði í grein á vef Bloomberg þann 6. apríl síðastliðinn. Það er allt önnur og dapurlegri sýn en sú mynd sem sumir íslenskir stjórnálmenn hafa verið að reyna að draga upp af efnahagskerfinu í Evrópu að undanförunu og þykir eftirsóknarvert að Ísland verði hluti af.

Samkvæmt greininni í Bloomberg standa þýskir ríkissaksóknarar nú frammi fyrir kröfum um að ákæra þýska arm Greensill Capital bankans.

Fjármálaeftirlit Þýskalands, BaFin, hefur verið niðurlægt vegna 3,5 milljarða evra hneykslisins hjá greiðslubjónustufyrirtækinu Wirecard AG í München sem kom upp í júní 2020. Fyrirtækið var skráð í kauphöllinni í Frankfurt og voru umsvif þess hluti af DAX vísitölunni. Þarna var um alvarlegt peningabættismál að ræða sem tengist stórum bönkum í mörgum löndum evrusvæðisins. Það hefur valdið vantrú á að bankaeftirlit hafi yfirsýn yfir það sem hefur verið að gerast í Evrópu.

### Tímabært að draga úr vantrausti

„Það er löngu tímabært að laga þetta rof á trausti með því að ljúka gerð bankasambandsins „Banking Union. Aðgerðir eru nú brýnar og nauðsynlegar,“ segir Bloomberg.

„Leiðtogar á evrusvæðinu brugðust við alþjóðlegu fjármálakreppunni 2008-2009 með því að skuldbinda sig til að mynda bankasamband sem átti að fela í sér umbætur á reglugerð stærstu bankanna. Aðgerðir varðandi úrlausn banka og sameiginlega innstæðutryggingu fyrir meðlimi sambandsins. Rökin voru góð. Til að tryggja fjárhagslegan og efnahagslegan stöðugleika í framtíðinni þurfti Evrópa umbætur til að styrkja og stjórna stærstu bönkum Evrópu, sem standa undir um það bil 70% af útlánunum yfir evrusvæðið. Það hefði verið verulegur efnahagslegur ávinningur að gera það og við vorum fullviss um að af því yrði. Samt meira en áratug síðar er bankasambandinu enn ólokið. Það er kominn tími til að ljúka verkefninu og gera Evrópu og banka hennar hæfari til að takast á við efnahagsstorma í framtíðinni,“ segir greinarhöfundur Bloomberg.

### Innlánstryggingaráætlun hefur ekki gengið eftir

„Leiðtogum Evrópu hefur ekki tekist að ná markmiði sínu um evrópskt innlánstryggingaráætlun. Núverandi kerfi sem veitir öruggisafrit af innlendum forritum er ruglingslegt og ófullnægjandi. Leiðtogar Þýskalands og Frakklands hafa áhyggjur af því að þeir verði látnir borga reikninginn fyrir bankahrun í öðrum löndum. Þetta er skammsýnt. Að koma á fót einni, samræmdri innstæðutryggingaráætlun fyrir evrusvæðið, sem almenningur skilur



Seðlabanki Evrópu.

Mynd / Coinmod

vel, væri gott fyrir efnahagslegan stöðugleika. Ekki síst með því að byggja upp traust neytenda á heilbrigði og öryggi bankakerfisins. Í þessu skyni getur Evrópa lært af bandarísku alríkisstofnuninni (FDIC),“ segir í umfjöllun Bloomberg.

Samkvæmt tölum International banker berjast evrópskir bankar við erfiða stöðu m.a. vegna langvarandi neikvæðra vaxta. Þar er vísað í rannsókn á stöðu 1.300 banka í Evrópu. Þar kemur fram að 300 þeirra séu enn að bjóða upp á neikvæða útlánsvexti, allavega til sumra viðskiptavina, og þar af séu 200 að bjóða einstaklingum upp á neikvæða vexti. Samt reyna menn að vera bjartsýnir og yfirmáður seðlabanka Spánar, Pablo Hernández de Cos, telur að útlán eigi eftir að aukast verulega um leið og dregur úr áhrifum COVID-19.

### Vextir mega ekki lækka

„Útlánsvextir mega ekki fara neðar,“ sagði í grein á vefsíðu International banker um áramótin. Þar segir einnig að búið sé að þurrausa ríkisaðstoð við bankana.

Þar sem suður-evrópsk hagkerfi eru sérstaklega skemmd af heimsfaraldrinum og þar sem slík hagkerfi hafa tilhneigingu til að vera með hærri hlutfall lítilla og meðalstórra fyrirtækja, býst ING bankinn enn fremur við því að þetta tiltekna undirsvæði muni upplifa verstu veikingu á eftirspurn bankalána á öllu myntbandalagssvæði evrunnar.

### Búist við auknum samruna í bankakerfinu

Að mati International banker má vegna mikils vanda í bankakerfinu búast við auknum samrunatilraunum. Þá séu auknar áhyggjur í kerfinu út af sjálfbærni banka fremur en áhyggjur út af því að bankar verði of stórir til að það megi hreinlega ekki láta þá falla. Þar segir einnig að bankar á evrópskum nýmörkuðum verða líklega með sterkasta mótvind allra banka á árinu 2021.

Vísað er til þess að Moody's hafi varað við því snemma í desember að skerðingar á lánunum muni aukast verulega vegna tvöfalda efnahagslegs áfalls heimsfaraldursins og lækkunar olíuverðs.

„Þrýstingur mun færast til banka í Mið- og Austur-Evrópu, en hagkerfi þar drögust minna saman

en í löndum sem eru meginstöðir Evrópusambandsins.“

### Þreyta og uppgjöf í bankastjórnendum

Þreyta, vanmáttur og uppgjöf virðist vera farin að einkenna evrópska bankakerfið að því er fram kom í könnun Deloitte á hug 200 alþjóðlegra bankastjórnenda. Þar sögðust tæplega 60 prósent evrópskra svarenda að ótti starfsmanna við að snúa aftur til starfa myndi hamla getu þeirra til að ná árangri eftir heimsfaraldurinn. Það er marktækt neikvæðari afstaða en fram kom í svörum bankastjórnenda í Norður-Ameríku og Asíu. /HKr.

## RÍKISKAUP

Borgartúni 7c, 105 Reykjavík | Sími 530 1400 | www.rikiskaup.is

Allar nánari upplýsingar veita starfsmenn Ríkiskaupa í síma 530 1400 eða í gegnum netfangið fasteignir@rikiskaup.is



### AUGLÝSA EFTIRFARANDI EIGN TIL SÖLU:



#### BRÚAR 3, 641 HÚSAVÍK - ÚTÍHÚS Á LEIGULÓÐ

Um er að ræða fyrrum útihús ríkisjarðarinnar Brúar, samtals fimm matshlutar sem boðnir eru til sölu á sér leigulóð og eru nánar tiltekið, hlaða byggð árið 1939, votheysgrýfa byggð árið 1952, blásarahús byggð árið 1971, fjós byggð árið 1972 og kálfahús byggð árið 1990. Hús og lóð eru staðsett á fallegum útsýnisstað í grónu umhverfi við bakka Laxár í Pingeyjarveit.

Leitað er eftir tilboðum úr útihúsin á leigulóðinni Brúar 3. Seljandi áskilur sér rétt til að hafna öllum tilboðum.

Nánari upplýsingar á heimasíðu Ríkiskaupa: [www.rikiskaup.is](http://www.rikiskaup.is).

Verð: Tilboð óskast. Tilboð verða opnuð 3. júní 2021, kl. 13:00.

OPIÐ FYRIR UMSÓKNIR TIL 10. JÚNÍ

STUTT Í ALLT

HEIMAVIST MA OG VMA Á AKUREYRI

HLIÐAREIALL VEITINGARSTJÓÐUR

7 MÍNÚTUR

VMA

8 MÍNÚTUR

LSTJÓRNUNARUNUM

3 MÍNÚTUR

BÍÐHÚS

8 MÍNÚTUR

MÍÐBERNIN

8 MÍNÚTUR

NÁNARI UPPLÝSINGAR OG UMSÓKNIR | FRAMHALDSSKÓLANEMENDUR ALLS STAÐAR AÐ AF LANDINU

Heimavist MA og VMA

# VALTRA

## ÞÆGINDI Í FYRIRRÚMI

VALTRA

YOUR WORKING MACHINE

JÖTUNN

LANDBÚNAÐARDEILD AFLVÉLA

Austurvegur 69 | 800 Selfoss | Sími 480 0400 | jotunn.is

### Lely Center Ísland



### STARTARAR í flestar gerðir dráttarvéla

Reykjavík: Krókháls 5F - Sími 414 0000 - [www.LCI.is](http://www.LCI.is)  
Akureyri: Óðinsnes 2 - Sími 464 8600



skapbetri og frjósamari gripir, með betri mjaltir og spena- og júgurgerð.

### Fjármögnun

Eins og segir að framan er um umtalsverða aukningu á kostnaði að ræða, þó að allar líkur séu á miklum ávinningi. Kúabændur þurfa að huga að því hvernig fjármagna megi arfgreiningarnar og þá auknu vinnu sem verður við kynbótamatið. Það er afar brýnt að á hverjum tíma sé kynbótafræðingur að störfum sem getur bæði viðhaldið og þróað þekkingu. Undanfarnir ár hefur nærri ekkert fjármagn verið til annars en þeirrar lágmarksvinnu sem þarf til að viðhalda kynbótastarfinu, og raunar hafa flestar nýjungar í nautgripærættinni um áratugaskeið verið keyrðar áfram af áhugasömum masters- og doktorsnemum. Við teljum nauðsynlegt að greinin gerist metnaðarfyllri og fjármagns verði aflað til að RML geti sinnt þróunarstarfi á þessu sviði af meiri myndarskap í framtíðinni.

Við viljum benda á að erfðamengisúrval er engin heildarlausn í kynbótamálum íslenskra kúa. Eftir sem áður er afar mikilvægt til dæmis að draga úr heimanautanotkun, vanda skráningar og merkingar gripa, og að bændur verði áfram tilbúnir til að taka virkan þátt í sameiginlega ræktunarstarfinu. Í nýju kynbótaskipulagi þarf einnig að huga vandlega að stjórni á skyld-

leikarækt. Virk stofnstærð er ásættanleg í íslenska stofninum, en má þó ekki minnka mikið. Víða um lönd hefur upptaka erfðamengisúrvals dregið mjög úr virkri stofnstærð og nauðsynlegt er að gæta vel að aukningu skyldleikaræktar í okkar litla, lokaða stofni.

Kynbætur á íslenskum kúm hafa í gegnum áratugina verið stundaðar þannig að jafnan hefur kapp verið lagt við að fylgjast með rannsóknum og þróun, og beita bestu aðferðum. Þó að smæð stofnsins standi kynbótastarfinu nokkuð fyrir þrifum, þá sýna greiningar mikinn ávinning af kynbótastarfinu. Til að viðhalda íslenskum kúm sem samkeppnishæfum framleiðslugripum kemur varla annað til mála en að halda áfram að taka upp þær aðferðir sem best reynast. Erfðamengisúrval hefur verið algjör bylting í kúastofnum í kringum okkur, og von bráðar verður íslensk nautgripærækt farin að taka þátt í þeirri byltingu.

**Egill Gautason,**  
doktorsnemi í kynbótafræðum

**Guðmundur Jóhannesson,**  
ábyrgðarmaður nautgripæræktar hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins

**Baldur Helgi Benjamínsson,**  
stjórnarmaður RML og kúabóndi á Ytri-Tjörnum í Eyjafirði

Magnús Leópolddsson lögg. fasteignasali

**FASTEIGNAMÍÐSTÖÐIN**

Hlíðasmára 17, 201 Kópavogi - Sími: 550 3000 Fax: 550 3001

Áhugaverðar jarðir

**JARDIR.IS**

fasteignamidstodin@fasteignamidstodin.is - www.fasteignamidstodin.is

**BIRCHMEIER®**

SMART UND SWISS SEIT 1876

Bakúðadæla með rafhlöðu

**Ný týpa – REA 15**

- Rafeindastýrð
- Vinnuþægindi
- CAS samhæfð

**STREYMI**  
heildverslun

Streymi heildverslun ehf. | Sími: 588 2544 | streymi@streymi.is | www.streymi.is

# Ný félagsgjöld í Bændasamtökum Íslands

Þann 1. júlí næstkomandi verður innheimt félagsgjald í BÍ samkvæmt breyttu veltutengdu, þrepaskiptu gjaldi fyrir mánuðina júlí-desember. Nú er komið að því að bændur geta skráð umfang og eðli síns rekstrar inni á Bændatorginu þar sem búið er að opna sérstakt skráningareyðublað. Félagsmenn eru hvattir til að ganga frá skráningunni sem fyrst.

Allir greiðendur félagsgjaldsins þurfa að skrá veltutölur í sinni búgrein samkvæmt framtali síðasta árs af landbúnaðarstarfsemi. Í þeim tilfellum þar sem félagsmenn stunda fleiri en eina búgrein er farið fram á að þeir skipti veltunni hlutfallslega á viðkomandi greinar.

Þegar uppfærð skráning á veltu ársins liggur fyrir um mitt ár eiga bændur von á endanlegu uppgjöri eftirstöðva tímabilsins.

**Dæmi:** Blandað bú með kýr og sauðfé er með 60 m. kr. veltu af landbúnaði án vsk. samkvæmt framtali 2020. Skiptingin er 50/10 og fellur búið undir veltuþrep í gjaldskránni 60-64,9 m. kr. þar sem árgjaldið er 375 þ. kr. eða 187 þ. kr. fyrir seinni hluta ársins 2021.

## Hvað þarf að hafa í huga við skráningu?

- Upplýsingar um veltu eru samkvæmt framtali 2020, sem er velta ársins 2019.
- Skrá þarf veltu af allri landbúnaðarstarfsemi, þar með taldar beingreiðslur og styrki, án virðisaukaskatts.
- Undanskildir eru styrkir vegna landbótaverkefna þar sem þeir eru ætlaðir til að mæta útlögðum kostnaði.
- Hlunnindi þarf að meta í hverju tilfelli og hefur t.d. æðarrækt verið flokkuð sem landbúnaðarstarfsemi en ekki rekaviður.
- Ef miklar sveiflur eru á tekjum búsin milli ára, þá er heimilt að miða við meðaltal þriggja síðustu rekstrarára.
- Tekjur, sem eru ekki af beinni landbúnaðarstarfsemi, eru ekki teknar með. Dæmi um slíkt er söluhagnaður af seldum vélum, þjónustutekjur, s.s. vegna verktöku eða námskeiðshalds, leigutekjur af landi, veiði og húsnæði. Þá eru tryggingabætur og greiðslur vegna tjóna, s.s. frá Bjargráðasjóði og vegna niðuniðurskurðar, ekki teknar inn í veltutölur.

## Ert þú með spurningar vegna félagsgjaldanna?

Fulltrúar BÍ svara fyrirspurnum í síma 563-0300 á skrifstofutíma. Hægt er að senda skilaboð í gegnum Bændatorgið og í netfangið bondi@bondi.is.



## SAMFÉLAGSRÝNI

# Hugleiðingar um gróðurfar í bratta, skriðuhættu og beit

Á ferðum um landið verður manni stundum litið til fjalla. Víða má sjá varnargarða til að verja byggð fyrir snjóflóðum, en á og allt um kring um garðana eru fallegar breiður af lúpínu.

Alkunna er að lúpína er dugleg planta af belgjurtætt sem býr við þann mikla kost að vera í „samlífi“ með bakteríum. Bakteríurnar binda köfnunarefni úr andrúmsloftinu, sem lúpínan getur nýtt sér til vaxtarauka, en þær fá ýmis stein- og snefilefni í staðinn í hnúðum á rótarkerfi plöntunnar. Lúpínan bindur mikið af kolefni og skilur eftir sig ómælt magn lífrænna efna í hlíðunum. Þær rotna og verða að lífrænum jarðvegi.

## Efni í jarðvegsskriður, aurskriður?

Lífrænar leifar plantna aukast með árunum, fá þær að vaxa í friði, skilja mikið eftir sig og jarðvegurinn verður æ þykkari með hverju árinu sem líður. Saman við allar plöntuleifar, sem smám saman verða að mold, blandast ólífrænt efni frá vedrun bergs á svæðinu. Eftir nokkur ár, kannski 20, 30 eða 40 ár, er þessi jarðvegur orðinn mjög þykkur. Það sest snjór í dauðar leifar af stönglum og blöðum plantnanna, massinn getur haldið í sér miklu magni af raka, eins og annar lífrænn jarðvegur. Eftir asahláku og/eða grenjandandi rigningu, getur allt farið á flot. Þá er viðbúið að eitthvað gerist. Það er allavega ekki ráðlegt þeim sem búa undir brattri fjallshlíð, að planta eða sá lúpínu í hlíðarnar ofan við bæinn. Helst ekki í neinar hlíðar.

## Skriðuföllin í Seyðisfirði

Eins og kunnugt er féllu margar aurskriður, stórar og smáar í Seyðisfirði 18. desember 2020. Þær ollu gífurlegu tjóni á mannvirkjum og menningarminum, en enginn fórst í þessum hamförum. Það var mikil mildi.

Rétt er að rifja upp hvað það er sem gerist þegar aurskriður eða jarðvegsskriður falla, eins og gerðist á Seyðisfirði. Hvers vegna skapast þær aðstæður að aur- eða jarðvegsskriður falla? Margt þarf til, en allavega þarf að vera til staðar laus vatnsdrægur jarðvegur, lífrænn eða ólífrænn. Samkvæmt áreiðanlegum upplýsingum kunnugra heimamanna er óhætt að fullyrða að með sánungum lúpínu þarna fyrir um 30 árum hafi lífræni hluti í efsta lagi jarðvegsins farið mjög vaxandi, einkum vegna rotnandi lífrænna leifa lúpíunnar. Jurtaleifar þessar verða fljótt að fljóandi eðju í mikilli rigningu, eins og tilfellið var s.l. haust á Seyðisfirði. Frostleysi í ólífræna jarðveginum þar undir blotnaði þá einnig upp og



Mynd 1. Gróður, aðallega lúpínubreiður, ofan við Seyðisfjarðarkaupstað 23. september 2019. Strandatindur rís upp úr þokunni t.v.

Myndir / Ómar Bogason



Sveinn Hallgrímsson.

vatnssósa og niðþung lífræn eðjan hefur farið að skrída með þeim afleiðingum að allt fór af stað. Áreiðanlegar heimildir herma, að einar 23 stórar og smáar aurskriður hafi fallið þennan orlagaríka dag, sem allar féllu úr lúpínugrónum hlíðum ofan við kaupstaðinn.

Auðvitað fer því fjarri, eins og margreynt er, ekki síst í Seyðisfirði, að hægt sé að draga þá ályktun að aurskriður falli ekki úr lítt eða ógrónum hlíðum, og má í því sambandi minnst á allstóra aurskriðu, sem féll úr fjallendi Selstaða í norðanverðum Seyðisfirði í þessu ótrúlega vatnsveðri. Sú skrída kom kunnugum þó ekki alls kostar á óvart sökum aðstæðna í fjallshlíðinni, þar sem upptök hennar voru.

Hér er rétt að vitna í umræður á 18. og 19. fundi umhverfis- og framkvæmdanefndar Ísafjarðarbæjar, samkvæmt fundargerðum. Á 18. fundi var rætt um aðsendan tölvu-



Þórarinn Lárusson.

póst sem varðaði ... „sambengi gróðurs og flóðahættu.“ Á 19. fundi segir umhverfisfulltrúi bæjarins, Svisslendingurinn Ralf Tylla, vegna reynslu sinnar frá heimalandinu:

„Í brattri brekku þar sem mikið er af lúpínu býr hún til jarðveg ... Þegar blotnar .... Spurningin er hvað þarf til að slíkt fari af stað.“ – Enn fremur:

„Þetta snýst ekki bara um jarðskrið heldur líka hvort meiri líkur séu á snjóflóðahættu ef plöntur eru ofan á. Dæmi um þetta eru meðal annars frá Sviss,“ sagði Ralf Tylla á téðum fundi umhverfis- og framkvæmdanefndar Ísafjarðarbæjar.

Eins og fram kemur í fyrirsögn þessa pistils er hér aðeins um hugleiðingar að ræða út frá téðum aðstæðum og upplýsingum kunnugra, en vissulega hafa fleiri en við sem skrifuð þennan pistil velt fyrir sér áhrifum af gróðri í bröttum fjallshlíðum á skriðu- og snjóflóðahættu,



Mynd 2. Tekin af Búðararfossi og árgilinu 18. júlí 2020. - Strandatindur sést gnæfa þar yfir, en úr hlíðum hans hafa oft fallið skriður og einmitt varað við slíku nú í frostþíðu.

eins og tilvitnunin frá Ísafirði hér að framan ber með sér. - Eigi veldur sá er varar.

## Að lokum nokkur orð um gróður og beit

Sem gróðurverndarsinnar teljum við gróskumikinn gróður víðast hvar æskilegan, en eins og fram hefur komið, getur of mikið af plöntuleifum verið varasamar í brattri hlíð. Beit getur breytt þessu mynstri verulega, m.a. af eftirtöldum ástæðum:

1. Tegundasamsetningin breytist. Einærar plöntur og blómjurtir hverfa að mestu.
2. Plöntur sem þola beit ná yfirhöndinni. Þær hafa yfirleitt jarðlega stöngla, mynda þéttan, styrkan svörð, sem helst vel saman. Þannig plöntur eru oftast notaðar á knattspyrnuvöllum, mynda sterkan svörð og þola að vera slegnar oft, með stuttu millibili. Þola traðk og beit.
3. Beit þéttir jarðveginn og gerir hann fastari fyrir, ekki síst í bratta.
4. Sina verður minni og snjór safnast því síður í gróðurleifar.
5. Miklið af lausum gróðurleifum hindra að frost fari ofan í jarðveginn. Hann þiðnar því fyrir og blotnar í gegn og verður að leðju. Það eykur skriðuhættu.
6. Sé jarðvegurinn frosinn rennur vatnið óhindrað niður hlíðina.

Af framansögðu telja höfundar ekki ráðlegt að sá lúpínu í brattar hlíðar ofan byggðar, en til bóta að koma

þar upp beitargróðri og viðhalda honum með höflegri beit. Svipað þessu kom fram í Vestmannaeyjum með flutningi fjár í Eyjarnar eftir meira og minna fjárleysi í kjölfar gossins. Myndaðist þá þéttari gróður þar vegna beitarinnar í stað óæskilegs gróðurs, sinu og ekki síst jarðvegslosi, sem síðan færðist til betra horfs eftir fjártöku.

Þessu til stuðnings er fróðlegt að vitna í eftirfarandi kafla úr afar áhugaverðri grein eftir Önnu Guðrínu Þórhallsdóttur, prófessor við Háskólann á Hólum, sem fjallar um náttúrulega og sjálfbæra beitarræktun, sem jafnframt bindur mikið kolefni, sem enginn áhugasamur ætti að láta fram hjá sér fara (Bændablaðið 30.04. 2021):

„Sú hugmynd hefur komið fram og er lífseig að ekki sé æskilegt að beita í halla þar sem beitin valdi rofi – að brekkur og halla þurfi að friða. Við friðun slíkra svæða minnkar hlutdeild grasa en mosi og fléttur koma inn í staðinn. Þar sem mosi og fléttur hafa ekki eiginlegar rætur gisnar svörðurinn, jarðvegurinn verður lausari og fer að síga niður hallann. Mikilvægi beitar til að viðhalda þéttum svörði í brekkum og miklum halla sést best í Svissnesku ölpunum þar sem seljábúskapur hefur verið stundaður í hundruð – ef ekki þúsundir ára. Brattar brekkur Svissnesku alpanna eru víðast grasi grónar – og þar er þéttur og sterkur svörður sem er viðhaldið af beitarvörum sem ganga þar sumarlangt.“

Sveinn Hallgrímsson  
Þórarinn Lárusson



## Ársfundur 2021

Ársfundur Lífeyrissjóðs bænda verður haldinn föstudaginn 28. maí 2021 kl. 14 að Stórhöfða 23, 4. hæð, Reykjavík.

Dagskrá:

- Venjuleg ársfundarstörf.
- Stjórnarkjör skv. samþykktum.
- Önnur mál.

Allir sjóðfélagar eiga rétt til fundarsetu.

## Stjórn Lífeyrissjóðs bænda

Lífeyrissjóður bænda - Stórhöfða 23 - 110 Reykjavík  
Sími 563 1300 - [lsb@lsb.is](mailto:lsb@lsb.is) - [www.lsb.is](http://www.lsb.is)



## KÚABÚ Í FULLUM REKSTRI

Er að leita að kúabúi í fullum rekstri á Suðurlandi eða Vesturlandi fyrir áhugasaman, fjársterkan aðila sem þekkir slíkan rekstur mjög vel.

Allar nánari upplýsingar veitir Björgvin Guðjónsson búfræðingur og löggiltur fasteignasali í síma 615-1020 eða [bjorgvin@eignatorg.is](mailto:bjorgvin@eignatorg.is).



## Á FAGLEGUM NÓTUM

# Hampfélagið og Samtök smáframleiðenda matvæla skora á ráðherra að bregðast við úrskurði Evrópudómstólsins

– Ríkjum óheimilt að hindra viðskipti með CBD – flokkast sem matvæli

Mikil verðmæti eru fólgin í ræktun og úrvinnslu iðnaðarhamps á Íslandi. Vinnsla kannabínóðans CBD af blómum og laufum plöntunnar til að nýta í fæðubótarefni, matvæli, húð- og snyrtivörur skapar mestu verðmætin. Samkvæmt Grand View Research var heimsmarkaður með CBD árið 2020 metinn á 2,8 milljarða Bandaríkjadala sem eru rúmum 350 milljarðar íslenskra króna og búist við að hann vaxi um 20% á ári frá 2021 til 2028, þ.e. verði um 1.500 milljarðar árið 2028.

Fyrir þá tugi bænda og framleiðenda sem hyggja á ræktun iðnaðarhamps á samtals a.m.k. 150 hekturum í sumar – og vafalaust á ört stækkandi landsvæði með hverju árinu sem líður – er leyfi til fullrar nýtingar allrar plöntunnar mikið hagsmunamál. Af þeim sökum er brýnt að niðurstaða komist í það mál á allra næstu vikum svo þeir geti gert sín plön tengd ræktuninni í sumar og úrvinnslunni í haust.

Rétt er að rifja upp að ein af 15 aðgerðum ríkisstjórnarinnar á sviði landbúnaðar og sjávarútvegs til að bregðast við áhrifum COVID-19 veirunnar á þessar greinar voru „ráðstafanir til að stuðla að ræktun iðnaðarhamps hér á landi“. Sú aðgerð er til lítills á meðan ekki er skýrt hvort bændur megi nýta verðmætasta hluta uppskeru sinnar – kannabínóðann CBD sem er á blómum og laufum plöntunnar – í fæðubótarefni, matvæli, húð- og snyrtivörur. Samtök iðnaðarins líta raunar svo á að lagalega séð sé ekkert því til fyrirstöðu – og rétt er að geta þess að CBD húð- og snyrtivörur má flytja inn og selja, en þær eru á forræði Umhverfisstofnunar.

Fyrir þær þúsundir – og þá ekki síst úr röðum eldra fólks – sem bíða þess í ofvæni að viðskipti með CBD fæðubótarefni á Íslandi verði heimilud, er aðgengi að þeim einnig afar mikilvægt.

## Ástæður eftirspurnarinnar

Ástæður mikillar sóknar í CBD fæðubótarefni eru margvíslegar. Fólk notar það meðal annars sem náttúrulega lausn við kvíða, streitu, þunglyndi og svefnvandamálum. Eins til að lina alls kyns verki, t.d. mígreni/höfuðverk og verki í stoðkerfinu, m.a. vegna gigtarsjúkdóma og annarra bólguvandamála. CBD er einnig notað við taugasjúkdómum, flogaveiki og til að draga úr vanlíðan í krabbameinsmeðferðum, þá samhliða hefðbundnum lyfjum í samráði við lækna.

Því til viðbótar njóta CBD krem/húðvörur – sem eru m.a. seldar í apótekum – mikilla vinsælda hér á landi. Þær eru einkum notaðar við alls kyns húðvandamálum, eins og exemi, psórfásis og unglingsbólum, en einnig til að meðhöndla bólgu og verki.

## Óheimilt að hindra viðskipti með CBD

Flækjustigið tengt CBD er að ekki hefur verið til samræmd löggjöf, skilgreiningar eða reglur um það milli landa, t.d. innan ESB, en nýverið hafa orðið mikilvægar vendingar á því sviði.

Í nóvember 2020 úrskurðaði Evrópudómstóllinn í Lúxemborg að ríkjum innan ESB væri óheimilt að hindra viðskipti með CBD þar sem það flokkast sem matvæli og væri hvorki vímuefandi né skaðlegt fólk. Ef eitthvert ríki vildi takmarka viðskiptafrelsi með



Sigurður Hólmar Jóhannesson.



Oddný Anna Björnsdóttir.

CBD vegna skaðlegra áhrifa yrði það að færa haldbærar sönnur á hina meintu skaðsemi.

Í bréfi framkvæmdastjórnar ESB eftir dóminn segir: „In light of the comments received from applicants and of the recent Court’s judgment in case C-663/184, the Commission has reviewed its preliminary assessment and concludes that cannabidiol should not be considered as drug within the meaning of the United Nations Single Convention on Narcotic Drugs of 1961 in so far as it does not have psychotropic effect. As a consequence, cannabidiol can be qualified as food, provided that also the other conditions of Article 2 of Regulation (EC) No178/2002 are met.“

Í fyrravor var gerð reglugerðarbreyting sem heimilaði ræktun iðnaðarhamps, en það var tímabundin ráðstöfun. Nú liggur fyrir Alþingi stjórnarfrumvarp um breytingu á lögum um ávana- og fíkniefni (iðnaðarhampur) sem færir stjórnslu og verkefni í tengslum við málefnið, þ.e. leyfi til innflutnings á fræjum tegundarinnar Cannabis Sativa, frá Lyfjastofnun til Matvælastofnunar sem er skynsamleg breyting og gott að ráðstöfunin sé orðin endanleg.

## Leyft sem fæðubótarefni fram til 2018

Innflutningur og sala á CBD til inntöku, s.s. í formi hylkja og olíu eða sem innihaldsefni í matvælum, er hins vegar ekki leyfð á grundvelli afstöðu Lyfjastofnunar, þ.e. ekki á grundvelli neinna laga eða reglugerðar.

Þess má geta að innflutningur á CBD fæðubótarefnum var heimill og á forræði Matvælastofnunar fram til ársins 2018, þegar Lyfjastofnun ákveður að flokka CBD sem lyfjaefni á þeim forsendum að á markað væri komið lyf sem inniheldi CBD og þar með væri CBD orðið lyfjaefni. Sú afstaða er einkennileg.



## Hampur

Dæmi um notagildi

### Fræ

#### Matvörur

Fræ með skel  
Fræ án skeljar  
Frækaka / fóður  
Olía  
Próteinduft  
Hveiti / trefjaduft  
Björ

### Iðnaður

Málning  
Lakk  
Blek  
Lífdísill  
Leyfisefni  
Húðunarefni

### Trefjar/fiber

#### Iðnaður

Trefjaplötur (í stað timbers)  
Bio-plast  
Fylliefni  
Bremsuborðar/klossar  
Oliu- og spilliefnavörn  
Hita- og hljóðeinangrun  
Batteri  
Ethanol eldsneyti

### Pappír

Dagblöð  
Skrifstofupappír  
Salernispappír  
Pappakassar  
Umbúðir  
Bleyjur

### Grænn börkur

Jarðvegsbætur  
Húðvörur  
Safi / heilsudrykkir

### Húð- og hárvörur

Sápur  
Sjampó  
Krem  
Smýrsl  
Húðollur  
Snyrtivörur

### Vefnaður

Föt  
Töskur  
Skór  
Segl/tjöld  
Reipi  
Net

### Blóm og lauf

#### Fæðubótarefni

Kannabínóðar einangraðir og settir í burðarolíu

#### Snyrtivörur

Kannabínóðar einangraðir og settir í krem, smýrsl, og olíur

#### Matvæli

Tejurtir  
Kryddjurtir

### Laufblöð

Dýrafóður  
Lífdísill  
Undirburður  
Matvæli (salat, safi)  
Sápur

### Tréni/kjöt

Steypa  
Einangrun/plötur  
Lífdísill  
Undirburður  
Dýrafóður

### Rætur

Fæðubótarefni  
Smýrsl  
Jarðvegsbætur  
Litarefni



Þýðir það að ef lyfjaframleiðandi ákveður sem dæmi að setja D-vítamín í lyf, yrði D-vítamín þá endurskilgreint sem lyfjaefni og bannað sem fæðubótarefni?

## Gríðarstór grár markaður

Á meðan þessi afstaða Lyfjastofnunar ræður för hér á landi leita þúsundir krókaleiða til að nálgast efnið í órvæntingu sinni til að lina alls kyns þjáningar. Af þeim sökum þrífst hér gríðarstór grár markaður með CBD, að stórum hluta á opnum síðum og hópum á samfélagsmiðlum og jafnvel í fjölmiðlum.

Brýnt er að þau lög og reglur sem við förum eftir í samfélaginu endurspeglar raunveruleikann og að stjórnvöld bregðist við ákalli almennings þegar þær gera það ekki.

Með því að færa viðskipti með CBD af gráa markaðinum yfir á hinn löglega aukast ekki aðeins tekjur íslenskra bænda, framleiðenda og ríkissjóðs, heldur færast hann undir eftirlit opinberra aðila sem um leið geta gert eðlilegar kröfur um gæði og áreiðanleika, neytendum til hagsbóta.

Núverandi flokkun Lyfjastofnunar á CBD er augljóslega í andstöðu við úrskurð Evrópudómstólsins og ákvörðun fram-

kvæmdastjórnar ESB. Því gerum við þá kröfu að ráðherrar heilbrigðismála (Lyfjastofnun) og landbúnaðar (Matvælastofnun) ráðist í þá vinnu að skýra þær reglur sem gilda um framleiðslu, innflutning, sölu og markaðssetningu á vörum sem innihalda CBD, án tafar. Íslenskir bændur, framleiðendur, neytendur og ríkissjóður eiga heimtingu á því.

## Sigurður Hólmar Jóhannesson

Formaður Hampfélagsins  
Oddný Anna Björnsdóttir  
Framkvæmdastjóri Samtaka smáframleiðenda matvæla og stjórnarmaður í Hampfélaginu



**BÆKUR & MENNING**

Páll Halldórsson og Sveinn Runólfsson stoltir með nýju bókina, sem þeir halda á milli sín þar sem þeir hafa tekið saman merkilegar heimildir um landgræðsluflugíð frá árinu 1958 til 1992.

Myndir / Magnús Hlynur Hreiðarsson

## Ný bók frá Sveini Runólfssyni og Páli Halldórssyni: Landgræðsluflugíð – Endurheimt landgæða með eins hreyfils flugvélum

Félagarnir Sveinn Runólfsson, fyrrverandi landgræðslustjóri, og Páll Halldórsson flugmaður voru að gefa út bókina „Landgræðsluflugíð – Endurheimt landgæða með eins hreyfils flugvélum“, sem hefur hlotið góðar viðtökur.

Bókin fjallar um hið merka frumkvöðulsstarf Landgræðslunnar og flugmanna hennar við endurheimt landgæða sem fram fór með eins hreyfils flugvélum á árunum 1958 til 1992. Í bókinni er bæði lýst merkilegum þætti í íslensku flugsögu og verðmætu framlagi til sögu landgræðslu. Sveinn og Páll voru

þátttakendur í landgræðslufluginu nær alveg frá upphafi.

„Í bókinni segjum við sögu þessa ævintýris og birtum um 200 sögulegar ljósmyndir af fluginu og landgræðsluverkefnum á þessu tímabili, sem spannar 34 ár,“ segir Sveinn kampakátur með nýju bókina. Páll tekur undir.

„Já, ritun bókarinnar var mjög skemmtileg og margs að minnast úr landgræðslufluginu, þetta var frábær tími, sem við höfum nú skráð í þessari glæsilegu bók.“

Bókin er 180 blaðsíður í stóru broti en það er bókaútgáfa Bjarna

Harðarsonar á Selfossi (Bókaútgáfan Sæmundur), sem gefur bókina út.

/MHH



Nýja bókinn fæst nú í öllum helstu bókaverslunum landsins. Hún er mjög aðgengileg í stóru broti með mikið af sögulegum ljósmyndum og skemmtilegum texta.

### Lely Center Ísland



#### KÚPLINGAR í flestar gerðir dráttarvéla

Reykjavík: Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.LCI.is  
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600



**FASTEIGNASALAN BÆR**  
www.fasteignasalan.is

Loftur Erlingsson Þarft þú að selja fasteign?  
Löggiltur fasteignasali Persónuleg þjónusta  
s. 896 9565 Fagleg vinnubrögð  
loftur@fasteignasalan.is

Fasteignasalan Bær • Austurvegi 26 • 800 Selfoss  
Sími: 512 3400 • www.fasteignasalan.is



**MaxiFlex®**

#### Maxiflex tækni í hönskum:

DURAtech® lengri ending.  
GRIPtech® betra grip.  
AIRtech® 360° öndun.  
ERGOtech® þynnri en sterkari.  
Ad-apt® minni sviti og kæling.



**KH VINNUFÖT**

Nethylur 2a, 110 Reykjavík | khvinnufot.is

### RÉTTUR



- Bílaréttingar
- Sprautun
- Tjónaviðgerðir

Hamarshöfði 10 - S. 587-6350

## Bændablaðið

Kemur næst út **27. maí**



ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA

Á BÍLSKÚRS- OG IÐNAÐARHURÐUM

**ISHURÐIR**

www.ishurdir.is

564-0013 | 865-1237

## LED perur fyrir Flúrlampa!

Sparaðu rafmagn með því að skipta yfir í LED perur

- Alveg ekta fyrir vörugymslur, bílageymslur og annað athafnasvæði



Þessar LED perur ganga beint í flúrlampa - bara að taka gömlu peruna og startaran úr og setja nýju LED peruna í.

- 60 CM LED pera 9w - 4000K hvít: **Verð kr. 1.400**

- 120 CM LED pera 18w - 4000K hvít: **Verð kr. 1.700**

- 150 CM LED pera 22w - 4000K hvít: **Verð kr. 2.000**

www.smhledljós.is

Upplýsingar fást hjá SMH Gróðurhús ehf. í síma **866-9693**  
Einnig eru nánari upplýsingar á Facebook: Gróðurhús SMH ehf og á nýrri vefsíðu: www.smhledljós.is/









## VÉLABÁSINN

# Hafsport bauð í skemmtilega bátaprófun

Hjörtur L. Jónsson  
liklegur@internet.is



Það er ekki oft sem mér er boðið að prófa eitthvað nýtt farartæki, en þegar það gerist segi ég yfirleitt já strax. Ég var eiginlega búinn að segja já áður en Þorvaldur náði að klára boðið um að prófa hraðbát frá Hafsport, þetta var eitthvað spennandi fyrir mig með alla mína tækjadellu.

*Léttur bátur og auðvelt að sjósetja*

Við hittumst seinnipart dags við höfnina í Kópavogi, en Þorvaldur kom með bátinn á kerru. Nafnið á bátinum er Kontra 450 cc og var útbúinn 50 hestafla tvígangsvél sem nær að skila bátinum á allt að 27 hnúta hraða (sem er um 50 km hraði á klukkustund).

Þorvaldur sá alfarið um sjósetninguna sem virtist vera mjög auðveld og létt þrátt fyrir að báturinn væri um 460 kg með mótornum, eftir að slakað var á tóginu sem hélt bátinum föstum á kerrunni rann hann á rúllunum auðveldlega í sjóinn.

Áður en við fórum frá landi færði Þorvaldur mér þurrbúning (öryggisfatnað/flotbúning sem er finnskur goritex-galli og kostar 259.000). Þorvaldur þurfti að hjálpa mér að klæða mig í búninginn sem ég fór í yfir fötin sem ég var í, en þegar maður er búinn að læra á „gallann“ er lítið mál að klæða sig í hann án hjálpar.

*Öruggur, sterkur með mikið flot*

Kontra bátarnir eru með tvöfalda skel (ef gat kemur á ytra byrðið þá flýtur hann á innra byrðinu) og þó að báturinn fyllist af sjó eða vatni þá flýtur hann samt því að í plastefninu er svo mikið flot. Í bátinum sem ég prófaði voru geymslukassar í hliðunum sem hægt er að nota til að sitja á.

Veðrið var frekar gott, en aðeins undiralda, í svona sjólagi vilja litlir bátar velta mikið, en það virtist sama hvernig maður beitti bátinum í ölduna hann hreyfðist nánast ekki neitt.

Við fórum í hringi á mikilli ferð og bjuggum til skarpar öldur, en sama hvað reynt var á



Mér leiddist ekki í skipstjórahlutverkinu.

Myndir / HLJ



Þessi bátur er með sex kassa sem eru bæði geymslur og sæti.



Skipstjórásætið var mjúkt og þægilegt.



Fyrir utan Hafsport eru margar stærðir til að skoða.



Auðvelt að sjósetja bátinn fyrir einn mann.

stöðugleikann, báturinn einfaldlega haggadist ekki. Þorvaldur sagði mér að hann hafi verið í þessum báti með 5 félögum sínum við sportköfun og báturinn bar þá vel alla sex ásamt köfunarbúnaðinum (Myndi giska á að það hafi verið nálægt 800 kg farmur).

*Svona útbúinn kostar báturinn um 3,5 milljónir*

Þegar við vorum tveir í bátinum sá ég að við fórum hraðast á tæplega 27 hnúta hraða, en þegar ég var einn á bátinum prófaði ég ýmsan hraða, og fannst mér báturinn fara best með mig á hraða á milli 19 og 22 hnúta (35-40 km hraði).

Sætið sem er fyrir þann sem stýrir bátinum er sérhannað til að fjaðra og taka af högg í öldustappi. Báturinn sem prófaður var er sá stærsti af Kontra bátum og heitir 450 cc. Hann kostar án vélar 2.990.000, báturinn sem var prófaður var með 50 hestafla tvígangsvél. Hentugasta vélin í bátinn er 60 hestafla fjórgangsvél. Ýmsa aukahluti er hægt að fá í bátinn og þarf hver og einn að raða eftir sínum hentugleika s.s. sæti eða geymslukassa og fleira.

*Margt forvitnilegt til á lager hjá Hafsport*

Áður en ég yfirgaf Hafsport sýndi Þorvaldur mér það helsta sem til er af bátum á lager og aukahlutum tengdum bátasporti. Á útisvæði verslunarinnar eru margir bátar,



Sæti í stað kassanna er líka í boði.

en sá sem prófaður var er þeirra stærstur og mikið seldur til björgunarsveita.

Þarna mátti sjá báta sem ætlaðir eru fyrir ýmsar stærðir véla niður í litla árabáta. Vinsælastur er Kontra 400 sem kostar nálægt 1.000.000 kr. með kerru, en án vélar.

Inni í búðinni var mikið til, utanborðsmótorar, köfunarvörur og ýmis öryggisbúnaður fyrir bátasport ásamt fleiru. Allavega fannst mér nóg til sem hægt var að skoða. Hægt er að fræðast betur um báta frá Hafsport á vefsíðunni [www.hafsport.is](http://www.hafsport.is).








HANNYRÐAHORNID

# Ullarvikuhúfa



Nokkrir uppskriftahönnuðir hafa sammælt um að senda uppskriftir í Bændablaðið sem mæla með íslensku garni í uppskriftirnar. Hér kemur sú fyrsta úr smíðju Margrétar Jónsdóttur.

- Efni:** 50-60 gr Þingborgarlopi eða hulduband frá Uppspuna í aðallit
- 15-20 gr Þingborgarlopi eða hulduband frá Uppspuna í mynstur
- 40 eða 50 cm langir hringprjónar nr 4 og 5
- Sokkaprjónar nr 5
- Prjónafesta:** 22 umf og 151 = 10 x 10 cm
- Gætið að prjónafestu og notið minni eða stærri prjóna ef þarf. Eins ef notað er annað band eða lopi en hér er mælt með.
- Húfan** Fitjið upp á hringprjón nr 4 80-90 lykkjur í aðallit og prjónið stroff 8 umferðir, sjá teikningu. (Ef þétt er prjónað þarf að bæta 10 lykkjum við stærðina þegar prjónað er úr huldubandi)
- Hægt er að hafa stroffið breiðara ef vill og hafa húfuna þannig dýpri eða bretta upp á. Þegar stroffi lýkur er skipt yfir á hringprjón nr 5.
- Prjónið áfram eftir teikningunni. Skiftið yfir á sokka-prjónana þegar hringprjóninn verður of langur í úrtökunni. Þegar 16 lykkjur eru eftir á prjóninum er slitið frá og spottinn hafður 30-40 cm langur. Notið nál til að þræða í gegnum lykkjurnar, fyrst í gegnum lykkjurnar í aðallit og hinar geymdar á prjónum á meðan og þræðið svo í gegnum þær líka og dragið prjóninn úr, gangið vel frá öllum endum að innan-verðu.
- Þvoið húfuna í höndunum í mildu sápuvatni, kreistið vatnið vel úr og leggið til þerris.
- Notið hugmyndaflugið til að skreyta húfuna í toppinn.



brugðin lykkja   
  Aðallitur   
  Engin lykkja   
  Mynsturlitur

**x x x**  
 Úrtaka: 3 lykkjur eru prjónaðar saman þannig að 2 lykkjur eru teknar í einu óprjónaðar, næsta lykkja er prjónuð og hinum tveimur er steypt yfir báðum í einu. Þannig kemur miðjulykkjan fremst,

**Létt**

				3	
5			3		9 1
		9		5	
			1		4
		3		8	
2		6	7		3
9 2			5		
			6		5
	4	9		7	

**Miðlungs**

7				8		
		2		6 9		7
			1	4		
		5		2		1
		2			5	6
		8 7				9
				4		9
9					1	
	3 8				6	

**Pung**

			1	5	2
			5	9	
		7			6
	1		6		5
	6 3		5 2		
	8		2		9
6				8	
			7 2		
4	3		8		

**Þyngst**

	6		1			
		5		9		2
			6	7		9
		4			1	3
	1					6
5		8			9	
	8		4	1		
9				6	8	
				3	2	

## Sudoku

Galdurinn við Sudoku-þrautirnar er að setja réttar tölur, frá 1–9, í eyðurnar. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar í línu lárétt og lóðrétt og heldur ekki innan hvers reits sem afmarkaður er af sverari línunum.

## VIÐ ÆTLUM AÐ HALDA ULLARVIKU

Ullarvika á Suðurlandi verður að veruleika 3.-9. október 2021. Fylgist með dagskrá og framvindu á ullarvikan.is



ÞINGBORG ULLARVINNSLA



## Bændablaðið Smáauglýsingar 56-30-300

**ÓDÝR**  
gleraugu umgjörð og gler

Gleraugu með glampa og rispúvörn  
**19.900 kr.**  
 Sérsmíðum samdægurs í styrk +/- 6,0 með cyl. til 2,0

Margskipt gleraugu  
**39.900 kr.**  
 Margskipt gler frá Essilor (afgreiðslutími +/- tvær vikur)


**Hamrahlíð 17**  
 Hús Blindrafélagsins  
 Sími • 552-2002

**OPTIC**  
 REYKJAVÍK  
 SJÓNTÆKJAVERSLUN

## FÓLKID SEM ERFIR LANDIÐ

# Tók á móti tveimur lömbum

Dagrún Dröfn býr á Króknum ásamt foreldrum sínum, Gunnari og Klöru, og systur sinni, Glódísi, 11 ára. Dagrún er mjög fjörug og skemmtileg stelpa sem hefur alltaf nóg að gera.



Uppáhaldskvikmynd: Matilda.

Henni finnst geggjað að fara á Gauksstaði á Skaga og Bólu í Blönduhlíð og brasa heilan helling þar. Enda fer sauðburðurinn hjá Fríðu frænku á Gauk að byrja. Hún tók á móti tveimur lömbum í fyrra og ætlar að taka á móti fleirum í ár. Í Bólu vilja þær byggja kofa í sumar, taka endalausea rúnta á krossaranum og fara að vaða og veiða.

**Fyrsta minning þín?** Þegar vinkona mín fékk blóðnasir þegar við vorum 4 ára í leikskóla.

**Nafn:** Dagrún Dröfn Gunnarsdóttir.

**Æfir þú íþróttir eða spilarðu á hljóðfæri?** Já, æfi fótbolta og körfubolta.

**Aldur:** Verð 10 ára, 9. júní nk.

**Stjörnumerki:** Tvíbur.

**Hvað ætlar þú að verða þegar þú verður stór?** Hárgreiðslukona eða vinna á Lemon.

**Búseta:** Freyjugata 42 á Sauðárkróki.

**Skóli:** Árskóli.

**Hvað finnst þér skemmtilegast í skólanum?** Stærðfræði og útiþróttir.

**Hvað er það klikkaðasta sem þú hefur gert?** Prjóna með pabba á sleðanum hans.

**Hvert er uppáhaldsdýrið þitt?** Hestur.

**Hvað gerðir þú skemmtilegt um páskana?** Við spilum, fórum á sleða, út að renna, í heita pottinn og elduðum góðan mat.

**Uppáhaldsmatur:** Svínakjötsneiðar með kartöflusalati.

**Næst »** Ég skora á Ísak Hrafn að svara næst.

**Uppáhaldshljómveit:** Tíesto.

## SAMFÉLAGSRÝNI

# Vindorkuver á Íslandi – nei takk

Vindorka er auðlind í eigu allra Íslendinga. Af þeirri ástæðu á nýtingin að vera með samræmdum hætti alls staðar á landinu. Ef það verður stefna stjórnvalda að hér megi reisa vindorkuver að þá verður að fjalla um þau öll í rammaáætlun. Því er fráleitt að einstaklingar, fyrirtæki eða einstaka sveitarstjórnir geti tekið sér rétt til að nýta þessa náttúruauðlind og með því að valda íbúum og náttúrunni skaða og óþægindum. Vindorkuver munu skaða ferðapjónustu og útivist og lækka verð á fasteignum í þeim sveitarfélögum þar sem vindorkuver kunna að rísa og jafnvel utan þeirra.

Það er engu líkara en runnið hafi æði á fyrirtæki og rafmagnsriðdara sem vilja reisa vindorkuver víða um land. Á fjórða tug aðila hafa leitað til Orkustofnunar og óskað eftir heimild til að reisa vindorkuver. Svo virðist sem fjárfestar og aðrir vilji festa sér hagstætt staði í landinu þrátt fyrir að undirbúningur margra þeirra virðist vera afar skammt kominn. En á hinn bóginn eru mörg vindorkuver fullhönnuð og fimm þeirra hafa hlotið afgreiðslu í drögum að tillögu um 4. áfanga rammaáætlunar. Tvö voru sett í biðflokk en þrjú í nýtingarflokk. Það veur einnig furðu hversu langt undirbúningur er kominn í uppbyggingu nokkurra vindorkuvera án þess að nokkur kynning hafi átt sér stað til sveitarstjórna og íbúa hlutaðeigandi byggða.

## Erlend fyrirtæki koma á íslenskan raforkumarkað

Meirihluti fyrirhugaðra vindorkuvera virðist vera í eigu erlendra fyrirtækja með hérlanda samverkamenn – rafmagnsvikinga. Stórfellt erlent eignarhald á raforkuframleiðslu hér á landi hlýtur að vera stjórnvöldum og þjóðinni allri umhugsunarefni. Lætur nærri að ef öll þessi vindorkuver verða að veruleika væri uppsett afl mun meira en öll raforkuframleiðslan landsins um þessar mundir. Hvað á að gera við alla þessa orku og hverjir ætla að kaupa hana?

## Svipuð hæð og á þremur Hallgrímskirkjuturnum!

Rannsóknir sýna að ferðamenn sækja Ísland heim fyrst og fremst vegna upplifunar af lítt spilltri náttúru og víðerni. Verði farið út á þá braut að byggja hér vindorkuver skaðast verðmæt ímynd landsins verulega. Ímynd sem verður verðmætari fyrir þjóðarþúíð þegar fram líða stundir.

Vindorkuverum fjölga ört í allri Evrópu og víða um heim, þar sem verulegur skortur er á orku sem framleidd er með umhverfisvænni hætti. Við erum svo lánsöm að þurfa ekki á þessari lausn að halda hér á landi. Í vaxandi mæli eru vindorkuver erlendis staðsett á grunnsævi við strandríki vegna andstöðu íbúa sem verða fyrir barðinu á vindorkuverum á landi. Vindmyllur eru alltaf mjög áberandi í landslagi og geta aldrei annað en haft mjög mikil sjónræn áhrif. Erlendis er talið að vindorkuverin, svipuð þeim sem nú eru fyrirhuguð hér á landi, sjáist í



Sveinn Runólfsson.




Vindmyllur nútímans eru engin smásmíði. Hæð svona mannvirkja samsvarar því að þremur Hallgrímskirkjuturnum sé staflað hverjum ofan á annan.


að minnsta kosti 40 km fjarlægð og jafnvel í allt að 50 km. Vindmyllur nútímans eru engin smásmíði. Hæð svona mannvirkja samsvarar því að þremur Hallgrímskirkjuturnum sé staflað hverjum ofan á annan.

## Heilsuspillandi áhrif á íbúa

Vindorkuver hafa margvísleg áhrif, ekki bara á náttúruna og ásýnd lands, heldur einnig á heilsu fólks, samfélög og atvinnugreinar sérstaklega ferðapjónustu og útivist. Í allri þeirri hvatningu til nýtingar á vindorku sem kemur fram m.a. á Alþingi, virðist hvergi vera minnst á þá hættu sem fólki, sem býr í nálægð vindorkuvera stafar af lágtíðnihljóði, taktföstu hljóði, skuggavarp og ljósflókti frá



Kort af sýnileika vindorkuvers á Alvíðru í Borgarfirði. Höfundur korta er David Christopher Ostman sem hann vann fyrir 4. áfanga rammaáætlunar.



Sýnileiki vindorkugarðs í Garpsdal.



Vindmyllugarður í Roger Crofts í Skotlandi.

þeim. Lítið hefur farið fyrir þeirri staðreynd að vindmyllur drepa fugla í miklum mæli. Bændablaðið greindi t.d. frá því fyrir á árinu að vindmyllur hafi drepið á annað hundrað haferni í Noregi síðan 2006.

Staðsetning vindmylla og vindorkuvera í byggð hefur mikil og víðtæk búsetuáhrif. Hætt er við að fólk muni síður setjast að á þeim svæðum þar sem sveitarstjórnir kunna að heimila uppsetningu vindorkuvera og þeir sem fyrir eru munu frekar flýja þá staði ef þeir mögulega geta. Víti til varnaðar er uppsetning tveggja vindmylla fyrir nokkrum árum við byggðina í Þykkvabæ. Þessar vindmyllur eru þó mun lægri en vindmyllurnar sem rætt hefur verið um að reisa hér á landi.

Þrátt fyrir að vindmyllurnar í Þykkvabænum hafi verið óstarfhæfar síðustu misserin hafa þær

ekki verið fjarlægðar og eru öllum til ama. Samkvæmt erlendum rannsóknum þá leikur enginn vafi á því að þær hefðu haft heilsuspillandi áhrif á íbúa þeirra húsa sem næst þeim eru, ef þær hefðu haldið orkuvinnslu áfram. Íbúar Þykkvabæjar gleðjast þó yfir að gnýrinn frá þeim angrar þá ekki lengur.

## Móta þarf stefnu um nýtingu vindorku á Íslandi

Nýlega lagði umhverfis- og auðlindaráðherra fram á Alþingi tillögu til þingsályktunar um endurskoðaða landsskipulagsstefnu 2015–2026. Þar er ekki annað að sjá en sveitarfélögin eigi að hafa algjört frumkvæði og ákvörðunarvald um leyfi fyrir vindorkuverum, hvert á sínu svæði og taki þá mið af leiðbeiningum Skipulagsstofnunar og væntanlega öðrum þáttum.

Í tillögu Skipulagsstofnunar að víska við Landsskipulagsstefnu 2015–2026 til umhverfis- og auðlindaráðherra, febrúar 2021, segir m.a.: „Nýting vindorku er nýtt viðfangsefni í skipulagi og umhverfismati hér á landi sem fylgja nýjar áskoranir, ekki síst varðandi áhrif á landslag. Stefna um slíka nýtingu er mikilvæg fyrir ákvarðanatöku sveitarfélaga og hafa sveitarfélög ítrekað kallað eftir skýrri stefnu og leiðsögn um þetta efni.“ – Enn fremur segir þar:

„Tilfni þykir til að mæla fyrir um gerð leiðbeininga, þar sem áherslur landsskipulagsstefnu verði nánar útskýrðar og þannig stuðlað enn frekar að vandaðri og samræmdri vinnu við greiningu umhverfisáhrifa vindorkuvera og stefnumótun um vindorkuver í skipulagsáætlunum.“

Það vantar því ekki aðeins heildarsýn fyrir landið allt heldur einnig yfir hvar vindorkuver eiga **alls ekki að vera** með tilliti til áhrifa á landslag. Enn fremur vantar sárlega leiðsögn og „tæki“ fyrir sveitarstjórnir til að taka vandaðar og samræmdar ákvarðanir um nýtingu vindorku. Á meðan framangreint liggur ekki fyrir eiga sveitarstjórnir aðeins þann kost að hafna öllum hugmyndum um vindorkuver eða fresta ákvörðunum. Annað er ekki góð stjórnsýsla og almenningur á að veita sveitarstjórnir aðhald hvað það varðar. Sveitarstjórn Hörgársveitar hefur nú riðið á vaðið og samþykkt að hafna öllum hugmyndum um vindorkuver í sveitarfélaginu, til hamingju, sveitarstjórnarfolk. Til skýringar er rétt að geta þess að Vinðheimavirkjun var sett í nýtingarflokk í 4. áfanga rammaáætlunar, en nú alfaríð hafnað í sveitarstjórn.

## Vindorkuver eiga ekki heima á Íslandi

Vegna hagsmuna ferðapjónustunnar, útivistarfólks og allra náttúruunnenda er mjög mikilvægt að forðast að vindorkuver verði einkennandi landslagsfyrirbæri á Íslandi. Til þess að varðveita sérstöðu íslensks landslags er ljóst að það fyrirfinnst enginn staður hér á landi þar sem vindorkuver geta verið í sátt við náttúruna og okkur sjálf. Alþingi ætti að taka þá ákvörðun að vindorkuver verði ekki reist hér á landi. Slík ákvörðun kemur í veg fyrir óafturkræf umhverfisslys.

Sveinn Runólfsson, er fyrrverandi landgræðslustjóri.

Bændablaðið  
Kemur næst út

27.  
maí

# HITA KÚTAR

Amerísk gæða framleiðsla

30-450 lítrar

Umboðsmenn um land allt

## RAFVÖRUR

DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI  
SÍMI 568 6411 · RAFVÖRUR@RAFVÖRUR.IS

## CYLTECH

TJAKKALAUSNIR

Cyltech tjakkalausnir er framsækið þjónustuverkstæði sem býður upp á sérhæfða þjónustu er tengist viðgerðum og nýsmíði á glussa- og lofttjökkum.

**Mikið magn varahluta til á lager.**

Bjóðum einnig upp á almenna renni- og stálsmíði.

Frekari upplýsingar á [Cyltech.is](http://Cyltech.is) eða 895-2920

## Svampur.is

Bjóðum uppá sérsniðnar svampdýnur og bólstrun fyrir:

- Tjaldvagninn • Fellihýsið
- Húsbílinn • Bátinn
- Hjólhýsið • Sumarhúsið
- Heimilið o.m.fl!

**Fljót og góð þjónusta**

Svampur.is • Vagnhöfða 14 Reykjavík  
Símar 567 9550 og 858 0321

## Rafhitarar

í skip, hús og sumarhús

### Ryðfrír neysluvatnshitarar með 12 ára ábyrgð

Hitöld (element), hitastillar, hitastýringar og flest annað til rafhitunar

Við erum sérfræðingar í öllu sem viðkemur rafhitun.



## Rafhitun

Kaplahrauni 19 • Hafnarfirði  
Sími: 565 3265  
rafhitun@rafhitun.is • www.rafhitun.is

# Smáauglýsingar

Sími: 563 0300 | Netfang: augl@bondi.is | Veffang: www.bbl.is

Hægt er að skrá auglýsingar og greiða með auðveldum hætti á bbl.is

**Verð:** Textaauglýsing kr. 2.500 m. vsk (innan við 140 slög) og kr. 5.900 texti + mynd.

**Skilafrestur:** Fyrir kl. 16.00 á þriðjudegi fyrir útgáfu.



Varahlutir óskast í Ford 550/555 traktorsgröfu. Stýrimaskínu (servo) vantar bráðnaðsýnlega sem allra fyrst en aðrir partar gætu komið sér vel í sveitinni, t.d. rúður til varnar í norðanátt. Kemur til greina að kaupa gamla vél í heilu lagi. Uppl. í síma 663-4898, Villi.



Reiðskóli óskar eftir þægum hestum til kaups, allur aldur og allt ganglag kemur til greina. Uppl. í síma 865-4347, Sigurður.



Háprýstidælur fyrir verktaka og iðnaðarmenn. Margar stærðir með bensín eða dísil. 500 Bar, flæði 21 L/mín. 700 Bar, flæði 15 L/mín. Vatshitarar fyrir háprýstidælur. Vandaður búnaður frá Comet - www.comet-spa.com. Hákonarson ehf. hak@hak.is - sími 892-4163.



Taðklær á lager. Breiddir: 1,2 m - 1,5 m - 1,8 m. Euro-festingar og slöngur fylgja. Sterkar og vandaðar greipar og þétt á milli tinda. Hákonarson ehf. Sími 892-4163. Netfang: hak@hak.is - www.hak.is



Er ástin handan við hornið? Finndu félagskap fyrir framtíðina á [deit.is](http://deit.is) - 30 daga áskrift kostar aðeins 999 kr. Skráðu þig á [deit.is](http://deit.is)



Glussaknúnar vatnsdælur fyrir tankbíla og vinnuvélar. Sjálfsgandi dælur í mörgum stærðum sem dæla allt að 120 tonnum á klst. Einnig dælur með miklum þrýstingi, allt að 10 bar. Hákonarson ehf, sími 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Rafstöðvar með original Honda-vélum og Yanmar-dísil á lager. Stöðvarnar eru frá Elcos Srl. á Ítalíu, www.elcos.net. Eignum einnig hljóðlátar stöðvar fyrir ferðavagna. Við bjóðum upp á allar gerðir af rafstöðvum. Mjög hagstætt verð. Hákonarson ehf., www.hak.is, sími 892-4163, netfang: hak@hak.is



Bretttagafflar með Euro-festingum. Burðargeta 2.000 kg. Lengd á göfllum 120 cm. Rammi, gataður fyrir rúlluspjót. Til á lager. Einnig með glussafærslu. Hákonarson ehf. Sími 892-4163 - hak@hak.is



Gröfuarmar á ámoksturstaeki. Gröfudýpt, 1,5 m eða 2,0 m. Færsla til beggja hliða. Allar festingar í boði. Vandaður búnaður frá Póllandi. Hákonarson ehf. Sími 892-4163 - hak@hak.is



Backhoe fyrir dráttarvélar og hjóla-skóflur. Margar stærðir. Gröfudýpt: 1,3 - 4,2 metrar. Margar stærðir af skóflum og öðrum aukabúnaði. Hákonarson ehf. Sími 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Traktorsdrifnar dælur í mörgum útfærslum og stærðum á lager. Sjálfsgandi dælur í mörgum stærðum fyrir magndælingu á vatni, skolpi, sjó, olíu. Háprýstardælur fyrir vökvun og niðurbrot í haughúsum. Slöngubúnaður með hraðkúplingum, flatir barkar á frábæru verði, 2" - 3" - 4". Allur búnaður fyrir vökvun á ræktunarsvæðum. Haugdælur með vacuüm-búnaði. Aðrir aflagjafar: rafmagn, bensín/dísil, glussaknúnar (mjög háprýstar). Við sérhæfum okkur í öllu sem viðkemur dælum fyrir iðnað og heimili. Gerum einnig við allar dælur. Hákonarson ehf. Uppl. í síma 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Glussadrifnar gólfhræður. Vinnudýpt: 1,9 m. Stærð á skrúfu: 48 cm. Rotor: 12 kW. Glussaflæði: 75 L/mín. 20 m af glussaslöngum fylgja. Mesta hæð frá gólfi: 2 m. Burðarvirki: Heitgalf / SS stál. Hákonarson ehf. Sími 892-4163. Netfang: hak@hak.is



Háprýstipvottadælur fyrir allan iðnað. Öflugar og vandaðar dælur á frábæru verði frá Comet, www.comet-spa.com. Aflgjafar; rafmagn, Honda-bensín, Yanmar-dísil, aflurtak á traktor. Heitt og kalt vatn, mikið vatnsflæði og þrýstingur allt að 500 bar. Hákonarson ehf. Uppl. í síma 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Sjálfsgandi dælur úr sjóþolnum kopar eða ryðfríu stáli. Stærðir: 1" , 2" , 3" , 4". Aflgjafar: Rafmagn, bensín, dísil, glussi, traktor. Framleiðandi: GMP Ítalíu. Hákonarson ehf. Sími 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Sjálfsgandi dælur frá Japan (Koshin). Fyrir vatn, skolp, mjög óhreint vatn (trash). 2" , 3" , 4". Original Honda-vélar með smuruliúryggi. Hákonarson ehf. Sími 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Kjallaradælur fyrir klósett. Öflugur hnifur. Mótórar staðsettir fyrir utan votrymi. Inntak fyrir vask, sturtu, baðkar. Margar stærðir sem henta fyrir íbúðar- og atvinnuhúsnæði. Mjög öflugur og vandaður búnaður. Hákonarson ehf. Sími 892-4163, hak@hak.is

## LANDSTÓLPI

Sauðfjárnætur!  
Athugið!



SAUÐBURÐARGRINDUR  
Lengdir:  
1.830mm - Verð kr. 10.503 m/vsk  
1.525mm - Verð kr. 9.703 m/vsk



HLIÐGRINDUR  
Margar stærðir í boði.  
Á flottu verði!  
Með og án nets.



HEYGRIND  
Verð kr. 48.603 m/vsk.  
1500mm L x 1000mm D x 1500mm H



RÚLLUGJAFARINGUR  
Fyrir sauðfé  
Ummál: 1600mm - Hæð: 915mm  
Verð kr. 39.113 m/vsk.



HEYGRIND  
Lengd 1400mm  
Verð kr. 13.101 m/vsk.  
Lengd 1800mm  
Verð kr. 15.600 m/vsk.

Allt fyrir sauðburðinn!



## LANDSTÓLPI

Gunnbjarnarholti, 804 Selfossi  
480 5600  
www.landstolpi.is  
landstolpi@landstolpi.is








### Faun glussa krani til sölu

Faun RTF- 40 - 3. Vinnu-  
vélastundir: 20.931.  
KM staða: 25.031.

Verð: 5.600.000kr + vsk.



### Borvagn, Atlas Copco

Árgerð: 2000.

Verð: 6.900.000kr + vsk.

Áhugasamir hafið samband  
í síma 660 0040 eða á  
[urdoggrjot@urdoggrjot.is](mailto:urdoggrjot@urdoggrjot.is)

**URÐ OG GRJÓT**

[www.bbl.is](http://www.bbl.is)



Álbrautir fyrir kerruna. Parið frá 400  
kg í burðargetu og allt að 4.060 kg.  
Ymsar lengdir. Parið frá kr. 19.900  
m.vsk. Sendum um land allt. Brimco  
ehf. Efribraut 6, Mos. Sími 894-  
5111, opið frá kl. 13.00-16.30 - [www.brimco.is](http://www.brimco.is)



Seljum vara- og aukahluti í flestar  
gerðir af kerrum. Sendum um land  
allt. Brimco ehf. Sími 894-5111. Opið  
frá kl. 13.00-16.30 - [www.brimco.is](http://www.brimco.is)



Weckman sturtuvagnar. 9 tonna:  
verð kr. 1.660.000 með vsk (kr.  
1.339.000 án vsk). 11 tonna: verð  
kr. 1.790.000 með vsk (kr. 1.444.000  
án vsk). 13 tonna: verð kr. 2.142.000  
með vsk (kr. 1.728.000 án vsk). H.  
Hauksson ehf. Sími 588-1130.



Rullugreip/faðmgreip. Verð kr.  
184.000 með vsk. H. Hauksson ehf.  
Sími 588-1130.



Bialyftur, tveggja pósta bílalyfta  
4,0 tn. rafm.læsingar. Verð 598.000  
m.vsk. Brimco ehf. Efribraut 6, Mosf.  
Sími 894-5111 opið frá kl. 13.00-  
16.30 [www.brimco.is](http://www.brimco.is)



Bretttagafflar. Burður 2.500 kg. Euro-  
festingar. Glussaopnun. Verð kr.  
225.000 m. vsk. H. Hauksson ehf.  
Sími 588-1130.



Rullugreip á þrítengi. Verð kr. 83.000  
með vsk. (kr. 64.000 án vsk.) H.  
Hauksson ehf. S. 588-1130.



Taðgreipar. Breidd 1,2 m. Verð kr.  
198.000 m. vsk. Breidd 1,4 m. Verð  
kr. 220.000 m. vsk. Breidd 1,8 m.  
Verð kr. 255.000 m. vsk. H. Hauks-  
son ehf., uppl. í síma 588-1130.



Stórbaggagreip. Verð kr. 245.000 m.  
vsk. H. Hauksson ehf., uppl. í síma  
588-1130.



Sjö tonna sturtuvagn. Verð kr.  
1.427.000 m/vsk. (kr. 1.150.000 án  
vsk.) H. Hauksson ehf. Sími 588-1130.



Ertu fullveldissinni? Kynntu þér Félag  
Sjálfstæðismanna um fullveldismál.  
Nýir félagar ávallt velkomnir í hóp-  
inn: <https://fullveldisfelagid.is/> og á  
Facebook: <https://www.facebook.com/groups/fullveldi>



HÁ Verslun ehf. er nýr dreifingaraðili  
fyrir Husqvarna á Íslandi. HÁ Verslun  
ehf., Víkurhvarfi 4, 203 Kópavogi.  
Uppl. í sínum 588-0028 og 897-  
3650. Netfang: [haverslun@haverslun.is](mailto:haverslun@haverslun.is) - Við erum líka á Facebook!

## Til sölu

Ný ónotuð varmaæla, NIBE F750  
fyrir 80-200 m<sup>2</sup> hús. Loft í vatn.  
þriggja fasa. 170 l neyðsluvatnstankur.  
10,25 Kw. Kostar ný um 1,2 m. án  
vsk. hjá umboðinu. Fæst á 1,0 m.  
án vsk. Er staðsett í Mývatnssveit.  
Uppl. í síma 894-3433.

12 v raforkuver ofl. til sölu. Saman-  
stendur af vindrafstöð og stjórn-  
stöð, mastur getur fylgt, 185w  
Sunwind-sólarsellu og stjórnstöð,  
undirstaða getur fylgt, 2 x rafgeym-  
um, 2,2 kw rafstöð, 32" Grundig  
sjónvarp og 110L sunwind ísskápur  
með litlum frysti. Sólarsella, ísskápur  
og sjónvarp er ársgamalt. Tilvalið í  
skála eða bústaði langt frá rafmagni.  
Selst allt í einum pakka. Staðsett á  
Norðurlandi. Uppl. í síma 840-2921.

Til sölu Bronco, árg. '66. Einnig  
IMT dráttarvél, 60 hö með nýjum  
dekkjum. Uppl. í síma 865-0436.

Til sölu haugsuga Hispec, árg. '97,  
5300 lítra. Uppl. í síma 690-9866.

BORO 7525U- einföld, létt og góð  
eins öxla kerra með sturtu. Hentar  
vel fyrir fjórhjól, golfbíl o.fl. Mál  
250x132 cm. Verð 230.000. Uppl.  
í síma 837-7750.

## LÚSMÝ, LÚSMÝ LÚSMÝ

[www.ölfus.is](http://www.ölfus.is)

Upplýsingar í síma 895-9801

## Lely Center Ísland



EURO - TRIMA - ALÖ  
Ásuðufestingar

Reykjavík: Krókháls 5F - Sími 414 0000 - [www.lci.is](http://www.lci.is)  
Akureyri: Óðinsnes 2 - Sími 464 8600

## MEIRAPRÓF



## FJARKENNSLA

Næsta námskeið hefst  
fimmtudag 27. maí.

Nánari upplýsingar  
og skráning inná

[www.aktu.is](http://www.aktu.is)

**AKTÚ**  
ÖKUSKÓLI



## Gróðurhúsaplast fyrir íslenskar aðstæður

Ylplast / Gróðurhúsaplast eru margra laga  
plastplötur úr polycarbonate, með gott  
einangrunargildi. Plöturnar henta mjög vel  
fyrir stórar og smáar byggingar.


Þykktir á lager eru 6, 10 og 16 mm, í glæru og  
hvítlituðu (opallitað). Hægt að útvega aðrar þykktir og liti.

Selt í heilum plötum, og einnig niðurskorið að þínum þörfum.

Að auki bjóðum upp á alla fylgihluti fyrir uppsetningu,  
svo sem gúmílista állista, dropalista, öndunartape og áltape.

Þekking, reynsla, þjónusta.

Nánari upplýsingar hjá söluráðgjöfum Fást í síma 587 6677.



Fást ehf

Köllunarklettsvegi 4,  
104 Reykjavík

Sími:  
587 6677

Netfang:  
fast@fast.is

[www.fast.is](http://www.fast.is)

Rotpró, 2600 l til sölu, einnig 10 stk. 110 mm rör + 3 stútar. Þetta er staðsett í landi Svartagils í Norðurárdal. Uppl. í síma 893-4385.

Hardy, 300 lítra garðúðunardæla með kefli til sölu. Nánari uppl. í síma 895-1244.

Til sölu ellefu þrepa stigi, tilboð óskast. Uppl. í sínum 898-1107 og 561-4207.

Timbur í fjárhúsgólf 32 x 100 mm. L = 4,8/5,1 m. Verð kr. 278 lm með vsk. 38 x 100 mm. L = 5,1/5,4 m. Verð kr. 330 lm með vsk H.Hauksson ehf., sími 588-1130, haukur@hauksson.is

### Atvinna

Girðingavinna á Norðurlandi vestra. Starfsmaður óskast í girðingavinnu í sumar, reynsla æskileg, fæði og húsnæði á staðnum. Uppl. í síma 868-6558.

Ég er stelpa sem er að verða 17 ára í júní og óska eftir vinnu í sveit í sumar. Ég er mjög áhugasöm um landbúnað og hef unnið ýmis störf í sveit. Hafið samband í síma 867-5342. Krístrún Lára.

Starfsmaður óskast til starfa á kúabúi í Landeyjum, nánari uppl. í síma 896-2566.

Vinna á fjöllum. Starfsmann vantar í vinnu í sumar. Starfið felst í skálavörslu og vinnu í kaffihúsi. Viðkomandi þarf að tala íslensku og ensku. Áhugasamir sendi nafn og símanúmer á netfangið vinnaafjollum@gmail.com

### Húsnæði

Laghentur maður óskar eftir íbúð um 40-50 fm og hobbíaðstöðu um 50-70 fm í nágrenni Rvk. Nánari uppl. í póstfanginu laghentur@outlook.com

### Spádómar

Símaspá 908-6116. Ástir - fjármál - heilsa.

### Þjónusta

Tek að mér viðgerðir á flestum tegundum sjálfskiptinga. Hafið samband í síma 663-9589 til að fá uppl. og tilboð. HP transmission, Akureyri. Netfang: einar.g9@gmail.com, Einar G.

Húnaþúð, lítið kaffihús með blóm og gjafavörur staðsett við Þjóðveg 1 á Blönduósi. Heimabakað bakkelsi að hætti Sillu. Verið velkomin.

## ÞARFNAST TJAKKURINN VIÐHALDS

### NÝSMÍÐI OG VIÐGERÐIR



Vönduð og góð þjónusta

# VHE

VHE • Melabraut 27 • Hafnarfjörður • Hraun 5 Reyðarfirði  
Sími 575 9700 • Fax 575 9701 • www.vhe.is • sala@vhe.is

## Sérniðin þjónusta að þínum þörfum




**Kristinn Sigurbjörnsson**  
Löggiltur fasteignasali og byggingafræðingur.  
Sími: 560-5502  
Netfang: kristinn@allt.is

## VILTU VERÐA SJÁLFBÆR Í MIÐLUN VATNS Á ÞÍNUM BÆ?

Fjölbreyttar lausnir í lagnakerfum þar sem enginn sérhæfð verkfæri þarf til uppsetningar.



**John Guest Speedfit** lagnakerfið er með hraðtengjum sem einfaldlega er smeltt sama. Lagnakerfið hefur verið vinsælt meðal bænda um allan heim vegna þess hve fljótlegt og hagkvæmt það er í uppsetningu.



Traktor TC238T Hestöfl: 18hp	Slátturóbot 315X Slær allt að 1500m2
550 XP MKII Hestöfl: 4,2hp	545RX Hestöfl: 3hp
LC353AWD Hestöfl: 4,8hp	Fatnaður og aukahlutir



## Allt fyrir garðsláttinn

Sláttutraktorar, sláttuvélar, slátturóbotar og margt fleira

MHG Verslun ehf / Vikurharfi 8 / 203 Kópavogi / S: 544-4656 / mhg.is



Meiri upplýsingar í síma 564-3000 loft.is

**SYSTEM'O** lagnakerfið er límt saman, þolir mikinn þrýsting og lágmarkar myndun lífrænnar filmu innan í rörum.

Einfalt og fljótlegt í uppsetningu.

- Skera
- Ydda
- Hreinsa
- Bera lím á báða fleti
- Þrýst saman

**LOFT & RAFTÆKI**  
Hjallabrekku 1 Dalbrekkumegin - 200 Kópavogi - 5643000 - www.loft.is



## Erum með varahluti og þjónustu fyrir allar JCB vélar

S: 527 2600

**Vélavit**  
Sala - Þjónusta  
www.velavit.is

# ÁSCO

Alpine hljómtæki – Fjarstart – Bakkmyndavélar  
Fjarlæsingar – Ísetningar á staðnum



Alternatorar og startar í miklu úrvali



Glergata 34b, 600 Akureyri • S4611092 • asco@asco.is BILARAFMAGN



**ELDUR**  
frá Torfunesi

# ELDUR FRÁ TORFUNESI

8,59 / 8,61 = 8,60

IS 2007166206

## 1. verðlauna stóðhestur

Eldur á nú 214 afkvæmi skráð í WorldFeng. 38 hafa hlotið fullnaðardóm, af þeim eru 23 með 1. verðlaun og 8 afkvæmi með 7,90-7,99.



Eldur og Mette Moe Mannseth 2013.



Eldur og Birta Ingadóttir. 2019.



Eldur og Sigurbjörn Bárðarson 2017.

„Eldur frá Torfunesi hefur verið að skila góðum afkvæmum til dóms á síðastliðnum árum, skrokkmjúkum og traustum í lund og virðist vera að gefa afar góða reiðhesta og svo afrekshross í bland.“

„Porvaldur Kristjánsson, hrossarættarráðunautur, 2020.“

Umsögn í Bændablaðinu.

## Nokkur afkvæmi Elds



**Mjallhvít frá Þverholtum**  
8,72 / 8,03 = 8,30 (6v)  
M: Mjöll frá Horni 1  
Efst á Heimsleikum 2019  
í flokki 5 vetra hryssna.



**Heljar frá Brekknakoti**  
8,18 / 8,39 = 8,32 (8v)  
10 fyrir prúðleika  
M: Kara frá Akureyri  
Keppnishross í Þýskalandi.



**Skálmöld frá Þúfum**  
8,41 / 8,36 = 8,38 (8v)  
M: Kyrrð frá Stangarholti  
Keppnishross í töltilti og fjörgangi.



**Hremmsa frá Álftagerði III**  
8,43 / 8,89 = 8,73 (8v)  
M: Gjálp frá Álftagerði IV  
Í hópi 10 hæstu dæmdu sumarið 2020.



**Þinur frá Enni**  
8,48 / 8,24 = 8,34 (7v)  
M: Sending frá Enni  
Keppnishross í fjörgangi og íþróttum.



**Eldey frá Strandarhjáleigu**  
8,22 / 8,60 = 8,45 (5v)  
M: Freyja frá Hvolsvelli  
Komin í ræktun.



**Eygló frá Þúfum**  
8,63 / 8,56 = 8,59 (4v)  
M: Happadís frá Stangarholti  
Hæsti dómur í heimi fyrir  
4 vetra hryssu.



**Lexía frá Breiðstöðum**  
8,15 / 8,19 = 8,17 (7v)  
M: Ófelía frá Breiðstöðum.



**Askur frá Holtsmúla I**  
8,19 / 8,15 = 8,17 (6v)  
M: Askja frá Þúfum  
í Landeyjum.



**Mánadís frá Feti**  
8,38 / 8,25 = 8,29 (5v)  
M: Vigdís frá Feti.



**Salka frá Litlu-Brekku**  
8,33 / 8,32 = 8,32 (8v)  
M: Stilla frá Litlu-Brekku  
Keppnishross í fimm gangi,  
töltilti og íþróttakeppni.



**Þruma frá Efri-Rauðalæk**  
8,06 / 8,36 = 8,24 (6v)  
M: Framtíð frá Bringu.



**Fjöður frá Stóra-Ási**  
8,14 / 8,15 = 8,15 (5v)  
M: Nóta frá Stóra-Ási  
Komin í ræktun.



**Elding frá Þúfum**  
8,43 / 8,15 = 8,26 (5v)  
M: Lýsing frá Þúfum  
Komin í ræktun.



**Eivör frá Hlíðarenda**  
8,32 / 8,45 = 8,40 (8v)  
M: Gerpla frá Hlíðarenda  
Keppnishross í fimm gangi.